8

Stöðugt framboð ferskra kryddjurta allan ársins hring

22–24

Stórátak í kolefnisbindingu

28–29

Baskar framleiða Txakoli-vín undir svæðisbundinni skilgreiningu


# Bændablaðið

13. tölublað 2019 • Fimmtudagur 11. júlí • Blað nr. 542 • 25. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is

Ný uppskera undan plastdúk er nú óvenju snemma á ferðinni í Þykkvabænum miðað við undanfarin ár. Vorið var mjög hagstætt og það sem af er sumri. Staðan í kartöflugörðum á Suðurlandi er því góð. Hér er Óskar Kristinsson, kartöflubóndi á Hellu, og afabarnið hans, Aron Ingi Kristinsson, með glænýjar kartöflur.

Sólríkt veður á Suður- og Vesturlandi hefur án efa átt sinn þátt í að auka sölu á lambakjöti til að grilla í vor. Mynd / HKr.

## Sala á kindakjöti í maí jókst um 3,1% milli ára

### – Gott grillveður gæti skýrt mikinn viðsnúning í sölu

**Sala á kindakjöti var 3,1% meiri í maí á þessu ári en í fyrra samkvæmt tölum Búnaðarstofu Matvælastofnunar.**

Sala á kindakjöti í maí sl. nam um 485 tonnum. Þá var ársfjórðungssalan á kindakjöti frá afurðastöðvum til verslana rúmlega 1.504 tonn, sem er 1,9% minni sala en á sama tímabili 2018. Heildarsalan á kindakjöti, þ.e. bæði af dilkum og fullorðnum ám, veturgömlum og hrútum nam á síðasta ári rúmlega 6.077 tonnum.

Miklar sveiflur hafa verið á milli mánaða í sölu á kindakjöti. Þannig dróst salan í apríl saman um 10,2% frá því sem hún var í sama mánuði 2018. Greinilegt er að gott grillveður á sunnan og vestanverðu landinu í maí hefur haft í för með sér viðsnúning í sölu á kindakjöti. Fróðlegt gæti því orðið að sjá tölur fyrir júní sem var afar sólríkur á vesturhluta landsins, en þær munu ekki liggja fyrir fyrr en undir lok júlí. */HKr.*

***− Nánar um kjötsöluna á bls. 4***

## Alifuglakjötið er langvinsælasta íslenska kjötafurðin með 33,7% markaðshlutdeild

### – Um 3,7% aukning var á sölu alifuglakjöts á milli ára í maí samkvæmt tölum Búnaðarstofu Mast

**Af kjötafurðum sem íslenskir bændur framleiða er alifuglakjötið greinilega langvinsælast með 33,7% hlutdeild í sölu.**

Samkvæmt tölum Búnaðarstofu Mast jókst salan á alifuglakjöti um 3,7% í maí 2019 miðað við söluna í maí 2018. Aukningin er þrátt fyrir 1,2% samdrátt í framleiðslu miðað við maí 2018.

Nú í maí seldust rétt tæp 887 tonn af alifuglakjöti. Langmest var selt af kjúklingakjöti í 1. flokki, eða rúm 762 tonn, sem er þó 0,3% samdráttur miðað við maí 2018. Fyrsta flokks kjúklingar vega þó þungt í heildarsölu alifuglakjöts, eða 91,6%.

***Samdráttur í 2. flokks kjúklingum og holdahænum***

Þá var mikill samdráttur milli ára í sölu á annars flokks kjúklingum í maí, eða -33,6%, en af þeim seldust rúm 27 tonn. Einnig var mikill samdráttur í sölu á holdahænum, eða -54,9%. Það vegur þó ekki mikið í heildarmyndinni þar sem einungis voru að seljast rúm 3,4 tonn af holdahænum, en þær eru ekki nema um 1% af heildarsölu íslensks alifuglakjöts.

***42,2% aukning í sölu á kalkúnakjöti***

Í alifuglakjötssölunni eru það kalkúnarnir sem eru hástökkvarar maímánaðar. Af þeim jókst salan um 42,2% miðað við sama mánuð í fyrra og seldust rúm 33,2 tonn. Þeir vega þó ekki ýkja þungt í heildarsölu íslensks alifuglakjöts, en eru samt með 3,3% markaðshlutdeild.

Kindakjöt er næstmest selda kjötafurðin í landinu og með 24% hlutdeild í sölu. Rétt á hæla kindakjötsins kemur svínakjöt með 23,4% markaðshlutdeild. Nautgripakjöt er svo í fjórða sæti með 16,5% hlutdeild og hrossakjöt með 2,4%.

***Þurfa að keppa við 1.000 tonna innflutning***

Heildarsala á íslensku alifuglakjöti í fyrra var rúm 9.804 tonn. Íslenskir alifuglabændur þurfa hins vegar eins og aðrir kjötframleiðendur að keppa við innflutt kjöt. Í fyrra voru flutt inn rúmlega 1.064 tonn af alifuglakjöti og þar af var kjúklingakjöt tæp 972 tonn.

***Óvissa og ótti vegna boðaðra breytinga á innflutningsreglum***

Svipuð staða er uppi hjá íslenskum alifuglabændum og svínabændum með tilliti til innflutnings. Hafa bændur lýst ótta sínum vegna nýrra laga og reglugerða varðandi heimildir til að flytja inn hrátt og ófrosið kjöt samkvæmt EES samningi. Breytingarnar eiga að taka gildi í haust. Telja þeir að það geti mögulega skekkt samkeppnisstöðuna verulega íslenskri framleiðslu í óhag. Fróðlegt verður því að fylgjast með framkvæmd væntanlegra lagabreytinga og því hvort boðaðar mótvægisaðgerðir nái að slá á ótta bænda. */HKr.*

FRÉTTIR

## Í lok maí var búið að fullnýta meira en hálfsárs tollkvóta ESB við Ísland í 6 flokkum landbúnaðarafurða:

# Innflutningur á kjúklingakjöti, svínakjöti og nautakjöti langt umfram tollkvóta

– einnig ostainnflutningur, en hlutfallslega var mest flutt inn af söltuðu, reyktu og þurrkuðu kjöti

**Á fyrstu fimm mánuðum ársins 2019 var búið að flytja inn meira en allan sex mánaða tollkvóta ESB við Ísland í 6 flokkum af landbúnaðarafurðum. Hlutfallslega hefur verið mest flutt inn af söltuðu, reyktu og þurrkuðu kjöti, svínakjöti, nautakjöti og osti.**

Í lok maí var búið að flytja inn 304.984 kg (tæp 305 tonn) af nautakjöti, en tollkvóti sem í gildi er á milli ESB og Íslands gerir ráð fyrir innflutningi á 199 tonnum á fyrstu sex mánuðum ársins. Er það 153% af tollkvóta.

### *Saltað, reykt og þurrkað langt umfram kvóta*

Hlutfallslega var búið að flytja mest inn í maí af söltuðu, reyktu og þurrkuðu kjöti miðað við sex mánaða tollkvóta, eða rúm 86 tonn sem er 173% af 50 tonna tollkvóta.

Af svínakjöti var búið að flytja inn í lok maí tæp 568 tonn, eða 162% af 350 tonna tollkvóta.

### *Mest flutt inn af kjúklingakjöti*

Í magni var innflutningur mestur á kjúklingakjöti á fyrstu fimm mánuðum ársins, eða rúm 575 tonn sem er 109% af 528 tonna tollkvóta fyrir sex mánuði ársins. Rétt er að taka fram að af þessum sex mánaða tollkvóta eru 100 tonn ætluð fyrir innflutning á lífrænt vottuðu alifuglakjöti.

### *Mikill innlfutningu á ostum*

Innflutningur á osti á fyrstu fimm mánuðum ársins fór einnig umtalsvert umfram tollkvóta. Þannig var búið að flytja inn rúm 238 tonn í lok maí sem er 132% af 180 tonna tollkvóta. Af þessum tollkvóta eru 65 tonn ætluð fyrir innflutning á upprunamerktum osti.

Meira var líka búið að flytja inn af unnum kjötvörum á fyrstu fimm mánuðum ársins en sex mánaða tollkvóti gerir ráð fyrir, eða tæp 180 tonn. Það er 134% af 145 tonna tollkvóta.

### *Minna af pylsum*

Talsvert vantaði aftur á móti upp á að búið væri að nýta tollkvóta fyrir pylsur í lok maí. Þá var búið að flytja inn rúmlega 62 tonn sem er einungis 50% af 125 tonna tollkvóta sem gildir fyrir fyrstu sex mánuði ársins.

Íslensku pylsurnar hafa greinilega slegið það duglega í gegn hjá neytendum að lítil þörf virðist vera fyrir pylsuinnflutning. */HKr.*

**Innflutningur á landbúnaðarafurðum á fyrstu fimm mánuðum 2019**

| Afurð | Innflutningur, janúar-mars 2019 í kg | fob | Innflutningur janúar til apríl 2019 | Cif verð í kr. | Innflutningur janúar til maí 2019 | Innflutningur, allt árið 2018 í kg | Innflutningur % af tollkvóta fyrstu 6 mán. | Tollkvóti ESB, janúar til júní 2019 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 2018 | Í lok maí 2019 | ESB, jan.-júní | |
| Nautakjöt | 173.787 | 259.235.976 | 239.396 | 265.073.402 | **304.984** | 829.940 | **153%** | **199.000** | |
| Svínakjöt | 285.736 | 133.843.267 | 334.479 | 140.355.506 | **567.768** | 904.579 | **162%** | **350.000** | |
| Kindakjöt | 491 | 622.518 | 491 | 680.551 | **5.498** | | | | |
| Kjúklingar | 314.972 | 156.043.869 | 408.959 | 162.860.458 | **575.429** | 971.688 | **109%** | **528.000** | * |
| Kalkúnakjöt | 5.410 | 3.510.143 | 10.410 | 3.658.916 | **10.410** | 92.559 | | | |
| Saltað, reykt og þurrkað kjöt | 67.954 | 83.123.666 | 76.689 | 87.395.561 | **86.377** | 100.489 | **173%** | **50.000** | |
| Mjólk, rjómi, þurrmjólk ofl. | 27.390 | 9.794.013 | 35.606 | 10.980.555 | **46.104** | 136.560 | | | |
| Jógúrt | 35.115 | 10.622.538 | 54.650 | 12.170.600 | **69.146** | | | | |
| Ostur | 128.959 | 155.309.362 | 178.696 | 166.130.147 | **238.316** | 511.511 | **132%** | **180.000** | ** |
| kartöflur | 152.009 | 10.193.747 | 164.135 | 12.432.168 | **465.363** | 1.179.385 | | | |
| Tómatar | 377.334 | 91.043.614 | 515.907 | 102.176.615 | **627.164** | 1.548.633 | | | |
| Gulrætur og næpur | 241.739 | 27.215.511 | 388.770 | 32.083.835 | **448.922** | 982.531 | | | |
| Gulrófur | 55.545 | 4.496.498 | 100.525 | 5.111.185 | **132.885** | 77.421 | | | |
| Gúrkur | 19.116 | 6.152.835 | 20.138 | 7.282.626 | **21.987** | 21.529 | | | |
| Paprika | 409.717 | 107.389.422 | 582.205 | 118.330.328 | **712.053** | 1.542.304 | | | |
| Sveppir | 58.607 | 26.913.110 | 91.212 | 37.573.962 | **117.674** | 301.049 | | | |
| Pylsur | 36.537 | 43.175.325 | 46.864 | 46.631.654 | **62.344** | 145.688 | **50%** | **125.000** | |
| Unnar kjötvörur | 102.302 | 93.365.818 | 142.995 | 99.743.447 | **179.683** | 476.433 | **124%** | **145.000** | |

*Samantekt BÍ - Erna Bjarnadóttir*

**Samtals fyrir alifuglakjöt þar af 100.000 af lífrænt vottuðu*

*** Þar af 65.000 af upprunamerktum osti*

## Sóknarfæri fyrir íslenska garðyrkjubændur:

# Alls voru flutt inn 2.526 tonn af grænmeti á fyrstu fimm mánuðum ársins

– Það er nærri 8% meiri innflutningur en samkvæmt fimm mánaða meðaltali 2018

**Umtalsverður innflutningur var á grænmeti á fyrstu fimm mánuðum þessa árs. Í lok maí var búið að flytja inn samtals rúm 2.526 tonn af grænmeti til Íslands. Það er nærri 8% aukning miðað við fimm mánaða meðaltal ársins 2018.**

Á öllu árinu 2018 voru flutt inn 5.652.852 kg af grænmeti, sem samsvarar um 471 tonni að meðaltali á mánuði, eða tæp 2.355 tonn á fimm mánuðum. Innflutningur á grænmeti til Íslands á fyrstu fimm mánuðum ársins 2019 er því nokkuð umfram fimm mánaða meðaltalið á síðasta ári, eða sem nemur um 170 tonnum sem er rúmlega 7% aukning.

### *Sóknarfæri fyrir íslenska garðyrkjubændur*

Ætla má að í þessum tölum geti falist umtalsverð sóknarfæri fyrir íslenska garðyrkjubændur, einkum í papriku, tómata og svepparækt. Allt snýst það þó væntanlega um samkeppnishæfni og grunnkostnað eins og orku sem er lykilþáttur í þeirri starfsemi.

### *Mest flutt inn af papriku*

Mest var flutt inn af papriku á fyrstu fimm mánuðum ársins, eða rúm 712 tonn. Þá voru flutt inn tæp 449 tonn af tómötum og nærri 118 tonn af sveppum, en allt eru þetta tegundir sem hægt er að rækta í íslenskum gróðurhúsum.

**Flutt voru inn rúm 712 tonn af papriku á fyrstu fimm mánuðum ársins. Þar gætu falist sóknarfæri fyrir íslenska garðyrkjubændur.**

Þá voru flutt inn rúm 465 tonn af kartöflum og tæp 449 tonn af gulrótum og næpum.

### *Íslensku Kálfafellsrófurnar þykja bera af*

Af gulrófum voru flutt inn tæp 133 tonn, en þar þykir mörgum að innfluttar rófur standist alls ekki bragðsamanburð við íslenska Kálfafellsyrkið. Þar gæti verið enn eitt sóknarfæri fyrir íslenska garðyrkjubændur. Erlendis eru gulrófur reyndar mest ræktaðar sem skepnufóður og því kannski ekki eins verið að leita þar eftir bragðgæðum heldur vaxtarhraða og næringargildi. Bændablaðið hefur heimildir fyrir því að Íslendingar sem búsettir eru í Danmörku og víðar hafi einmitt verið að sækjast eftir að fá sent fræ af íslenska Kálfafellsyrkinu til ræktunar vegna bragðgæðanna.

Á vefsíðu Sölufélags garðyrkjumanna er sagt að rófan sé upprunnin í N-Evrópu og er hennar fyrst getið með vissu í ræktun á Íslandi í upphafi 19. aldar. Hún var meðal þeirra matjurta sem fyrstar náðu útbreiðslu meðal landsmanna.

**Íslensku Kálfafellsrófurnar þykja bera af í bragðgæðum í samanburði við innfluttar rófur. Samt var búið að flytja inn 133 tonn af rófum frá útlöndum í lok maí.**

Rófa er C-vítamínauðug og hefur verið kölluð appelsína norðursins. Áætluð meðalneysla á íbúa er 2,4 kg á ári. Til megin framleiðslunnar er sáð að vori (apríl / maí) en einnig eru þær forræktaðar í gróðurhúsum og plantað út í byrjun sumars.

Til eru íslenskir stofnar af rófum og eru þekktastir Kálfafellsrófa og Ragnarsrófa. Einnig hefur verið ræktaður stofn sem nefnist Sandvíkurrófa, en það er stofn af Kálfafellsrófu. Algengasta afbrigði í ræktun er þó sagt Vige sem er norskt afbrigði af rófum. */HKr.*

WOLF Garten

# Sláttutraktorar

Verð frá
**335.000**

## Einnig úrval sláttuvéla, sláttuorfa og öllu sem viðkemur garðinum!

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

FRÉTTIR

# Sala á hrossakjöti rauk upp í maí og jókst um 68,5% á milli ára

**Í maímánuði síðastliðnum seldust tæp 25,6 tonn af hrossakjöti frá afurðastöðvum samkvæmt tölum Búnaðarstofu Mast. Það er 68,5% aukning í sölu miðað við maí 2018.**

Salan á hrossakjöti í maí sl. nam rétt tæplega 25,6 tonnum sem er 68,5% aukning milli ára. Var ársfjórðungssalan þá orðin rétt tæp 109 tonn sem er hvorki meira né minna en rúm tvöföldun á milli ára og nemur aukningin 101,6%. Miðað við heilt ár þýðir það 11% aukningu í sölu á hrossakjöti. Árssalan á hrossakjöti er um 692 tonn.

Hrossakjöt vegur ekki þungt í heildarsölu kjötafurða frá íslenskum bændum, eða um 2,4%. Virðast sölutölur á þessu ári benda til vaxandi áhuga á hrossakjöti. Undanfarin ár hefur verið mjög erfitt að fá hrossakjöt í íslenskum verslunum, nema þá helst saltað eða reykt. Margir virðast hins vegar vera að uppgötva gæði þessa kjöts, ekki síst folaldakjöts sem þykir sérlega gott á grillið. */HKr.*

**Hrossakjöt virðist vera að njóta aukinna vinsælda. Þykir mörgum það vera mikið lostæti á meðan aðrir geta alls ekki hugsað sér að leggja sér þessa vini mannsins til munns.** Mynd / HKr.

# Ferskt kínakál og nýjar kartöflur í verslanir

**Fyrsta merki þess að upp sé runninn tími íslenska útiræktaða grænmetisins er þegar kínakálið kemur í verslanir – og sú var einmitt raunin á fimmtudaginn. Þá komu nýjar íslenskar kartöflur í verslanir um helgina.**

Að sögn Guðna Hólmars Kristinssonar, framkvæmdastjóra afurðasviðs Sölufélags garðyrkjumanna, má búast við að á næstu vikum komi fleiri tegundir inn.

**Guðni Hólmar Kristinsson.** Mynd / SFG

***Útiræktunin lítur nokkuð vel út***

„Ég held að útiræktin líti nokkuð vel út eins og er. Fyrsta kínakálið kemur frá Óskari Rafni Emilssyni á Grafarbakka. Kartöflurnar koma frá Vigni Jónssyni í Auðsholti og Óskari Kristinssyni og Birki Ármannssyni í Þykkvabæ. Kartöflurnar eru frekar snemma á ferðinni en kínakál hefur stundum komið í lok júní.

Það gerist svo mikið í þessu á næstu tveimur til þremur vikum; þá kemur spergilkál, gulrætur, blómkál, hvítkál og grænkál. Rauðkál og gulrófur kemur svo í ágúst," segir Guðni Hólmar. */smh*

# Sala á íslensku svínakjöti jókst lítillega í maí

**Sala á svínakjöti frá íslenskum bændum jókst um 1% í maí borið saman við söluna í maí 2018.**

Í tölum Búnaðarstofu Mast kemur fram að seld hafi verið rúm 568 tonn af svínakjöti í maí síðastliðnum sem er 1% aukning á milli ára. Þá var ársfjórðungssalan tæp 1.612 tonn sem er sama magn og á sama tímabili 2018. Miðað við heilt ár er um að ræða söluaukningu upp á 4,8%.

***Vantar 0,6 prósentustig til að jafna kindakjötssöluna***

Íslenskt svínakjöt er með 23,4% hlutdeild af sölu á öllu kjöti frá íslenskum bændum. Í fyrra voru seld rétt tæp 6.798 tonn. Svínakjöt skipar nú þriðja sætið á vinsældalistanum, næst á eftir kindakjöti og alifuglakjöti. Ekki munar þó nema 0,6 prósentustigum að svínakjötssala íslenskra bænda nái að jafna kindakjötssöluna hér á landi.

***Innflutningur eykst hratt á svínakjöti***

Greinilegt er að íslenskir svínabændur eiga talsverð tækifæri í að auka framleiðslu sína til að mæta eftirspurn ef marka má innflutningstölur á svínakjöti. Í fyrra voru flutt inn tæp 905 tonn af svínakjöti. Frá janúar 2019 til maíloka var búið að flytja inn tæp 568 tonn af svínakjöti sem er 62% umfram sex mánaða tollkvóta. Má því ætla að svínakjötsinnflutningurinn á þessu ári verði talsvert meiri en í fyrra. Í þessu gæti legið tækifæri fyrir innlenda framleiðendur, en gagnrýni hefur komið fram á liðnum misserum og árum um að innflutningi hafi verið beitt til að halda niðri verði á kjöti frá íslenskum bændum. */HKr.*

**Svínakjöt skipar nú þriðja sætið á vinsældalistanum, næst á eftir kindakjöti og alifuglakjöti. Ekki munar þó nema 0,6 prósentustigum að svínakjötssala íslenskra bænda nái að jafna kindakjötssöluna hér á landi.** Mynd / Bbl.

# Nautgripakjötssalan dróst saman um 7,1% á milli ára í maí

**Sala á nautgripakjöti dróst talsvert saman í maí miðað við sama mánuð í fyrra, eða um 7,1%. Hefur salan líka verið að dragast saman yfir lengra tímabil og nam samdrátturinn 7,2% á síðasta ársfjórðungi.**

Samkvæmt tölum Búnaðarstofu Mast voru seld rúmlega 387 tonn af nautgripakjöti í maí síðastliðnum, en ársfjórðungssalan nam tæplega 1.141 tonni.

Nautgripakjöt er þriðja söluhæsta kjötafurð íslenskra bænda og voru seld tæplega 4.805 tonn í fyrra. Þá voru flutt inn tæplega 830 tonn af nautakjöti og jókst innflutningur nautakjöts fyrstu fimm mánuði yfirstandandi árs.

Frá janúar 2019 til maíloka var búið að flytja tæp 305 tonn af nautakjöti til landsins sem er 53% umfram hálfs árs tollkvóta. Í fljótu bragði viðist það vera að hafa töluverð áhrif á sölu á íslensku nautakjöti auk þess sem skýringin gæti líka verið veruleg fækkun erlendra ferðamanna til landsins. */HKr.*

**Sala á íslensku nautgripakjöti hefur dregist saman á undanförnum mánuðum. Mögulega gæti aukinn innflutningur á nautakjöti verið að hafa þar áhrif samfara fækkun ferðamanna.** Mynd / HKr.

## Samruni Norðlenska og Kjarnafæðis:

# Viðræður settar á ís

**„Það hefur ekki verið tekin formlega ákvörðun um að slíta viðræðum en við höfum sett samningaviðræður á ís," segir Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska, um samrunaviðræður Norðlenska og Kjarnafæðis og SAH afurða.**

Viðræður hafa staðið milli Norðlenska og Kjarnafæðis frá vormánuðum 2018 um mögulegan samruna félaganna. Formlegt ferli í átt að samruna hófst í ágúst í fyrra. Á þessum tíma hefur aðilum ekki tekist að komast að endanlegu samkomulagi um fyrirkomulag samruna félaganna, menn hafa einfaldlega ekki náð saman og ber enn talsvert í milli. Viðræðurnar eru því komnar á ís og verður ekki séð að þeim verði fram haldið nema einhver nýr vinkill komi á málið.

„Því miður náðum við ekki saman og þá er ekki um annað að gera en horfa í aðrar áttir," segir Ágúst Torfi.

Norðlenska hefur því hafið að nýju vinnu við undirbúning nýrrar starfsstöðvar félagsins á Akureyri en sú vinna var lögð til hliðar meðan viðræður um sameiningu stóðu yfir. Höfuðstöðvar Norðlenska er við Grímseyjargötu, á hafnarsvæðinu á Akureyri, og rennur leigusamningur sem félagið hefur við eigenda lóðarinnar út í lok ársins 2020.

Forsvarsmenn Norðlenska hafa átt viðræður við Akureyrarbæ um byggingarlóð undir starfsemi félagsins og koma einkum tvær staðsetningar til greina, „og við erum bara að velta fyrir okkur hvor gæti hentað betur undir þá starfsemi sem við erum með," segir Ágúst Torfi. „Tímaramminn er skammur og við munum vinna hratt." */MÞÞ*

# Norðlenska hækkar verðskrá fyrir komandi sláturtíð um 15%

**Norðlenska hefur gefið út verðskrá fyrir sauðfé fyrir árið 2019. Verðskráin er talsvert breytt frá fyrra ári hvað varðar verðhlutföll gerðar og fituflokka.**

„Við erum að reyna að færa verðskrána nær því sem okkur finnst rétt, þannig að greitt sé besta verðið fyrir þá gerðar- og fituflokka sem við fáum mest verðmæti fyrir á markaði og nýtast best til vinnslu," segir Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska. Sé miðað við rauninnlegg Norðlenska árið 2018 felur nýja verðskráin í sér um 15% hækkun á meðalverði til bænda frá fyrra ári, að sögn Ágústs Torfa. */MÞÞ*

ÚRVAL ÚTSÝN

# SÉRFERÐIR & SIGLINGAR

# ÆVINTÝRALEGT FRÍ

## MEÐ ÚRVALS ÞJÓNUSTU



BALÍ 5. - 20. MARS 2020

**PARADÍS INDÓNESÍU**

Fararstjóri
Egill Fannar Halldórsson

VERÐ FRÁ **334.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

PÁSKAR 2020

TÆLAND 3. - 14. APRÍL 2020

**HUA HIN & BANGKOK**

VERÐ FRÁ **329.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

SIGLING 6. - 18. MARS 2020

**PANAMASKURÐURINN, JAMAICA, CAYMAN ISLANDS & COSTA RICA**

VERÐ FRÁ **429.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

SIGLING 26. OKTÓBER - 5. NÓVEMBER 2019

**ORLANDO, COCOCAY BAHAMAS, PUERTO RICO & ST. THOMAS**

Fararstjóri
Sr. Hjálmar Jónsson

VERÐ FRÁ **439.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

ALICANTE 3. - 10. SEPTEMBER 2019

**EL PLANTIO GOLF RESORT**

VERÐ FRÁ **169.900 KR.**

Verð á mann m.v. 4 fullorðna.

**SJÁÐU MEIRA Á URVALUTSYN.IS**

TALAÐU VIÐ FERÐARÁÐGJAFA
Í SÍMA **585 4000** EÐA SENDU
OKKUR PÓST Á **INFO@UU.IS**

VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABRENGL.

Bændablaðið
– *Málgagn bænda og landsbyggðar* –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
**Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Áskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 5.450 með vsk.**
**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279
**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga: augl@bondi.is** – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

**SKOÐUN**

# Fæðuöryggi þjóðar

**Þjóðríki sem ekki byggir tilveru sína á að vera sjálfu sér nægt í fæðuöflun er algerlega háð duttlungum annarra þjóða um lífsafkomu þegnanna. Fæðuöryggi verður þá lítið sem ekkert ef eitthvað bjátar á í samskiptum þjóða eða af völdum náttúruafla.**

Það að geta bjargað sér um lágmarks lífsnauðsynjar til að komast af, hlýtur að eiga að vera grunnstef í allri stefnumörkun yfirvalda. Þar skiptir þá væntanlega máli að skýr stefnumótun sé fyrir hendi um hvernig fólk hyggist tryggja slíkt.

Þegar háværar umræður glymja daglega um að frelsi til athafna sé sú heilaga stefna sem ríkisstjórn á hverjum tíma eigi að hafa að meginmarkmiði, þá má velta því fyrir sér hvort það fari alltaf saman við trygga lífsafkomu allra þegnanna. Svari því hver fyrir sig, en víst er að milliríkjasamningar sem gerðir hafa verið á liðnum árum og áratugum snúast oftar en ekki um að tryggja frelsi til athafna. Það þarf ekki alltaf að vera þorra þegna þjóðarinnar til hagsbóta.

Milliríkjasamningar snúast mjög gjarnan um tollaívilnanir í þágu viðskiptafrelsis sem gjarnan eru sagðir þjóna sérstaklega hagsmunum neytenda. Þannig er því m.a. varið varðandi EES samninginn sem samþykktur var á Alþingi 1993 og gekk að stærstum hluta í gildi 1. janúar 1994. Síðan þessi samningur var gerður hafa verið settar inn viðbætur í þúsundavís sem innihalda mikla einstefnu á hagsmunaforsendum Evrópusambandsins. Oftast hefur þetta verið samþykkt á Alþingi Íslendinga nánast umyrðalaust og oft að því er virðist án þess að menn hafi nokkrar áhyggjur af mögulegum skaða fyrir þegna landsins.

Undanfarnar vikur hafa verið að berast fregnir af því að rigningar og flóð í Bandaríkjunum muni draga stórlega úr framleiðslu Bandaríkjamanna á ýmsum korntegundum. Nú er spáð þurrkum á sömu svæðum sem líka geti leitt til skemmda á korni. Þar sem Bandaríkjamenn eru risar á kornmarkaði heimsins er útilokað annað en að þetta hafi áhrif til hækkunar á matvælum og valdi jafnvel skorti. Samkvæmt tölum á hrávörumarkaði Nasdaq miðvikudaginn 10. júlí byrjaði verð á framvirkum samningum um korn að rjúka upp í maí eftir að fréttir um vanda bænda komust í hámæli. Sama virðist geta gerst vegna þurrka á helstu ræktunarsvæðum Rússa á Volgubökkum.

Kínverjar hafa fundið mikið af því sem þeir kalla herorma sem leggjast á kornuppskeru. Óttast er að þessi plága, sem borist hefur til 20 héraða frá því hennar var vart í janúar, geti dregið stórlega úr þeirra kornuppskeru samkvæmt frétt Reuters 9. júlí. Þá eru Kínverjar að berjast við svínapest og þurfa að fella stóran hluta af sínum svínastofni. Þetta mun skapa baráttu á heimsmarkaði við að mæta fæðueftirspurn. Þá greinir Reuters einnig frá vanda í kornrækt vegna þurrka í Suðaustur-Evrópu og á Spáni. Búist er við minni uppskeru en ella á Spáni, í Króatíu, Ungverjalandi, Rúmeníu, Búlgaríu og á Grikklandi. Á móti kemur að vísu hagstæðari staða í sumum öðrum ríkjum ESB.

Allt þetta leiðir hugann að því hvort íslensk yfirvöld séu nægilega meðvituð um að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar ef á reynir. Er til einhver stefna eða neyðaráætlun í þeim efnum? Samningar um niðurfellingu tolla veita okkur engin forréttindi varðandi aðgengi að mörkuðum erlendis þegar skortur verður á matvælum. Tollaniðurfellingar geta aftur á móti hæglega drepið hratt niður innlendan landbúnað. Ef menn skaða innlenda matvælaframleiðslu með tollaniðurfellingum eða öðrum samningum, eins og varðandi orkumál, hvernig ætla menn þá að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar? */HKr.*

# Tíminn líður áfram

**Guðrún S. Tryggvadóttir**
formaður Bændasamtaka Íslands
gst@bondi.is

**Það eru annatímar í sveitum landsins og heyskapur er víða kominn vel á veg, en er annars staðar að hefjast. Fyrstu nýju kartöflurnar eru að berast í búðir og fyrsta útiræktaða grænmetið, sem er alltaf ánægjulegur tími. Landið okkar er stórt og aðstæður geta verið afar ólíkar milli svæða og við höfum séð að veðurfarið hefur verið nokkuð mismunandi. Bændur hafa sumir þurft að eiga við þurrka, aðrir sveiflur í hitastigi, en þó ekki rigningartíðina sem gerði mörgum á suður og vesturhluta landsins erfitt fyrir í fyrrasumar.**

Það er óskandi að sumarið verði gjöfult um allt land og uppskera í samræmi við það. Það á alltaf við sem segir í ljóði Stephans G. Stephanssonar, Eftirköstum, „Ég er bóndi, allt mitt á undir sól og regni“.

### *Landbúnaðurinn fylgir breyttum tímum*

En tímarnir breytast líka og því verður landbúnaðurinn að fylgja eins og aðrir í samfélaginu. Við verðum að þróast með og vera óhrædd við að stíga ný skref og takast á við nýjar áskoranir. Allt byggist þetta á því að framleiða mat eða veita þjónustu sem fólk vill kaupa af okkur.

Þrátt fyrir að deilt sé um ýmislegt, er um leið ljóst að almenningur í landinu er mjög velviljaður landbúnaðinum og vill standa með honum. Að sama skapi verðum við að gera það sem við getum til að sinna innlendri eftirspurn og draga sífellt fram það sem við höfum upp á að bjóða og þá sérstöðu sem við búum yfir. Við getum ekki gengið að því vísu að aðrir skilji hlutina á sama hátt og við. Það er og verður okkar verkefni að auka skilning og þekkingu á því sem við gerum, hvernig við gerum það og hvaða þýðingu það hefur, samfélagslega, umhverfislega eða efnahagslega.

Það er ekki alltaf einfalt. Nútíminn er hraður og margbrotinn og leiðirnar til að koma upplýsingum á framfæri eru óteljandi. Það er miklu stærri spurning hvort þær komast í gegnum suðið sem kemur úr öllum áttum, úr venjulegum fjölmiðlum heima eða erlendis, netmiðlum, samfélagsmiðlum, athugasemdakerfum, hlaðvörpum eða einhverjum enn öðrum leiðum. Það eru engar sameiginlegar upplýsingaveitur lengur og líftími frétta er miklu skemmri en áður.

Á sama tíma erum við ákaflega þakklát ykkur lesendum fyrir þann stuðning sem þið sýnið Bændablaðinu og ítrekað hefur verið staðfestur í lestrarkönnunum. Blaðið er sterk rödd bænda og landsbyggðar sem nær til miklu fleiri en bænda sjálfra.

### *Öflug nýsköpun, þróun og þekkingaröflun*

Áframhaldandi þróun landbúnaðarins byggir ekki síst á öflugri nýsköpun, þróun og þekkingaröflun. Það er ákaflega þýðingarmikið að ýta undir slíkt hvort sem það er um að ræða frumframleiðsluna sjálfa svo sem fóðuröflun og ræktun, eða afurðunum sjálfum.

Búnaðarþing 2018 ályktaði að styrkja þyrfti samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar með öflugra vísinda-, mennta- og rannsóknastarfi í greininni, til dæmis með því að vinna vandaða sérstöðugreiningu fyrir landbúnaðinn í heild þar sem jafnframt yrði kortlagt hvar þörfin er mest á rannsókna- og þróunarstarfi. Tryggja þyrfti landbúnaðarháskólunum í landinu nægilegt fjármagn til að starfrækja öflugt rannsóknarstarf, þ.m.t. með rekstri tilrauna- og kennslubúa í búfjár- og jarðrækt með áherslu á hagnýtar landbúnaðarrannsóknir.

Enn fremur var lagt til að komið yrði á fót sérstökum vísindasjóði landbúnaðarins til þess að efla rannsókna- og þróunarstarf, auka virði afurða og búa til fleiri hvata fyrir nemendur til að afla sér framhaldsmenntunar á sviði landbúnaðar. Unnið yrði að fjármögnun í samvinnu samtaka bænda, stjórnvalda og fyrirtækja í landbúnaði til dæmis með því að láta tolltekjur renna í sjóðinn.

Þessar hugmyndir hafa því miður ekki þokast mikið áfram enn. Þær eru hins vegar enn jafn þýðingarmiklar eða þýðingarmeiri ef eitthvað er. Fjölmargir hafa hugmyndir um nýsköpun og frumkvöðlastarf á sviði landbúnaðar eins og sást vel þegar kynnt voru verkefni fyrir skömmu sem komust inn í viðskiptahraðalinn „Til sjávar og sveita“. Það er því mikil gerjun í gangi en hana þurfum við að styðja og styrkja.

Mestu máli skiptir hins vegar að við sem samfélag sameinumst um skýra stefnu um hvernig við viljum sjá landbúnað og tengda starfsemi þróast áfram í landinu. Það eru margs konar verkefni í gangi eins og Matarauður Íslands, Landbúnaðarklasinn og ýmislegt fleira.

Verið er að móta matvælastefnu og fyrir liggur verkefnalisti í 17 liðum sem samþykktur var samhliða lögum um innflutning á ófrosnu kjöti á vorþingi. Á meðal þeirra eru ýmis verkefni sem geta haft verulega þýðingu fyrir landbúnaðinn og það skiptir höfuðmáli að þeim verði fylgt fast eftir. En meginatriðið er að við reynum að sameinast um það markmið að gera góða framleiðslu enn betri. Það kemur okkur öllum til góða.

## ÍSLAND ER LAND ÞITT

**Horft frá gamalli lendingu árabáta norðanundir Brunnanúp norðan Látrabjargs og yfir Látravík með Látraháls, Nes og Bjarnarnúp baksýn. Samkvæmt gömlum kortum var önnur lending nyrst í víkinni. Þar fyrir ofan myndaðist lítið þorp, Hvallátur, þar sem einn maður hefur haft fasta búsetu undanfarin ár, en annars eru húsin nýtt til sumardvalar. Mikil skeljasandsfjara er í Látravík líkt og í næstu víkum þar fyrir norðan, Breiðavík, Kollsvík og Hænuvík. Öflugt útræði árabáta var í öllum þessum víkum allt fram á tuttugustu öld og má víða sjá verbúðatóftir á svæðinu. Á þessum slóðum er einstök náttúrufegurð og mikið fuglalíf sem vert er að skoða.** Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF

# HVANNEYRARHÁTÍÐ 2019

Magnús Magnússon, ritstjóri Skessuhorns, náði öðru sætinu í traktorafiminni eftir að hafa farið brautina af miklum krafti. Svo mikið afl lagði hann í verkefnið að lensan, sem var verkfæri keppenda í brautinni, kubbaðist í sundur þegar hann sló netakúlu af staur eins og sést vel á myndinni hér fyrir ofan. Ekki nóg með það því búturinn sem eftir var brotnaði líka þegar næsta netakúla var slegin af. Fékk kappinn að sjálfsögðu viðurnefnið Magnús lensubani fyrir afrekið. Myndir / HKr.

Fjóla Benediktsdóttir var sigurvegari í kvennaflokki og hreppti þar í raun öll sæti með stæl þar sem engin önnur kynsystir hennar mætti til keppni, en hún ók Massey Ferguson F 35. Þá var Jóhann Haraldsson sigurvegari í karlaflokki, en hann ók Ford 3000. Magnús Magnússon lensubani var í öðru sæti og Jón Ingimundur Jónsson á Massey Ferguson 35 var í þriðja sæti.

**Hvanneyrarhátið 2019 var haldin í einstakri veðurblíðu, glampandi sól og hita laugardaginn 6. júlí.**

Mikið fjölmenni mætti á hátíðina m.a. til að skoða fjölda gamalla dráttarvéla sem hagleiksmenn hafa gert upp af mikilli alúð. Var hátíðin nú líka tileikuð því að 70 ár eru liðin frá því fyrsta Ferguson dráttarvélin kom til landsins. Hafði Fergusonfélagið veg og vanda af því að koma fjölda véla á sýninguna og reyndar vélum af fleiri gerðum en Ferguson.

Hápunktur dagsins var án efa keppni í traktorafimi þar sem tólf keppendur sýndu hæfni sína. Fólst keppnin í því að hverjum keppanda var fenginn lensa í hendur sem þeir áttu síðan að nota til að taka upp netahringi á fullri ferð sem hengdir voru á staura og skila þeim í tunnu. Síðan áttu þeir að sýna hæfni sína í að aka eftir planka og slá svo netakúlur af staurum.

Gekk þetta greiðlega fyrir sig í byrjun en þegar keppandi númer tvö fór í brautina, Magnús Magnússon, var greinilegt að hann ætlaði sér sigur og að taka þetta með skessuafli ef ekki dygði annað til. Fór svo á síðustu tveim póstunum að aflið var svo mikið að lensan, sem var reyndar búin til úr ósköp venjulegu kústskafti, kubbaðist í sundur í tvígang við mikinn fögnuð áhorfenda. Fyrir þetta hlaut Magnús refsistig sem útilokaði hann frá fyrsta sætinu. Þá var honum afhentur járnkarl í refsiskyni og gert að halda á honum meðan keppnin stóð yfir. Í lok kepnninnar mætti Massey Ferguson af nýjustu gerð og sýndi ökumaður hvernig hægt var að framkvæma verk keppenda með heygöfflum á stórvirkri vinnuvél.

/HKr.

Jóhann Haraldsson frá Ásgeirsbrekku í Skagafirði kom sá og sigraði í traktorafiminni. Hér þræðir hann upp netahringina hvern af öðrum upp á prik á fullri ferð á Fordinum.

Það er hægt að framkvæma ótrúlegustu nákvæmnisverk þótt vélin sé stór.

## Mælt af munni fram

229

Gagnfróður vinur minn, **Þór Sigurðsson** frá Sellandi í Fnjóskadal, nú búsettur á Akureyri, færði mér til fróðleiks lítið bókarkorn með handskrifuðum vísum eftir **Björn S. Blöndal.** Björn var fæddur á Hvammi í Vatnsdal 02.06. 1893, en lést 14.01.1971. Björn ólst upp á ýmsum bæjum í Vatnsdal, stundaði búskap nokkurn, en byrjaði snemma að yrkja vísur um sitthvað það sem á dagana dreif. Björn náði sterkum tökum á stökugerð sinni, en ekki er vitað til þess að neitt af kveðskap hans hafi formlega verið gefið út á bók, þó nokkuð af vísum hans sé að finna í vísnasöfnum á vefnum. Þessi fágæta bók með vísum Björns er handskrifuð af **Péturínu**, konu **Lárusar í Grímstungu**, en síðan mun dóttir Péturínu og Lárusar, **Kristín**, hafa lokið við að handskrifa bókina. Í bókinni eru tölusettar um 400 vísur Björns með listilegri rithönd Péturínu. Tilefni vísnanna er sjaldan skráð, en þó má lesa víða milli lína tilurð og tíma. Fyrst verður gripið til nokkurra hestavísna. Um **Guðjóns-Grána** orti Björn:

*Lífs á brautum skúr og skin*
*skipast fyrr en vari,*
*nú er ég einum aldavin*
*orðinn fátækari.*

*Fátækt mína finn ég best,*
*fornra minnist daga,*
*þegar legg ég hnakk á hest*
*og hygg til ferðalaga.*

*Frekt mér sanna fákar það,*
*fyrst þó láti minna,*
*gildari hest í Grána stað*
*gott er ekki að finna.*

*Fylgi ég þér að fremstu nöf,*
*farin þakka árin.*
*Þú varst sannvöld guða gjöf*
*góði happa klárinn.*

**Björn** orti líka talsvert af „skammarvísum“. Trúlega þó gjörðar til gamans. Um **Ásgrím Agnarsson** orti Björn:

*Ásgrímur sem eldinn jók,*
*æfði ei sannleiks málið.*
*Lygina vönum tökum tók*
*til að kynda bálið.*

Og um **Svein Hannesson** á Sneis í Laxárdal orti hann:

*Sveinn er rær á sónar haf,*
*sigurfær, og glaður.*
*Mikið bæri öðrum af*
*ef hann væri maður.*

Til **Skúla Benjamínssonar** orti Björn:

*Hann í löstum fyrst var feiminn,*
*flestra vamma á nú met.*
*Þegar Skúli skaust í heiminn*
*skrattinn hló, en Drottinn grét.*

Þessa kosningavísu orti Björn í mars 1957, sennilega til **Hermanns Jónassonar:**

*Hress í anda óskir þyl*
*yfir blandinn hópinn,*
*hreki fjandinn heljar til*
*Hermann strandaglópinn.*

Að síðustu fylgja nokkrar óstaðsettar vísur:

*Bágt er að hafa brotna lögg,*
*bliknar æskuljóminn*
*þó að lífsins dýrðar dögg*
*drjúpi á vonarblómin.*

*Ég hef margt að þakka þér,*
*þó skal aðeins nefna,*
*að þú skyldir orna mér*
*undir voði svefna.*

*Fannir klæða frosið land,*
*fyrir hæð ei blánar,*
*hrannir æða upp á sand*
*yst úr svæði ránar.*

*Kvöldsins ró ég kenni best,*
*kyrrð er nóg í salnum,*
*þegar tóin sérhver sést*
*sveipuð snjó í dalnum.*

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
*kotabyggð1@gmail.com*

FRÉTTIR

## Gróðrarstöðin Ártangi:

# Stöðugt framboð ferskra kryddjurta allan ársins hring

### – Sumarblómatímabilið að klárast og bara kryddjurtirnar í framleiðslu

**Það er óhætt að segja að þegar Gróðrarstöðin Ártangi hóf framleiðslu og sölu á ferskum kryddjurtum í lok árs 2013 hafi það gjörbreytt landslaginu hvað varðar framboð á ferskum kryddjurtum á Íslandi. Kryddjurtaframleiðslan þar gengur vel og reksturinn er stöðugur í gróðrarstöðinni, en sumarblómaframleiðslan hefur náð hámarki þetta sumarið og styttist í sumarfrí eigenda og starfsmanna Ártanga.**

Áður en Ártangi hóf kryddjurtaframleiðslu sína var eingöngu í boði að kaupa lífrænt ræktaðar ferskar kryddjurtir í stórmörkuðum – sem voru aðeins dýrari – og síðan innfluttar í plastbökkum. Það er líka eftirtektarvert hversu stöðugt framboð er frá Ártanga flesta daga af mismunandi kryddjurtategundum.

„Við sáum í fjögur til fimm þúsund potta í hverri viku, þannig að framleiðslan er orðin talsverð," segir Sigurdís Edda Jóhannesdóttir, sem á og rekur Ártanga ásamt manni sínum, Gunnari Þorgeirssyni, formanni Sambands garðyrkjubænda.

„Tegundirnar þurfa mislangan ræktunartíma; rósmarínið til dæmis þarf tíu til tólf vikur og myntan kannski átta til níu, en sumar aðrar, eins og basilika, þurfa ekki nema fáeinar vikur.

Við notum bara lífrænar varnir hér – mý, vespur mítla, ránmaura og títur – til að uppræta meindýr og og því engin eiturefnanotkun, en getum þurft að grípa inn í með örverum og sveppum ef sveppasjúkdómar herja á plönturnar," segir Sigurdís.

Sigurdís Edda Jóhannesdóttir í Gróðrarstöðinni Ártanga. Mynd / smh



Minta.

Gunnar Þorgeirsson, formaður Sambands garðyrkjubænda, var við störf í gróðrarstöðinni þegar blaðamaður var þar á ferð. Mynd / smh

### *Styttist í sumarfrí*

„Núna sjáum við fram á að geta fljótlega farið í sumarfrí því það er minnst að gera hjá okkur í júlí hvað varðar blómaræktunina. Það má segja að við séum að undirbúa vertíðina frá því á haustin og fram á vor, en þá vill fólk fara að gera fínt hjá sér; fyrst með laukum og síðan sumarblómum. Stöðin verður þá rekin á lágmarksvinnuafli og bara kryddjurtirnar í framleiðslu.

Það er því mest að gera hjá okkur frá desember og fram að páskum. Þegar sumarblómatímabilinu lýkur, tökum við jólastjörnur inn sem eru fram yfir byrjun desember og þá fara túlípanar inn í ræktunarhúsin.

Þá flytjum við inn í lok ágúst eða byrjun september og þeir eru settir niður í kassa í september og október í kælum svo þeir festi rætur hægt og rólega. Það tekur minnst sextán vikur að rækta túlípana, frá því þeir koma í hús og þar til þeir eru tilbúnir til sölu eftir þriggja vikna vaxtartíma í húsunum," segir Sigurdís Edda og bætir við að hún leggi drög að umfangi ræktunarinnar í apríl og panti svo inn fyrir næsta tímabil í maí.

Í jólavertíðinni eru seldar um tvö þúsund jólastjörnur og áætlar Sigurdís að á tímabilinu frá miðjum desember og að páskum selji þau um 500 þúsund afskorna túlípanastilka – um 150 þúsund um jólin.

Í húsunum hjá okkur er nú svona nánast afgangurinn af því sem ræktað verður af sumarblómum þetta sumarið, en við erum þó með opið fyrir blómasölu alveg til 21. júlí. Raunar er hægt að koma við hjá okkur fram að þeim tíma ef fólk vill kaupa kryddjurtir eða tómataplöntur svo eitthvað sé nefnt."

### *Bjargráð að framleiða kryddjurtir eftir hrun*

Ástæðu þess að Ártangi hóf að rækta kryddjurtir má rekja aftur til efnahagshrunsins árið 2008, en í kjölfar þess drógu Íslendingar úr ýmsum útgjöldum og spöruðu meðal annars við sig kaup á pottablómum. Túlípanaframleiðslan rétt hélt lífi í Ártanga, en ekki nema hluta ársins.

Þeirri hugmynd skaut þá upp kollinum að kannski væri vænlegt að framleiða kryddjurtir – og íslenskir neytendur þekkja síðan þá sögu. */smh*

## Jarðarberjaframleiðslan í Silfurtúni á Flúðum:

# Nauðsynlegt hefur verið að hagræða í rekstri

### – Innlend framleiðsla dregist heldur saman í samkeppninni við innflutt ber

**Það vakti talsverða athygli fyrir um tveimur árum þegar garðyrkjustöðin Silfurtún á Flúðum bauð fólki að koma í gróðurhúsin til sín og tína jarðarber fyrir lágt verð. Það kom reyndar ekki til af góðu því bændurnir gripu til þess ráðs fremur en að sitja uppi með óseljanlega uppskeru, en innlend framleiðsla stóð höllum fæti gagnvart auknum innflutningi á þeim tíma. Eitthvað hefur rofað til frá þeim tíma, án þessi þó að beinlínis sé hægt að tala um bjarta tíma hjá jarðarberjabændum.**

Hjónin Eiríkur og og Olga Lind Guðmundsdóttir keyptu Silfurtún af Erni Einarssyni árið 2002, sem þá var frumkvöðull í ræktun jarðarberja á Íslandi. Hann ræktaði einnig tómata, gúrkur og var í útirækt – og héldu þau Eiríkur og Olga áfram þeirri ræktun fyrst í stað.

Síðustu ár hafa þau hins vegar að langmestu leyti einbeitt sér að jarðarberjunum, en fyrstu tíu árin þeirra í Silfurtúni voru þau ein um framleiðslu á jarðarberjum á Íslandi.

Eiríkur Ágústsson í Silfurtúni dreifir nú framleiðslunni á fleiri mánuði.

### *Framleiðslutímabilið lengt*

„Það má búast við því að júlí og ágúst verði sölumestu mánuðirnir hjá okkur sem ræktum jarðarber á Íslandi," segir Eiríkur Ágústsson í Silfurtúni. „Það eru kostir og gallar við að vera eingöngu með jarðarber; það auðveldar allt vinnuskipulag að vera með þetta svona, en á móti kemur að það er meiri áhætta ef eitthvað kemur upp á.

Við höfum verið að lengja ræktunartímabilið af ýmsum ástæðum – og höfum sett upp lýsingu í nokkur húsanna. Við byrjum nú að senda frá okkur í mars og ættum að geta sett ber á markað fram yfir áramót. Ætli það megi ekki búast við að uppskeran verði um 20 tonn yfir árið, sem er svipað og verið hefur. Almennt hefur innlend framleiðsla þó dregist saman.

Við höfum þurft að hagræða í rekstri og það hentar því betur að dreifa framleiðslunni á fleiri mánuði þannig að reksturinn sé stöðugur yfir lengri tíma. Það er líka betra upp á starfsmannahald, við höldum þá okkar starfsfólki allt árið sem er mikils virði."

### *Hörð samkeppni með auknum innflutningi*

Eiríkur segir ástæðu þess að grípa hafi þurft til þess að leyfa fólki að nánast hirða hluta uppskerunnar árið 2017 hafi einfaldleg verið sú að ekki hafi verið pláss fyrir framleiðsluna á markaði. „Já, það var búið að vera uppgangur þarna árin á undan og því var innlenda framleiðslan aðeins meiri en áður. En samkeppnin harðnaði skyndilega með komu Costco inn á markaðinn, auk þess sem aðrar verslanir bættu í sinn innflutning. Það seldist nú mest allt fyrir rest, en verðið fór auðvitað niður úr öllu valdi. Okkur datt í hug að auglýsa þetta svona, að fólk gæti komið og tínt hjá okkur ókeypis ber, líka til að vekja athygli á stöðunni. Ég held að það hafi út af fyrir sig tekist nokkuð vel.

Núna blasir við að við eigum ekkert alltaf greiðan aðgang að hilluplássi til að geta keppt við innfluttu berin á jafnréttisgrunni. Það er ekkert sjálfsagt að fólki sé einu sinni leyft að velja innlendu berin umfram þau innfluttu – og borga aðeins meira fyrir þau. Ég held að það sé bara ein leið til að laga það ójafnvægi og það er með því að neytendur láti heyra í sér og hreinlega kalli eftir meira framboði af íslensku berjunum," segir Eiríkur. */smh*

# **McHale** & **Pöttinger** setja ný og hærri viðmið þegar kemur að heyvinnutækjum.

**Pöttinger** tveggjastjörnu rakstrarvélar ásamt ýmsum stærðum af heyþyrlum til á lager. Einnig fram og aftur sláttuvélar í ýmsum stærðum til á lager.

**McHale** samstæður og 5500 rúlluvélar til á lager Orbital pökkunarvélar er á leiðinni

**Leitið upplýsinga hjá sölumönnum**

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Selfoss // Akureyri // Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

can-am BRP

**TÆKI SEM ÞÚ GETUR TREYST Á**

**OUTLANDER**
650 FB 6X6
VERÐ ÁN VSK
**2.250.000.KR**
VERÐ MEÐ VSK
**2.790.000.KR**

**TRAXTER**
HD5 4X4
VERÐ ÁN VSK
**1.930.000.KR**
VERÐ MEÐ VSK
**2.390.000.KR**

**ELLINGSEN**

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

BRP@ELLINGSEN.IS

FRÉTTIR

Greiddum gistinóttum fækkar í kjölfar fækkunar á komum erlendra ferðamanna til landsins. Hér er einn á leið í Landmannalaugar. Mynd / HKr.

# Gistinóttum í maí fækkaði um 10% milli ára

**Heildarfjöldi greiddra gistinátta í maí dróst saman um 10,2% milli 2018 og 2019. Munaði þar mestu um staði sem miðla gistingu gegnum Airbnb og svipaðar síður, þar sem fækkunin var 29%. Einnig var 5,2% samdráttur á hótelum og gistiheimilum og 9,2% fækkun á öðrum tegundum gististaða.**

Gistinætur ferðamanna á öllum gististöðum voru um 656.000 í maí síðastliðnum, en þær voru um 731.000 í sama mánuði í fyrra. Gistinætur á hótelum og gistiheimilum voru 412.000. Gistinætur í íbúðagistingu, farfuglaheimilum, tjaldsvæðum o.þ.h. voru um 155.000 og um 89.000 í gegnum vefsíður á borð við Airbnb.

Gistinætur á hótelum í maí síðastliðnum voru 308.500, sem er 3% fækkun frá sama mánuði árið áður. Þrátt fyrir það fjölgaði gistinóttum á höfuðborgarsvæðinu um 2% en um 57% allra hótelgistinátta voru á því svæði. Gistinóttum fjölgaði einnig á Austurlandi um 17% og Norðurlandi um 11%. Á öðrum landsvæðum fækkaði gistinóttum á hótelum samanborið við maí 2018 og vegur þar þyngst 25% samdráttur á Suðurnesjum og 12% samdráttur á Suðurlandi.

Um 88% gistinátta á hótelum var skráð á erlenda ferðamenn, sem er 1% færra en í maí 2018. Bandaríkjamenn voru með flestar gistinætur, þar á eftir koma Þjóðverjar og Bretar.

Gistinætur erlendra ferðamanna í bílum utan tjaldsvæða voru um 11.000 og gistinætur hjá vinum og ættingjum, í gegnum húsaskipti eða annars staðar þar sem ekki var greitt sérstaklega fyrir gistingu, voru um 22.000. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar. */MÞÞ*

# Sigmar Vilhjálmsson ráðinn talsmaður eggja-, kjúklinga- og svínabænda

**Sigmar Vilhjálmsson, fyrrum eigandi Hamborgarafabrikkunnar og fjölmiðlamaður, hefur verið ráðinn talsmaður nýstofnaðs félags í eigu svínabænda, eggjabænda og kjúklingabænda. Félagið ber heitið FESK og er meginmarkmið þess að stuðla að upplýstri og ábyrgri umræðu um landbúnað á Íslandi.**

Sigmar Vilhjálmsson.

FESK mun verða málsvari Félags kjúklingabænda, Félags eggjabænda og Félags svínabænda á opinberum vettvangi og koma fram fyrir hönd félagsmanna.

Stofnendur FESK vonast til að starfsemi félagsins verði öflugur liðsauki í baráttu alls íslensks landbúnaðar fyrir tilveru sinni, enda samvinna og samheldni allra búgreina mikilvæg heildinni, segir í fréttatilkynningu.

„Í nútíma samfélagi er offramboð af upplýsingum og því miður eru upplýsingarnar oft harðsoðnar, stuttar og klipptar úr samhengi. Mitt hlutverk verður að létta á bændum með því að fylgjast með umræðunni og svara fyrir þá þætti sem FESK telur ekki nægilega skýra," segir Sigmar Vilhjálmsson.

### *Vill ræða um landbúnað án sleggjudóma*

Hann segir mikið sótt að íslenskum landbúnaði þessa dagana og það séu margir fletir í umræðunni sem þurfi að vera skýrari.

„Það er samfélagslega mikilvægt að ræða þessi mál án sleggjudóma. Landbúnaður snýst um samfélagið okkar, þjóðina, heilsu og náttúruvernd. Allt eru þetta málefni sem eru gríðarlega mikilvæg, ekki bara hér á landi, heldur alls staðar í heiminum. Matvælaframleiðsla, lýðheilsa og sjálfbærni eru stór þáttur í verkefnum allra stjórnvalda í heiminum. Ísland hefur ennþá sterka stöðu í þessum efnum og hana ber að verja. FESK mun leggja sitt af mörkum til að svo megi verða áfram," segir Sigmar.

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

Íbúum Skagafjarðar verður tryggður aðgangur að hreinu vatni, lofti sem og náttúru og útivistarsvæðum samkvæmt umhverfisstefnu sem unnið er að á vegum Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Mynd / MÞÞ

## Byggðarráð Skagafjarðar undirbýr gerð umhverfisáætlunar:

# Leitast verður við að takmarka alla sóun verðmæta

**Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur samþykkt að fela sveitarstjóra ásamt umhverfis- og samgöngunefnd gerð umhverfisáætlunar fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð fyrir árin 2020 til 2040.**

Umhverfisáætlun sveitarfélagsins skal ná yfir alla þá þætti er snúa að umhverfismálum í sveitarfélaginu og skal eitt af megin markmiðum áætlunarinnar vera að kolefnisjafna sveitarfélagið fyrir árið 2040 sem og að uppfylla þau umhverfismarkmið sem fram koma í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Umhverfisstefnan og aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar skulu vera í innbyrðis samræmi.

Fram kemur í greinargerð með samþykktinni að Sveitarfélagið Skagafjörður hafi verið leiðandi í úrgangsmálum og sorpflokkun á Íslandi og er stefnt að því að gera enn betur á því sviði, einkum í dreifbýli. Einnig að skoða þurfi möguleika á framleiðslu lífdísils úr þeim úrgangi sem fellur til innan sveitarfélagsins.

Íbúum Skagafjarðar verði tryggður aðgangur að hreinu vatni, lofti sem og náttúru og útivistarsvæðum. Leitast skal við að takmarka alla sóun verðmæta s.s. matar til að takmarka myndun úrgangs og stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu.

### *Fjölga þarf hraðhleðslustöðvum*

Sveitarfélagið Skagafjörður þarf að vera tilbúið undir orkuskiptin sem nú þegar eru hafin og vera leiðandi sveitarfélag þegar kemur að notkun endurnýtanlegra orkugjafa s.s. rafmagns í stað jarðefnaeldsneytis. Fjölga þarf hraðhleðslustöðvum innan sveitarfélagsins sem og tryggja að skip sem liggja við bryggju hafi aðgang að rafmagni. Til að framangreint nái fram að ganga þarf dreifing raforku um Skagafjörð að vera tryggð.

### *Neikvæð áhrif á umhverfi í lágmarki*

Sveitarfélagið Skagafjörður mun stuðla að og vera í fararbroddi í vistvænum innkaupum á hvers lags vörum og þjónustu fyrir sveitarfélagið. Leitast skal við að í öllum ákvarðanatökum, framkvæmdum, rekstri, innkaupum og annarri starfsemi sveitarfélagsins séu neikvæð áhrif á umhverfi og náttúru í lágmarki.

Binding CO2 úr andrúmsloftinu með skógrækt og endurheimt votlendis skal aukin verulega á umræddu tímabili í samráði við Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins. */MÞÞ*

## Ísland tekur á móti 75 flóttamönnum í ár:

# Fimm manna fjölskylda fer á Selfoss

**Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra gerði á dögunum samning við Gísla Halldór Halldórsson, bæjarstjóra Árborgar, um móttöku fimm manna fjölskyldu flóttafólks frá Sýrlandi.**

Samningurinn snýr að móttöku, aðstoð og þjónustu við fimm flóttamenn á tímabilinu 2019–2021. Fólkið kom til landsins í maí síðastliðinn ásamt 42 öðrum flóttamönnum sem settust að á Hvammstanga og á Blönduósi.

Fólkið er hingað komið fyrir tilstuðlan íslenskra stjórnvalda og Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Þetta er í annað sinn sem Árborg tekur á móti flóttafólki í samstarfi við íslensk stjórnvöld og hefur myndast mikil þekking og reynsla hjá sveitarfélaginu við móttöku flóttafólks.

### *75 flóttamenn í ár*

Íslensk stjórnvöld hafa á undanförnum árum aukið verulega við móttöku flóttafólks í samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, sveitarfélög landsins og Rauða krossinn en aldrei hafa jafn margir einstaklingar verið á flótta í heiminum og nú. Í ár verður í heildina tekið á móti 75 einstaklingum. Annars vegar flóttafólki frá Líbanon sem kemur frá Sýrlandi og hins vegar flóttafólki frá Kenía sem kemur víðs vegar frá Afríku.

Ásmundur Einar og Gísli Halldór eftir að þeir höfðu skrifað undir samninginn um mótttöku fimm manna fjölskyldu frá Sýrlandi í Árborg. Mynd / Stjórnarráðið

„Móttaka flóttafólks hér á landi hefur gengið vel og er um að ræða farsælt samstarf á milli sveitarfélaga, ríkis og Rauða krossins á Íslandi. Eg bind vonir við að svo verði áfram," segir Ásmundur Einar. Gísli Halldór, bæjarstjóri í Árborg, er ánægður með móttöku flóttamanna þar. „Já, okkur hefur gengið mjög vel, fólkið er ánægt í sveitarfélaginu og við gerum okkar allra besta til að styðja við bakið á því." */MHH*

# Sjö sóknaráætlunarverkefni fengu 71,5 milljónir í styrki frá Byggðastofnun

**Á fundi Byggðastofnunar og framkvæmdastjóra og formanna landshlutasamtaka sveitarfélaga á Laugarbakka í Miðfirði þann 3. júní sl. voru undirritaðir samningar um styrki til sex landshlutasamtaka vegna sjö verkefna.**

Styrkirnir eru veittir á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2018-2024. Að þessu sinni var 71,5 milljónum króna úthlutað fyrir árið 2019, en alls bárust 19 umsóknir um styrki að fjárhæð rúmar 278 m.kr. Þetta kemur m.a. fram á heimasíðu Byggðastofnunnar.

Markmiðið með framlögum til sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða er að færa heimamönnum aukna ábyrgð á ráðstöfun fjármuna og tengja sóknaráætlanir landshluta við byggðaáætlun. Lögð er áhersla á að styrkja svæði þar sem er langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.

Verkefnin sjö sem hlutu styrk árið 2019 eru eftirfarandi:

***Gestastofa Snæfellsness***

- Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi fékk styrk til að efla Gestastofu Snæfellsness. Gestastofan gegnir lykilhlutverki við eflingu ferðaþjónustu á sunnanverðu nesinu. Þar verður miðlað upplýsingum og þekkingu um svæðið til ferðamanna. Styrkurinn nýtist til endurbóta á húsnæði og lagfæringa á umhverfi þess. Verkefnið er styrkt um 10.000.000 kr.

***Þekkingarsetur í Skaftárhreppi***

- Samtök sunnlenskra sveitarfélaga fengu styrk til að undirbúa hönnun á þekkingarsetri á heimavist Kirkjubæjarskóla. Breyta á heimavistarálmu, ljúka hönnun og gera útboðsgögn fyrir nýbyggingu Erróseturs. Verkefnið er styrkt um kr. 17.500.000 á árinu 2019 og um 25.000.000,- árlega árin 2020-2021, samtals kr. 67.500.000.

***Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði***

- Samtök sveitarfélaga á Austurlandi fengu styrk fyrir tilraunaverkefni um byggðaþróun á sviði menningar, menntunar og atvinnusköpunar. Sköpunarmiðstöðin er tilraunaverkefni á sviði menningar, menntunar og atvinnusköpunar. Ráðast þarf í endurbætur á húsnæðinu og nýtist styrkurinn til þessa þáttar. Verkefnið er styrkt um 17.500.000 kr á árinu 2019 og kr 20.000.000,-árlega árin 2020-2021, samtals kr. 57.500.000.

***Orkuskipti og bætt orkunýting í Grímsey***

- Eyþing hlaut styrk til að skoða fýsileika orkuskipta fyrir Grímsey. Markmiðið er að hætta brennslu jarðefnaeldneytis í Grímsey, framleiða rafmagn og hita með lífdísli, vind- og sólarorku. Verkefnið er styrkt um kr 5.200.000.

***Strandakjarni – undirbúningur og verkefnisstjórn.***

- Fjórðungssamband Vestfirðinga fékk styrk til að vinna þarfagreiningu, viðskiptaáætlun o.fl. Uppbygging Strandakjarna er hugsuð fyrir fjölbreytta starfsemi undir sama þaki. Markmið verkefnisins er að standa undir þjónustu við íbúa með rekstri verslunar og annarri grunnþjónustu. Horft er til Merkur verkefnisins í Noregi. Verkefnið er styrkt um kr. 4.300.000,-.

***Vestfirðir á krossgötum – uppbygging innviða og atvinnulífs***

- Fjórðungssamband Vestfirðinga fékk styrk til að taka saman gögn til að byggja á ákvarðanatöku og stefnumótun varðandi þær breytingar sem framundan eru vegna samgöngubóta og breytinga í atvinnulífi, t.d. fiskeldi. Gera á viðhorfskönnun og greiningu á samfélagslegum áhrifum samgöngubóta, og á áhrifum fiskeldis. Verkefnið er styrkt um kr. 12.000.000.

***Hitaveituvæðing Óslandshlíðar, Viðvíkursveitar og Hjaltadals***

- Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hlutu styrk til að leggja stofnlögn hitaveitu og tengja borholu í Fljótum. Þannig verður miðsvæði Skagafjarðar tengt hitaveitu árið 2021, en það er eina svæðið í sveitarfélaginu sem ekki hefur hitaveitu. Verkefnið er styrkt um kr. 5.000.000. */MHH*



Frá undirrituninni á Laugarbakka, talið frá vinstri, Eggert Kjartansson, formaður Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga, Helga María Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Eyþings, Einar Már Sigurðarson, formaður Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV), Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar. Mynd / Byggðastofnun

FRÉTTIR

# Kvikmyndahátíðin BRIM á Eyrarbakka í haust

**Á síðasta fundi hverfisráðs Eyrarbakka gerði Guðmundur Ármann Pétursson grein fyrir kvikmyndahátíðinni BRIM, sem hann hefur undirbúið og haldin verður á Eyrarbakka laugardaginn 28. september í haust.**

Guðmundur Ármann, sem vinnur nú að undirbúningi kvikmyndahátíðar á Eyrarbakka laugardaginn 28. september. Guðmundur var framkvæmdastjóri Sólheima í Grímsnesi til nokkurra ára. Mynd / MHH

Markmið hátíðarinnar er að fræða, tengja fólk og skóla á nýjan samfélagslegan hátt og að bregðast við einu stærsta umhverfismáli samtímans, sem felst í aukinni notkun plasts, eyðingu þess, uppsöfnun og mengun af völdum plasts, sérstaklega í heimshöfunum. Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri er einn af þeim aðilum sem koma að verkefninu, en unglingastig skólans mun gera stuttmyndir og annað miðlunartengt efni er varðar plastmengun sjávar.

Óskað verður eftir samstarfi við einstaklinga og fjölskyldur, því stefnan er að kvikmyndasýningarnar fari fram á heimilum fólks.

Hverfisráðið fagnaði framtaki Guðmundar á fundinum enda umfjöllunarefni hátíðarinnar aðkallandi og mikilvægt að brugðist sé við til þess að sporna við aukinni mengun af völdum plastnotkunar.

*/MHH*

Alþjóðleg myndlistarsýning:

# Rúllandi snjóbolti/12 á Djúpavogi

**Alþjóðlega myndlistarsýningin „Rúllandi snjóbolti/12“ verður opnuð laugardaginn 13. júlí kl. 15.00 í Bræðslunni á Djúpavogi sem breytt hefur verið í sýningarsal.**

Rúllandi snjóbolti verður í Bræðslunni á Djúpavogi.

Alls taka 24 listamenn frá Íslandi, Evrópu, og Asíu þátt í sýningunni sem er skipulögð af Chinese European Art Center (CEAC). Heiðursgestur opnunarhátíðar sýningarinnar verður Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra.

Sýningin, sem er ein stærsta samtímalistasýning á Íslandi, er samvinnuverkefni Djúpavogshrepps og CEAC. Sýningin hlaut Menningarverðaun Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) árið 2015 og tilnefningu til Eyrarrósarinnar árin 2016, 2017 og 2018. CEAC er sjálfseignarstofnun og var stofnuð árið 1999 af Ineke Guðmundsson með fjárhagslegum stuðningi eiginmanns hennar, Sigurðar Guðmundssonar. Eitt af markmiðum CEAC er að stuðla að menningarlegum samskiptum milli Kína og Vesturlanda. Djúpavogshreppur er aðili að Cittaslow-hreyfingunni sem eru samtök lítilla sveitarfélaga í 30 löndum og ríkjum víðs vegar um heiminn. „Markmið Cittaslow er að auka lífsgæði og ánægju fólks með því að veita hnattvæðingu, einsleitni og hraðaárattu í borgum og bæjum nútímans viðnám og heiðra þess í stað sérstöðu hvers sveitarfélags fyrir sig. Cittaslow-sveitarfélög leggja m.a. áherslu á verndun náttúru og menningarminja, fegrun umhverfis, umhverfisgæði, eflingu staðbundinnar matarmenningar, gestrisni, kurteisi og vinsamlegt viðmót. Það er í þeim anda sem Djúpavogshreppur tekur þátt í sýningunni í samvinnu við CEAC“, segir Gréta Mjöll Samúelsdóttir, menningarmálafulltrúi Djúpavogshrepps.

*/MHH*

# Rekstrartruflanir á tölvukerfum BÍ

**Nokkur tölvukerfi Bændasamtakanna lágu niðri í byrjun vikunnar og töluverðan tíma tók að endurheimta gögn af afritunardiskum til þess að koma öllu í samt lag. Bilun varð í svokallaðri diskastæðu sem geymir gögn tölvukerfa BÍ sem vistuð eru í Bændahöllinni.**



Kerfin sem urðu fyrir barðinu á biluninni voru meðal annars Fjárvís og dk-bóhaldskerfið auk innanhússkerfa eins og tölvupósts- og útgáfukerfa Bændablaðsins.

Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri BÍ, segir að þetta sé alvarlegasta bilun sem komið hafi upp í tölvukerfum samtakanna um árabil.

„Kerfisstjórinn okkar og samstarfsfólk hafa unnið nær óslitið við að endurheimta gögn og koma öllu í lag. Mögulega glötuðust skammtímagögn sem unnin voru daginn sem kerfin fóru niður en útlit er fyrir að það takist að endurheimta allt. Það tekur þó alveg út vikuna að ljúka yfirferð.“

Að sögn viðgerðarmanna var strax, þegar bilunin kom upp, hafist handa við að sækja afrituð gögn og koma þeim fyrir að nýju á hörðum diskum. Allt hefur gengið að óskum en verkið tók langan tíma vegna mikils gagnamagns. Í tilkynningu á vef BÍ voru notendur beðnir velvirðingar á þeim óþægindum sem bilunin kann að valda.

Fljótsdalshérað er stærsta sveitarfélagið í fyrirhugaðri sameiningu og þar er jafnframt stærsta bæjarfélagið á Austurlandi, Egilsstaðir, með yfir 2.500 íbúa. Myndir / HKr.

Borgarfjörður, Djúpivogur, Fljótsdalshérað og Seyðisfjörður:

# Kosið um sameiningu fjögurra sveitarfélaga í lok október

**Samstarfsnefnd um mögulega sameiningu fjögurra sveitarfélaga á Austurlandi hefur ákveðið að íbúar kjósi um sameininguna og leggur til að kosningin verði laugardaginn 26. október. Íbúar í sameinuðu sveitarfélagi yrðu um 4.800 talsins. Verði af sameiningunni fækkar sveitarfélögum á Austurlandi úr sjö í fjögur.**

Seyðisfjörður er eitt þeirra sveitarfélaga sem mögulega gengur inn í stóra sameiningu í haust. Mynd / HKr.

Borgarfjörður eystri. Þar voru skráðir 77 íbúar um síðustu áramót samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.

Í skýrslunni Sveitarfélagið Austurland – stöðugreining og forsendur tillögu um sameiningu Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar, má finna greiningu og hugmyndir um mögulega framtíðaruppbyggingu sveitarfélagsins, verði sameining samþykkt. Greiningin er m.a. byggð á upplýsingum frá sveitarfélögunum, vinnu starfshópa sem samstarfsnefndin skipaði og vinnu á íbúafundum. Jafnframt var aflað gagna úr opinberum skýrslum og gagnagrunnum.

Sveitarfélögin fjögur samþykktu í október í fyrra að hefja formlegar sameiningarviðræður, skipuð var samstarfsnefnd með þremur fulltrúum frá hverju sveitarfélagi og liggur skýrsla nefndarinnar nú fyrir, en verkefnið hefur gengið undir nafninu Sveitarfélagið Austurland. Jöfunarsjóður sveitarfélaga hefur veitt framlag til verkefnis og staðið undir öllum kostnaði við vinnslu verkefnisins.

***Fjölbreytt atvinnulíf***

Fram kemur í skýrslunni að sameinað sveitarfélag yrði með fjölbreytt atvinnulíf og auðvelt yrði að takast á við sveiflur í atvinnu- og íbúaþróun. Það yrði að auki sterkari eining í hagsmunabaráttu varðandi samgöngu- og byggðamál. Samstarf sveitarfélaganna er umfangsmikið en með sameiningu ætti flækjustig að minnka og skilvirkni að aukast. Þá myndi kjörnum fulltrúum fækka frá því sem nú er og uppbygging stjórnskipulags yrði einfaldari. Eins kemur fram að leik- og grunnskólar verði reknir áfram á hverjum stað en samstarf og samskipti aukin.

Hvert sveitarfélag er með sínu móti og sameinað sveitarfélag yrði með fjölbreytt atvinnulíf þar sem sjávarútvegur, landbúnaður, ferðaþjónusta og fiskeldi yrðu helstu stoðir. Innan svæðisins er þjóðgarður, mörg svæði á náttúruminjaskrá, vatnsverndarsvæði. Samgöngur eru almennt góðar innan þess en þó einnig yfir erfiða fjallvegi að fara á milli þéttbýlisstaða. Þykir nauðsynlegt að bæta samgöngur milli byggðakjarna og er það áhersluverkefni allra sveitarfélaganna.

*/MÞÞ*

Djúpivogur er syðsta sveitarfélagið í fyrirhugaðri sameiningu og var með 364 íbúa um síðustu áramót.

# Húnaþing vestra rýfur 1.200 íbúa múrinn

**Íbúum Húnaþings vestra hefur fjölgað um tuttugu frá 1. desember í fyrra til 1. júlí á þessu ári og eru þeir nú 1.201 samkvæmt nýjum tölum Þjóðskrár Íslands.**

Borðeyri við Hrútafjörð. Mynd / HKr.

Tjörn í Skagabyggð. Mynd / HKr.

Fjölgunin í Húnaþingi vestra er hlutfallslega 1,7%, en á landinu öllu fjölgaði íbúum um 1%, þannig að þróunin er töluvert yfir landsmeðaltalinu.

Á Norðurlandi vestra fjölgaði um 1,1% á tímabilinu, hlutfallslega langmest í Skagabyggð. Þar fjölgaði um níu íbúa, eða 10,2%. Í Sveitarfélaginu Skagafirði hefur fjölgað um 34 íbúa, eða 0,9%, í Blönduósbæ hefur fjölgað um sjö íbúa, eða 0,7% og í Sveitarfélaginu Skagaströnd hefur fjölgað um átta, eða 1,7%. Í Húnavatnshreppi hefur fjölgað um fimm íbúa, eða 1,3%, og í Akrahreppi hefur fækkað um einn íbúa, eða 0,5%. Þetta kemur fram á vefnum huni.is.

*/MÞÞ*

# Landselsstofninn við Ísland nálægt sögulegu lágmarki

## – Hafrannsóknastofnun leggur til bann við beinum veiðum

**Hafrannsóknastofnun hefur lagt til að beinar veiðar á landsel verði bannaðar. Stofnunin leggur einnig til að leitað verði leiða til að draga úr meðafla landsels við netaveiðar. Landselsstofninn er metinn vera 72% minni en árið 1980.**

Samkvæmt því sem segir á vef Hafrannsóknastofnunar um leyfi til takmarkaðra beinna veiða sé mikilvægt að veiðistjórnunarkerfi verði innleitt og skráningar á öllum veiðum verði lögbundnar. Jafnframt leggur stofnunin til að reynt verði að takmarka möguleg truflandi áhrif af athöfnum manna á landsel, sérstaklega í maí til ágúst þegar kæping og háraskipti eiga sér stað.

Landselsstofninn er metinn vera um 9.400 dýr, en samkvæmt stjórnunarmarkmiðum fyrir landsel við Ísland skal stofnstærðin vera um 12 þúsund dýr. Mynd / Hafró

### *Mat á stofnstærð*

Hafrannsóknastofnun hefur í samvinnu við Selasetur Íslands lokið vinnu við mat á stærð landselsstofnsins við Ísland, byggt á talningum sem fram fóru sumarið 2018.

Landselsstofninn er metinn vera um 9.400 dýr. Frá árinu 1980 hafa reglubundnar talningar farið fram til að meta stofnstærð og breytingar í stofnþróun tegundarinnar við Ísland. Stofninn er nú metinn vera 72% minni en árið 1980, en 23% stærri en árið 2016 þegar sambærilegt stofnstærðarmat var síðast unnið.

### *Stofn nálægt sögulegu lágmarki*

Mesta fækkunin í stofninum átti sér stað frá árinu 1980 til ársins 1989 og benda niðurstöður undanfarinna ára til að stærð stofnsins sveiflist nú nálægt sögulegu lágmarki. Samkvæmt stjórnunarmarkmiðum fyrir landsel við Ísland skal lágmarks stofnstærð vera 12.000 selir. Niðurstöður stofnmatsins gefa til kynna að fjöldinn sé nú um 21% minni. Mikilvægt er því að grípa til aðgerða til að ná þeim markmiðum sem stjórnvöld hafa sett. */VH*

Selir í makindum á skeri fyrir framan bæinn Hvítanes í Skötufirði við Ísafjarðardjúp. Mynd / HKr.

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir.

Húnaþingi vestra

## Ragnheiður Jóna nýr sveitarstjóri

**Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir hefur verið ráðin sveitarstjóri í Húnaþingi vestra. Hún tekur til starfa 15. ágúst næstkomandi. Fráfarandi sveitarstjóri er Guðný Hrund Karlsdóttir sem sagði starfi sínu lausu.**

Sveitarstjórn réði í starfið án auglýsingar en á fundi hennar nýverið var lögð fram tillaga um að ráða Ragnheiði Jónu í starfið og var sú tillaga samþykkt samhljóða.

Ragnheiður Jóna starfaði síðast sem framkvæmdastjóri afmælisnefndar í tilefni aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands en þar áður starfaði hún sem menningarfulltrúi Eyþings og sem verkefnastjóri uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra.

Ragnheiður Jóna lauk MA-prófi í menningarstjórnun frá Háskólanum á Bifröst og BA-prófi í nútímafræðum frá Háskólanum á Akureyri. */MÞÞ*

YARA

YaraVita®

Nú er tíminn fyrir YaraVita

| Tegund | Stærð | N | P | K | Ca | Mg | S | B | Cu | Mn | Mo | Fe | Zn |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Brassitrel Pro | 10 L | 4,5 | | | 5,8 | 4,6 | | 3,9 | | 4,6 | 0,3 | | |
| Solatrel | 10 L | | 13 | 4,2 | 0,7 | 2,7 | | | | 0,7 | | | 0,3 |
| Gramitrel | 10 L | 3,9 | | | | 9,1 | | | 3,0 | 9,1 | | | 4,9 |
| Croplift | 5 kg | 20 | 3,5 | 11,6 | | 1,2 | 5 | 0,04 | 0,2 | 0,26 | 0,006 | 0,02 | 0,14 |

YaraVita Brassitrel 10L - Repja, bygg, hafra og grænmeti

YaraVita Brassitrel Pro er fljótandi áburður sem inniheldur gott jafnvægi nauðsynlegra næringarefna og hentar sérstaklega vel í ræktun á grænmeti. Hreinleiki frumefnanna sem notuð eru í Brassitrel Pro tryggir örugga dreifingu og gæði afurða. Hröð upptaka og langvirk áhrif.
Auðvelt að mæla og blanda í dreifara.

Kartöflur, gulrætur og annað grænmeti - YaraVita Solatrel 10L

YaraVita Solatrel veitir plöntunum hraðvirka næringu sem styrkir þær og auðveldar vöxt á þeim tíma sem vaxtarhraði er mestur. Inniheldur gott jafnvægi fosfórs og annarra nauðsynlegra næringarefna.
Fosfór er nauðsynlegt næringarefni fyrir kartöflur og er fljótandi áburður skilvirk og þægileg leið til að auka uppskeru og vöxt kartaflna, auk þess að viðhalda gæðum.
Auðvelt að mæla og blanda í dreifara.

YaraVita Gramitrel 10L - Bygg og hafra

YaraVita Gramitrel er sterkur fljótandi áburður, sem inniheldur öll nauðsynleg næringarefni í góðu jafnvægi, fyrir korn. Hreinleiki frumefnanna sem notuð eru í Gramitrel tryggir örugga dreifingu og gæði afurða. Hröð upptaka og langvirk áhrif. Auðvelt að mæla og blanda í dreifara.

Bygg, kartöflur og annað grænmeti - YaraVita Croplift 10kg

YaraVita Croplift er í duftformi og blandast í vatn. Croplift inniheldur köfnunarefni, fosfór og kalí, en einnig brennistein, magnesíum og snefilefni. Croplift er hannað til að bæta upp skort á þeim næringarefnum sem algengt er að vanti í jarðveginn. Tryggir plöntum næringarefni á örum vaxtartíma eða á þeim tíma sem þörfin er mest (í upphafi sprettu hjá korni og repju, eða á erfiðasta vaxtarskeiði kartaflna).

Sláturfélag Suðurlands svf. | Fosshálsi 1, 110 Reykjavík | Sími 575-6000 | www.yara.is

HLUNNINDI & VEIÐI

# Veiðiferð hjá feðgum á Dalvík

**Það er víða hægt að fara og renna fyrir fisk, vötn og ár þar sem gaman er að renna fyrir fiska. Gefum Kristni Boga Antonssyni orðið en hann var að veiða fyrir skömmu með syninum.**

„Við feðgar, ég og Jóhann Nóel, skruppum á flóðinu niður í sandfjöruna hér fyrir neðan Dalvík eftir vinnu hjá mér. Við köstuðum í um einn og hálfan tíma í alveg frábæru veðri, léttskýjuðu og ríflega 20 stiga hita. Ég sá fiskinn vel þegar hann kom á fljúgandi siglingu meðfram ströndinni og negldi 12 gr. Tobyinn – þvílík sýning!

Drengurinn þurfti svo að þreyta dýrið í nokkrar mínútur þar sem notaðar voru nettar silungagræjur og svona stærð af sjóbirtingi lætur finna vel fyrir sér! Þegar ég gerði að honum þegar heim var komið datt sandsíli út úr honum og því skiljanlegt að hann hafi stokkið á Tobyinn. Það verður svo veislugrill á morgun. Fiskurinn var 60 cm og 2,5 kg," sagði Kristinn Bogi enn fremur um veiðina.

Feðgarnir á veiðislóðum við Dalvík.

# Silungsveiði víða góð

**Það er alveg hægt að segja að silungsveiðin sé góð þessa dagana, annað en með laxveiðina, allavega hér á Vesturlandi meðan ekki nær að rigna nema dag og dag. Það þarf að rigna í marga daga, helling.**

„Við fengum fína fiska í Apavatni, flotta urriða og það er gaman að þessu," sagði Anna M. Hálfdánardóttir, sem var við veiðar í Apavatni fyrir skömmu við annan mann en hún hefur oft veitt í vatninu og fengið góða veiði.

„Apavatnið er skemmtilegt og silungurinn finn til átu," sagði Anna og hélt áfram að veiða. Urriðinn var í tökustuði og það var fyrir mestu.

Á Þingvöllum hafa veiðimenn verið að fá flottar bleikjur. Ríkharður Hjálmarsson var þar fyrir skömmu og veiddi flotta fiska, hann hefur stundað vatnið mikið. Já, silungsveiðin er víða góð. Hlíðarvatn í Hnappadal hefur gefið og Hreðavatn en fiskurinn mætti vera aðeins stærri.

„Við fórum um daginn og fiskurinn var smár í Hreðavatni, mætti vera aðeins stærri," sagði María Gunnarsdóttir, sem var á veiðislóðum fyrir fáum dögum.

Hraunsfjörðurinn hefur verið að gefa og svona mætti lengi telja, silungsveiðin er góð. Veðurfarið hefur verið fínt til veiða.

Veiðimaður kastar flugunni fyrir fiska í Elliðavatni. Mynd / Maria Gunnarsdóttir

KÆLI- & FRYSTI-BÚNAÐUR

Carrier

BÍLAR
Kæli- & frystibúnaður frá Carrier í miklu úrvali.
Fyrir allar gerðir af sendi- og flutningabílum.

HURÐIR fyrir kæla
Hentar afar vel fyrirtækjum í landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði.

Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP ehf
VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI
Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is

# Fljótaá hefur allt sem þarf

Gunnar Bender
gunnarbender@gmail.com

**„Þetta er þriðja árið sem ég fer í Fljótaá og ég verð hrifnari af henni í hvert skipti. Hún hefur allt, sjóbleikju, lax, sjóbirting og stórbrotna náttúrufegurð," segir Ingvi Örn Ingvason sem var að koma úr ánni fyrir fáum dögum með hörku veiðimönnum.**

En fátt er skemmtilegra en að veiða fallegar bleikjur á fluguna.

„Við vorum fjórir sem gerðum okkur ferð norður þetta árið, ég, pabbi, Ingvi Hrafn Hafsteinsson, bróðursonur minn og Alexander Ferro, sonur minn. Tilhlökkunin hjá þessum yngstu er jafn mikil, ef ekki meiri fyrir þessari árlegu ferð okkar. Haddi bróðir minn, „súpergædinn" sjálfur, komst ekki með þar sem hann var við vinnu erlendis.

Við vorum komnir í Bergland, veiðihúsið við Fjótaá, um kl. 15.30 á fimmtudegi og vaktin byrjaði kl. 16. Byrjað var á svæði 1, rétt fyrir neðan Skeiðarfossvirkjun og vorum við allir frekar léttklæddir, enda 20 stiga hiti á svæðinu.

Drengirnir voru með einfalt markmið fyrir ferðina, veiða meira heldur en í fyrra. Við náðum fyrstu bleikjunni fljótlega í Kvíslarhorni og misstum svo aðra fljótlega eftir það, þetta byrjaði með besta móti. Við færðum okkur ofar og fórum í Bakkahyl. Þar var allt pakkað af fiski en enginn vildi gæða sér á púpum og þar að auki var ég alltaf að festa í botni þar sem flæðið var heldur hægt. Ég ákvað að prófa pínulitla þurrflugu í fyrsta sinn á ævinni og viti menn, það virkaði strax.

Fyrsta vaktin var því nokkuð fjörug, tvær bleikjur á land og þrjár misstar. Við gengum því sáttir inn í veiðihús að vakt lokinni og vorum allir tilbúnir í alvöru veiðimannamat að hætti pabba.

Við áttum svæði 2 morguninn eftir og ákvað ég að byrja daginn einn þar sem drengirnir voru greinilega mjög þreyttir eftir langt ferðalag og góða kvöldvakt. Ég gerði kaffið klárt og skellti mér af stað. Ég náði tveimur bleikjum við neðri-rafstöðina strax áður en ég færði mig neðar í ánni.

Í Löngueflúð setti ég í stóra bleikju sem lét sig gossa með straumnum niður ána áður en ég landaði henni í hyl sem reyndist heita Bjarnabreiða. Mér þótti hann álitlegur og ákvað að kasta á hann, fljótlega kom önnur væn bleikja sem lét einnig hafa fyrir sér. Ég gæti hæglega verið einn við veiðar við þessa á og skemmt mér konunglega, svo skemmtileg er hún og falleg.

Ingvi Hrafn Hafsteinsson og Alexander Ferro Ingvason með vænan bleikjuafla úr Fljótaá.

Klukkan tíu vakti ég restina af föruneytinu til að klára vaktina með mér. Ingvi Hrafn Hafsteinsson, unglingurinn í hópnum, náði svo að veiða eina væna bleikju og var því heildaraflinn sex á vaktinni og allir í skýjunum.

Það er venjan í þessum ferðum að taka eina frívakt og fara á Siglufjörð á ættarslóðir fjölskyldunnar. Pabbi skellti sér í golf á meðan við hinir fórum í sund, fengum okkur ís og röltum um þennan fallega bæ á meðan ég sagði drengjunum sögur sem mér höfðu verið sagðar af langalangafa þeirra, Ole Tynes, sem var ansi stórtækur á síldarárunum á fyrri hluta síðustu aldar.

Síðasta vaktin var á svæði þrjú en þar gerðum við gott mót í fyrra og hittifyrra. Við byrjuðum í Prestlænu þar sem Alexander náði að veiða sína fyrstu bleikju. Ingvi Hrafn fylgdi svo eftir og veiddi ekki eina, heldur tvær bleikjur í einu þegar önnur bleikja tók einnig dropperinn. Við vörðum svo restinni af vaktinni á kunnuglegum stöðum, Möngubrotsvaði og svo Kobbaskarðshyl. Okkur hefur alltaf vegnað vel á þessum stöðum og það var engin undantekning á því í ár en samtals lönduðum við sjö bleikjum, eða tíu samtals á vaktinni. Drengirnir tveir voru í aðalhlutverki á meðan ég brá mér í hlutverk leiðsögumanns af mikilli ánægju. Ég fékk samt einnig að kasta og náði óvænt í sjóbirting sem lét mig heldur betur finna fyrir sér og rauk með mig niður ána.

Að kljást við kröftugan birting með fimmu er mikið ævintýri. Við náðum honum samt á land en ákváðum að gefa honum frelsi á ný. Vaktin skilaði því samtals 10 bleikjum og einum sjóbirtingi. Heildarafli ferðarinnar var því 19 fiskar, markmiði drengjanna var því náð og rúmlega það.

Við kvöddum svo Bergland og Fljótaá enn á ný og erum strax farnir að hlakka til að heimsækja hana og Siglufjörð aftur að ári," segir Ingvi Örn um veiðiferðina í Fjótin.

# Nýsköpun í veiðinni

**„Já, ég fór að veiða um daginn í Ytri Rangá og það var verulega gaman," sagði Axel Ingi Viðarsson veiðimaður, er við náðum í hann á hlaupum, nýbúinn að halda upp á 30 ára afmælið sitt á Selfossi.**

Axel er með ýmislegt í farvatninu fyrir veiðimenn eins og The Fly Ring sem vaknaði hjá honum árið 2017.

„Það var fyrir tveimur árum en ég tók upp á því að festa bestu flugurnar mínar á lyklakippu, í stað þess að þurfa alltaf að fara upp á árbakkann til að sækja nýja flugu. Þetta hefur komið smátt og smátt og nú er þetta orðið að veruleika. Þetta sparar heldur betur fyrir mann tímann þegar maður ætlar að ná sér í nýja og nýja flugu. Þá hangir þetta bara utan á manni á vestinu. Ég hef fengið flott viðbrögð við þessu, meira að segja víða um heim, hef kynnt þetta á veiðisýningum erlendis," sagði Axel enn fremur. Það var stutt í næsta veiðitúr hjá Axel og þá yrði þetta reynt aftur og aftur. Hugmyndin er verulega góð.

Fjör við Ytri Rangá en Axel er í miðjunni með lax úr ánni.

# Bændur standa saman

## Aðild að Bændasamtökunum borgar sig

Meginverkefni BÍ er að gæta hagsmuna stéttarinnar. Félagsleg samstaða er dýrmæt og öflug starfsemi samtakanna eykur slagkraft bænda. Með aðild að BÍ njóta félagsmenn ýmissa réttinda.

**Þinn ávinningur:**

- BÍ vinna að þínum hagsmunum og eru málsvari stéttarinnar
- Allt að 30% afsláttur af forritum BÍ
- Réttur til að taka þátt í atkvæðagreiðslum og könnunum á vegum samtakanna
- Aðgangur að starfsmenntasjóði og velferðarsjóði
- Ráðgjöf um réttindi og um málefni sem snerta bændur
- Bændaafsláttur á Hótel Sögu og orlofsíbúð á höfuðborgarsvæðinu

**Upplýsingar um félagsaðild**

Sími **563-0300**
Netfang **bondi@bondi.is**
www.**bondi.is**

Fulltrúar í þjónustuveri BÍ svara fyrirspurnum í síma **563-0300** og í netfangið **bondi@bondi.is**. Á bondi.is er hægt að skrá sig í samtökin.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Fylgstu með bændum á
Baendasamtok


Krone heyvinnuvélar
**klárar til afgreiðslu**

**Comprima CF155** samstæða
Lauskjarna samstæða með breytilegri rúllustærð.
Rúllustærð frá 1.25 og upp í 1.5 meter.
Lágmarks aflþörf aðeins 100 hestöfl.
Bæði plastfilmu- og netbinding.
Sjálfvirkt smurkerfi og vökvastýrð stíflulosun.
Tveggja öxla á flotmiklum dekkjum.
CCI ISOBUS stjórntölva og myndavélakerfi.

Aðeins ein vél eftir á þessu verði!
**9.990.000 + vsk.**

**EasyCut R 360**
Miðjuhengd sláttuvél.
Vinnubreidd 3.6 m.
**1.650.000 + vsk.**

**EasyCut F 320 M**
Dregin framsláttuvél.
Vinnubreidd 3.20 m.
**1.750.000 + vsk.**

**Swadro TC640**
Tveggja stjörnu múgavél.
Vinnubreidd 5.7-6.4 m.
**2.490.000 + vsk.**

HESJA
KRONE

Hesja ehf. | Sími 888 6415 | hesja.is | hesja@hesja.is

Síminn hjá okkur er
**888 6415**

# STEKKUR

## Iðunn, Mjallhvít, Eva og epli

**Vonda stjúpan gaf Mjallhvíti eitrað epli sem endaði í stórfurðulegri atburðarás og ekki voru afleiðingarnar minni þegar Eva gaf Adam eplið af viskutrénu.**

Í norrænni goðafræði er talað um gullepli Iðunnar sem viðhélt æskublóma ásanna en í þeirri grísku fleygði gyðjan Eris epli til Heru, Afródítu og Aþenu og á því stóð „til hinnar fegurstu“. París var fenginn til að skera úr um hver þeirra skyldi fá eplið og væri fegurst. Hann valdi Afródítu vegna þess að hún lofaði honum fegurstu konu jarðar, þannig fékk hann Helenu fögru og það var upphafið að Trójustríðinu.

Það eru sem sagt til viskuepli, ástarepli, Adamsepli, þrætuepli, epli góðs og ills og svo að sjálfsögðu matepli.

Upprunalegur vaxtarstaður epla er Kasakstan og fjalllendi Mið-Asíu og í náttúrulegum heimkynnum sínum ná eplatré 8 metra hæð.

Gróft áætlað eru til 7500 mismunandi tegundir og yrki af eplum sem eru mjög ólík að stærð og bragðgæðum.

Eplatrjám þarf að velja góðan stað í garðinum. Best er að koma þeim fyrir við suðurvegg og í góðu skjóli. Gott er að blanda hæfilegu magni af lífrænum áburði í jarðveginn áður en eplatré eru gróðursett.

Framræsla þarf að vera góð og gott er að jarðvegurinn sé eilítið sendinn. Við gróðursetningu skal gera svolítinn kúf á jarðveginn og planta trénu þannig að það standi aðeins ofar en jarðvegurinn í kring og það má alls ekki gróðursetja trén dýpra en þau stóðu áður.

Nauðsynlegt er að setja staur niður með trénu til að styðja við það fyrstu árin. Hæfilegt bil á milli trjáa er 3 til 5 metrar.

Eftir að eplatré hafa komið sér fyrir eru þau nægjusöm og nóg að kasta nokkrum kornum af áburði í jarðveginn í kringum þau tvisvar til þrisvar yfir sumarið. Gott er að vökva þau reglulega í þurrkatíð, sérstaklega á meðan aldinin eru að vaxa.

Ávaxtatré þola vel klippingu en óþarfi er að klippa þau mikið nema hugmyndin sé að móta þau sérstaklega.

Ræktuð eplatré eru undantekningalaust ágrædd. Það þýðir að ofanjarðarhlutinn, sem er framræktað yrki, er græddur á rót af villieplatré. Ástæðan fyrir þessu er sú að rót framræktaðra yrkja er lélegri en villirætur. Rætur villiepla eru mismunandi og kallast rótarstofnar.

Forsenda þess að vel takist til með ræktunina er að velja yrki sem reynst hefur vel. Yrki eru plöntur sem fjölgað er kynlaust og allir afkomendur eru sömu arfgerðar og móðurplantan. Plönturnar eru valdar til ræktunar vegna sérstakra eiginleika, hversu harðgerðar þær eru eða vegna mikillar uppskeru, bragðgæða eða blómfegurðar.

Frjóvgun blómanna er forsenda þess að aldin myndist og að við fáum epli á eplatrén okkar. Eplatré og ávaxtatré almennt eru það sem er kallað sjálffrjóvgandi eða ósjálffrjóvgandi og svo eru sum yrki það sem kallað er hálfsjálffrjóvgandi. Ef um er að ræða tré sem ekki frjóvga sig sjálf verður að hafa að minnsta kosti tvö tré af ólíkum yrkjum í garðinum til að frjóvgun geti átt sér stað. Þetta stafar af því að tré sem eru af sama yrki eru í raun sama planta sem fjölgað hefur verið kynlaust. */VH*

UTAN ÚR HEIMI

### Nýr umdeildur viðskiptasamningur ESB og Mercosur-ríkjanna í höfn:

# Viðskiptahindrunum verður rutt úr vegi og samningur sagður auka matvælaöryggi

**Evrópusambandið og Mercosur-ríkin - Argentína, Brasilía Paragvæ og Úrúgvæ, náðu þann 28. júní síðastliðinn pólitísku samkomulagi um alhliða viðskiptasamning ríkjanna.**

Samkvæmt sameiginlegri fréttatilkynningu ESB og Mercosur er Evrópusambandið nú stærsti viðskiptaaðili Mercosure ríkjanna og seldi þangað vörur fyrir 45 milljarða evra árið 2018 og 23 milljarða evra árið 2017.

Þá eru fyrirtæki inna Evrópusambandsins öflugust af öllum erlendum fjárfestum innan Mercosur ríkjanna. Þannig var fjárfest af hálfu félaga innan ESB fyrir 52 milljarða evra í þessum Suður-Ameríkuríkjum árið 2017.

***Markmiðið að fjarlægja viðskiptahindranir***

Markmiðið með nýjum viðskiptasamningi ESB og Mercosur ríkjanna er að fjarlægja viðskiptahindranir eins og tolla til að auðvelda og efla viðskipti milli þessara svæða. Fullyrt er í fréttatilkynningunni að mikill ávinningur verði af þessum samningi fyrir báða aðila, með auknum viðskiptatækifærum, auknum vexti og fjölgun atvinnutækifæra. Þá sé meiningin að auka gagnkvæm réttindi verkafólks, tryggja umhverfisvernd og hvetja fyrirtæki til að sýna aukna ábyrgð. Þá eigi samningurinn einnig að auka matvælaöryggi.

***Milljónir evrópskra bænda hafa mótmælt samningnum***

Þessi samningur sem unnið hefur verið að um langa hríð hefur verið mjög umdeildur, ekki síst er varðar tollfrelsi á innflutning á landbúnaðarafurðum frá Suður-Ameríkjuríkjunum til Evrópu.

Hafa 22 milljónir evrópskra bænda sem standa á bak við Copa Cogea, landbúnaðarviðskiptasamtök ESB, og og samstarfsfyrirtækja þeirra í landbúnaði mótmælt harðlega í aðdraganda þessarar samningsgerðar. Óttast evrópskir bændur neikvæð áhrif á evrópskan landbúnað. Hann geti ekki keppt við þann suður-ameríska á sömu forsendum og þar er heimilt að beita við framleiðsluna.

***Forðast að tala um innflutning landbúnaðarafurða til ESB***

Í kynningu ESB á samningnum sem birt er á vef Evrópuráðsins vekur athygli að megin áhersla er lögð á að útlista hvað hann hafi jákvæð áhrif á viðskipti frá Evrópu til Mercosur landanna með tollalækkunum. Hins vegar er forðast að minnast á þá hluti sem vakið hafa gagnrýni, þ.e. möguleg neikvæð áhrif á evrópskan landbúnað vegna gagnkvæmra tollalækkana og innflutnings t.d. á kjöti til Evrópu. Ekkert er á það minnst en hins vegar skilmerkilega greint frá því að tollar lækki á útfluttar mjólkurvörur frá ESB ríkjum um 28%, um 20% á súkkulaði og sælgæti, um 35% á sterkt áfengi og um 27% á léttvín. Þá lækki tollar vegna bílaútflutnings frá ESB löndum um 35%, um 14-20% af vélum, um 18% af kemískum efnum og um 14% af lyfjum. */HKr.*

# Fimmti hver frosinn kjúklingur í Brasilíu sýktur af salmonellu

## – Milljón kjúklingar seldir til Bretlands samkvæmt frétt Guardian og Bureau of Investigative Journalism

**Brasilía er stærsti útflytjandi frosins kjúklingakjöts í heiminum og flytur út um 4,3 milljón tonn á ári. Rannsóknir benda til að einn fimmti af kjötinu er sýkt af salmonellu sem getur valdið alvarlegri matareitrun og jafnvel dauða. Stór hluti kjötsins er fluttur til Evrópu þar sem hluti hans er unninn og seldur áfram.**

Samkvæmt því sem segir í frétt sem Guardian vann ásamt Bureau of Investigative Journalism hafa verið flutt út frá Brasilíu þúsundir tonna af salmonellusmituðu kjúklingakjöti síðastliðin tvö ár. Þar af hafa yfir milljón frosnir og heilir kjúklingar verið seldir til Bretlandseyja.

Brasilía er stærsti útflytjandi frosins kjúklingakjöts í heiminum og flytur út um 4,3 milljón tonn á ári sem seld eru í verslunum um allan heim.

Frosnir kjúklingaleggir frá Brasilíu.

***20% kjötsins sýkt***

Yfirvöld matvælaheilbrigðismála í Brasilíu hafa viðurkennt að 20% salmonellusýking í frosnu kjúklingakjöti sé allt of hátt hlutfall og að grípa verði til aðgerða til að draga úr sýkingum. Benda yfirvöld á að salmonellusýkingin sé hættulaus sé kjötið rétt matreitt en að fólk geti sýkst ef það meðhöndlar hrátt kjöt.

Árið 2017 voru ellefu starfsmenn við matvælaeftirlit í Brasilíu handteknir og dæmdir fyrir mútuþægni. Í ákæru á hendur mönnunum voru þeir sagðir hafa þegið fé frá stórum kjötvinnslum til að líta fram hjá notkun á skemmdu kjöti og kjöti sem sýkt var af salmonellu í tilbúna rétti og til frystingar til útflutnings.

Salmonella hefur greinst í 370 tilfella þegar gerðar hafa verið stikkprufur á frosnu kjúklingakjöti frá Brasilíu við tollskoðun inn í Evrópusambandið síðan í apríl 2017. Að öllu jöfnu eru gerðar stikkprufur á fimmtu hverri kjúklingakjötsendingu sem berst frá Brasilíu til landa Evrópusambandsins. */VH*

# Rannsaka mögulegt matvælasvindl með innflutt svínakjöt til Bretlandseyja

**Undanfarin ár hafa verið tekin sýni af svínakjöti í stórverslunum á Bretlandseyjum. Tilgangur sýnatakanna er að athuga hvort verslanir hafa verið að selja innflutt svín sem bresk.**

Samtök sem kallast Agriculture and Horticulture Development Board, AHDB, hafa nú ákveðið að útvíkka sýnatökurnar og athuga stöðu mála hjá minni verslunum og kjötkaupmönnum.

Átakið kemur í kjölfar þess að bresk afurðastöð sem seldi vörur sínar undir heitinu Great British notaði að mestu innflutt erlent hráefni. Upprunamat á kjötinu fer fram með rannsóknum á ísótópum en slíkar rannsóknir sýna hvaðan viðkomandi dýr eða afurð er upprunnin en ísótópar eða samsætur er eins konar efnafræðilegt fingrafar.

**Bresk afurðastöð sem seldi vörur sínar undir heitinu Great British notaði að mestu erlent hráefni.**

Komi í ljós að

verið sé að selja kjöt sem ekki er breskt að uppruna er um lögreglumál að ræða og viðeigandi refsingum beitt. */VH*

BRIGGS & STRATTON

**Mótorar og varahlutir á lager**
**Hröð og góð þjónusta**

**Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI**

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi
Sími 544-4656 | www.mhg.is

# Lífræn hreinsistöð

- Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar

WPL Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

## Efnagreining ehf. á Hvanneyri þakkar bændum fyrir góð viðskipti á uppskeruárinu 2018

**Heyefnagreiningar í sumar:**

| Fyrsta heymæling | Önnur heymæling |
|---|---|
| **22. júlí** | **8. ágúst** |
| sýni þurfa að berast fyrir 17. júlí | sýni þurfa að berast fyrir 2. ágúst |

*Gamla verðið enn í gildi*

**VELJUM ÍSLENSKT!**

Nánari upplýsingar á efnagreining.is
Efnagreining ehf, Hvanneyri ■ efnagreining@efnagreining.is ■ sími 661 2629

20% afsláttur út júlí

RUSKOVILLA

Peysur, bolir og föðurland úr lífrænt vottaðri merino ull eða silki.

Alvöru flíkur fyrir veiðina, útileguna, göngur, skíðin og skóginn.

**VORVERK.IS**

Sími: 665 7200 • Netfang: vorverk@vorverk.is



Kubota

# KUBOTA HEYVINNUVÉLAR BEINT Í HEYSKAPINN

| Miðjuhengdar diskasláttuvélar | |
|---|---|
| DM3028 | Diskasláttuvél - vbr. 2,80 m - 8 diskar |
| DM3036 | Diskasláttuvél - vbr. 3,60 m - 10 diskar |
| DM3040 | Diskasláttuvél - vbr. 4,00 m - 10 diskar |

| Framsláttuvélar | |
|---|---|
| DM4032 | Framsláttuvél - vbr. 3,20 m - 8 diskar. |

| Rúllubindivélar | |
|---|---|
| BF3255 | 17 valsa rúlluvél, 14 hnífa söxun, netbinding og stíflulosun. |

| Heyþyrlur | |
|---|---|
| TE4555 | vbr. 5,5 m; 4 stjörnur 7 armar, lyftutengd |
| TE6576 | vbr. 7,6 m; 6 stjörnur 7 armar, lyftutengd |
| TE8590C | vbr. 9,0 m; 8 stjörnur 6 armar, dragtengd með vagni. |

| Rakstrarvélar | |
|---|---|
| RA1039 | vbr. 3,90 m; 1 stjarna, 11 armar |
| RA2072 | vbr. 6,20 - 7,20 m, 2 stjörnur, 11 armar, miðjurakstur |
| RA2580 | vbr. 7,00 - 8,00 m, 2 stjörnur, 12 armar, miðjurakstur |
| RA2071 | vbr. 7,1 m, 2 stjörnur, halarófa. |

Gæða vélar á hagstæðu verði. Nánari upplýsingar veita sölumenn okkar í símum 568-1513 (Rvk.) og 568-1556 (Ak.) eða í tölvupósti, veladeild@thor.is

ÞÓR HF

| REYKJAVÍK: | AKUREYRI: | Vefsíða og netverslun: |
|---|---|---|
| Krókháls 16 | Baldursnes 8 | www.thor.is |
| Sími 568-1500 | Sími 568-1555 | |

TIL AFGREIÐSLU STRAX

FRÉTTIR

Áburður settur í dreifara á Litla Dunhaga. Mynd / SS

# Gróffóðurkeppni Yara á Íslandi þriðja árið í röð

**Þriðja árið í röð stendur stendur Sláturfélag Suðurlands fyrir gróffóðurkeppni Yara á Íslandi. Markmið keppninnar er að vekja athygli á gróffóðuröflun og hvetja menn til að leita allra leiða til að bæta gæði og magn uppskerunnar.**

Valdir voru 6 bændur til að taka þátt í keppninni en þeir eiga það allir sameignlegt að hafa sýnt metnað og góðan árangur í sinni gróffóðuröflun auk þess að velja Yara áburð. Árangur keppenda verður svo metinn út frá gæðum og magni gróffóðurs. Þátttakendurnir að þessu sinni eru:

Á Vesturlandi; Guðmundur Davíðsson og Svanborg Magnúsdóttir, Miðdal.

Á Norðurlandi; Róbert Fanndal Jósavinsson og Elsa Ösp Þorvaldsdóttir, Litla-Dunhaga og Atli Vigfússon, Laxamýri.

Á Austurlandi; Jón Steinar Elísson og Stefán Fannar Jónsson, Hallfreðarstöðum.

Á Suðurlandi; Eyvindur Ágústsson, Aðalbjörg Ásgeirsdóttir, Ásgeir Árnason og Ragna Aðalbjörnsdóttir, Stóru-Mörk 3 og Erla Björg Aðalsteinsdóttir, Kristinn Matthías Símonarson, Sigmar Örn Aðalsteinsson og Sandra Dís Sigurðardóttir, Kolsholti. */HKr.*

Í 28 sýningarreitum á Hvolsvelli eru sýnd raunáhrif áburðargjafar á mismunandi tegundir nytjagróðurs. Mynd / SS

Búvörudeild SS á Hvolsvelli:

# Sýnir áhrif áburðargjafar í 28 sýningarreitum

**Nú í vor voru lagðir út 28 sýningareitir á Hvolsvelli á vegum búvörudeildar SS. Markmið reitanna er að geta sýnt gestum og gangandi áhrif mismunandi áburðarskammta á korn og grænfóður.**

Einnig var sáð mismunandi grastegundum sem fengu sama áburðarskammt. Allur áburður sem var notaður er frá Yara. Allir reitir fengu 70 kg/ha af köfnunarefni en mismunandi magn af fosfór og kalí.

Þarna má líka finna korntegundirnar Anneli og Aukusti í 12 reitum sem fengu mismunandi áburðarskammta af N, P og K áburði.

Af grænfóðri er vetrarrýgresi Sikem og vetrarrepja Hobson einnig í 12 reitum. Af grasi eru hávingull Norild, túnvingull Reverent, vallarfoxgras Snorri og Engmó í 4 reitum. Fengu allir reitirnir sama áburðarskammt, eða 600 kg/ha af NPK 15-7-12 áburði.

Reitirnir eru allir staðsettir fyrir utan verslun SS við Ormsvelli 4 á Hvolsvelli og skilmerkilega merktir gestum til glöggvunar. */HKr.*

HROSS & HESTAMENNSKA

Vaskir sjálfboðaliðar úr Hestamannafélaginu Létti á Akureyri hafa unnið að því að byggja nýjar brýr á Kaupvangsbökkum. Þokkalegur atgangur var í brúargenginu sem lauk við verkið á góðum tíma, en framkvæmdir breyta miklu um nýtingu bakkanna. Myndir / Hestamannafélagið Léttir

Hestamannafélagið Léttir:

# Nýjar brýr byggðar á Kaupvangsbökkum

**Vaskir sjálfboðaliðar úr Hestamannafélaginu Létti á Akureyri hafa unnið að því að byggja nýjar brýr á Kaupvangsbökkum ásamt endurbótum af ýmsu tagi á svæðinu. Meðal annars er búið að girða upp mikinn hluta bakkanna.**

„Það hefur lengi staðið til að fara í þessar framkvæmdir, bæði að byggja brýrnar og endurnýja girðingar og nú er lag," segir Sigfús Ólafur Helgason, framkvæmdastjóri Léttis.

Nú nýlega byggðu Léttisfélagar þrjár nýjar brýr á bökkunum og var þokkalegur atgangur í brúargenginu sem lauk við verkið á góðum tíma.

***Fjölmennur áningarstaður hestamanna***

„Þessar framkvæmdir breyta miklu um nýtingu bakkanna til hins betra, en ekki síður er mikilvægt að þær tryggja öruggt aðgengi allra hrossa á svæðinu að rennandi vatni," segir Sigfús, en Kaupvangsbakkar eru í eigu Hestamannafélagsins Léttis og staðurinn langfjölmennasti áningarstaður hestamanna á Norðurlandi, en um hann er farið hvort heldur menn eiga leið fram í Eyjafjörð eða austur í Þingeyjarsýslu. */MÞÞ*

## Bændasamtök Íslands

# Betri þjónusta á Bændatorginu

**Á undanförnum mánuðum hafa starfsmenn tölvudeildar og skrifstofusviðs Bændasamtakanna unnið að þróun á Bændatorginu í samstarfi við Stefnu á Akureyri og dk-hugbúnað. Það sem lagt var til grundvallar í vinnunni var að einfalda kerfið, auka öryggi og sjálfvirkni og bæta utanumhald í tengslum við reikninga og ýmsar umsóknir.**

Stærsta breytingin er fólgin í nýju félagatali samtakanna. Eldra kerfi var orðið úrelt og barn síns tíma. Með uppfærslu á félagatalinu reynist auðveldara að halda utan um félagsmenn og aðildarfélög Bændasamtakanna á einum stað. Félagsaðild að Bændasamtökunum er skipt upp í fjórar tegundir sem veita mismunandi réttindi. Aðildin krefst í flestum tilfellum þess að félagsmaður sé jafnframt félagi í aðildarfélagi samtakanna. Í félagatalinu er að auki haldið utan um fleiri þætti, s.s. afsláttarkjör og annað sem félagsaðildin veitir viðkomandi bónda.

Guðbjörg Jónsdóttir.

### *Reikningar aðgenilegir í Bændatorginu*

Helstu breytingarnar sem nú eru sýnilegar almennum notanda í Bændatorginu eru þær að hægt er að nálgast reikninga frá Bændasamtökunum með rafrænum hætti. Reikningagerð er sjálfvirk með tengingu við dk-bókhaldskerfið sem tryggir aukið öryggi og um leið umtalsverðan vinnusparnað. Fleiri breytingar eru í farvatninu sem verða kynntar þegar þær verða teknar í gagnið.

### *Rafrænt auðkenni tryggir gagnaöryggi*

Bændatorgið er veflæg upplýsingagátt í eigu Bændasamtakanna fyrir bændur, ráðunauta og þjónustuaðila. Bændur skrá sig inn á sitt svæði í gegnum á vef BÍ, www.bondi.is. Þar hafa þeir aðgang að forritum og margvíslegum upplýsingum sem tengjast þeirra starfsemi. Bændatorgið er auk þess gagnkvæm leið fyrir aðila til að skiptast á upplýsingum og eiga samskipti. Óruggur aðgangur er tryggður með rafrænu auðkenni en meðal upplýsinga sem bændur geta fengið í Bændatorginu eru yfirlit úr skýrsluhaldskerfum, grunnupplýsingar um bú, félagsaðild og fleira. Félagsmenn Bændasamtakanna hafa auk þess aðgang að „félagssíðu“ sem er einungis aðgengileg virkum félagsmönnum samtakanna. Þar er m.a. að finna tilkynningar, tengla inn á umsóknir í Starfsmenntasjóð og Velferðarsjóð samtakanna, auk annarra skjala, s.s. fundargerðir stjórnar.

Hafa ber í huga að til að komast inn á félagssíðuna þarf að nota sinn persónulega aðgang. Ekki er hægt að fara þar inn á með aðgang búsins eða sækja um styrki á aðgangi maka eða samrekstraraðila. Þetta getur vafist fyrir notendum sem er eðlilegt því þetta getur í mörgum tilfellum leitt til þess að nokkrir aðgangar eru á hverju búi. Hins vegar þarf að nota persónulegan aðgang til þess að tryggja öryggi, persónuvernd og jafnræði notenda.

Það er von okkar sem höfum unnið að þróun Bændatorgsins að það muni gagnast vel. Bændur eru hvattir til að nýta sér það sem þessi mikilvæga upplýsingagátt hefur upp á að bjóða. Þau sem hafa einhverjar frekari spurningar eða ábendingar eru vinsamlegast beðin að hafa samband við undirritaða.

***Guðbjörg Jónsdóttir***
*gj@bondi.is*
*Verkefnastjóri hjá*
*Bændasamtökum Íslands*


# Nýr vörubæklingur 2019

Fáið sent frítt eintak með því að hafa samband í síma: 577 1000, í gegnum facebook eða með tölvupósti á info@khvinnufot.is Vörubæklingurinn er 80 bls. í A5 broti.

KH VINNUFÖT

KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is



Twenty One
FLUGNAEITUR
Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt




Sölustaðir:
Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnvetninga
Verslunun Eyri
Vélaval

STREYMI heildverslun

Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4
603 Akureyri
S 588 2544
N streymi@streymi.is
V www.streymi.is



RÍKISKAUP
Borgartúni 7c, 105 Reykjavík | Sími 530 1400 | www.rikiskaup.is

Allar nánari upplýsingar veita starfsmenn Ríkiskaupa í síma 530 1400 eða í gegnum netfangið fasteignir@rikiskaup.is

**Bakkakot 1, 880 Kirkjubæjarklaustur**

Um er að ræða jörðina Bakkakot 1 ásamt íbúðarhúsi, fjósi, fjárhúsum og fleiri byggingum. Jörðin er staðsett í Meðallandi í Vestur-Skaftafellssýslu með aðkomu frá Meðallandsvegi.

Stærð er 458 hektarar, þar af er ræktað land skráð 55,4 hektarar. Um er að ræða bújörð en ekki hefur verið stundaður þar hefðbundinn búskapur um árabil. Jörðin er flatlend og talin henta vel til ræktunar og akuryrkju. Jörðinni fylgja 226,5 ærgildi. Jörðin er í um 60 km akstursleið frá Vík, um 40 km frá Kirkjubæjarklaustri og um 250 km frá Reykjavík.

**Verð: 49,9 millj.**

**Staðarfell, 371 Búðardal**



Um er að ræða fimm byggingar sem hýst hafa starfsemi SÁÁ frá árinu 1980. Öllum byggingunum hefur verið ágætlega við haldið. Heildarstærð húsa er talin vera um 1.293 m² og lóðar um 1,64 ha.

Náttúrufegurð er mikil og staðsetning er á rólegum og fallegum útsýnisstað til suðurs yfir Hvammsfjörð og Skógarströnd. Staðarfell er í um 30 mínútna aksturfjarlægð frá Búðardal og um 2,5 klst. frá Reykjavík. Þetta er einstök eign á sögufrægum stað.

**Verð: 58 millj.**

**Völuteigur 6, 270 Mosfellsbæ**

Um er að ræða steinsteypt húsnæði á tveimur hæðum, byggt árið 1962 sem atvinnuhúsnæði. Birt stærð er 270,5 m².

Á jarðhæð er stór flísalagður salur með kerfislofti. Gluggar eru á framhlið. Lofthæð er ca. 3,2 m. Á efri hæð er salur, eldhúsaðstaða, ágætis herbergi og baðherbergi með sturtuklefa. Plastparket á gólfum. Úr herbergi er útgengt út á svalir sem snúa til suð-vesturs. Eignin er eining í stóru húsnæði þar sem hver eigandi hefur yfir sambærilegu bili að ráða.

**Verð: 44,9 millj.**

**Miðgarðar 1, 611 Grímsey**

Um er að ræða 132,8 m² einbýlishús sem er fyrrum prestsbústaður. Húsið stendur á fallegum stað við aðalgötuna í Grímsey, rétt utan við Miðgarðakirkju og er á sér afmarkaðri 2.124 fm. leigulóð.

Á lóðinni stendur einnig lítil, óskráð garðgeymsla og matjurtagarður sem fylgja eigninni. Húsið er byggt úr timbri á steyptan kjallara og klætt steniplötum. Kjallari er með lítilli lofthæð og hefur hann verið nýttur sem geymsla. Í húsinu eru vatnshitaofnar og olíukynding. Húsið er í sæmilegu ástandi en þarfnast aðhlynningar. Aðkoma að eigninni er sjóleiðis með Grímseyjarferju.

Gerður verður lóðarleigusamningur til 50 ára við kaupanda, lóðarleiga nú er um 73 þús. kr. á ári og breytist í samræmi við byggingarvísitölu.

**Verð: 3,9 millj.**

**Sveintún 2, 611Grímsey**

Um er að ræða fimm herbergja 116,3 m2 íbúðarhús í Grímsey, fyrst byggt árið 1942 en viðbygging er frá árinu 1971.

Húsið stendur á fallegum stað við aðalgötuna í Grímsey og rétt ofan við Stertuvík. Húsið er á einni hæð og er selt á sér afmarkaðri 1.500 m² leigulóð.

**Verð: 4,9 millj.**

**Nánari upplýsingar um eignirnar má finna á fasteignavef MBL og heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is**



Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir

MHG VERSLUN

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

FRÉTTASKÝRING

# Kínverjar með tögl og hagldir í kóbaltframleiðslu heimsins

– Eru í lykilstöðu þegar kemur að bílum, símum og öðrum tækjum sem nota lithium-Ion rafhlöður

**Hörður Kristjánsson**
hk@bondi.is

**Kóbalt er undirstöðuhráefni í framleiðslu á lithium-Ion rafhlöðum ásamt efnunum mangan, nickel og lithium. Eftirspurnin eftir þessum efnum hefur aukist hröðum skrefum í takt við aukna framleiðslu á rafknúnum farartækjum. Þar hafa Kínverjar verið að koma sér í lykilstöðu og eru nú ráðandi á heimsvísu.**

Kóbalt er að mestu aukaafurð sem fæst við vinnslu á kopar og nikkel. Kínverjar hafa markvisst verið að styrkja stöðu sína í vinnslu á kóbalti á liðnum árum, þótt þar í landi séu einungis grafin upp um 1% af kóbalti í heiminum. Hafa þeir því bæði verið að tryggja sér námuréttindi víða um lönd og styrkja stöðu sína í fullvinnslu á kóbalti. Þannig stóðu 13 kínversk fyrirtæki fyrir um 80% framleiðslunnar í heiminum á árinu 2017 samkvæmt frétt Bloomberg í desember á síðasta ári.

Undanfarin ár hefur kóbalt verið eitt eftirsóttasta hráefnið á heimsmarkaði vegna pólitískra ákvarðana um rafbílavæðingu ökutækja. Þessi silfurblái málmur, sem er afar mikilvægur við framleiðslu á liþíum-rafhlöðum, hefur meira en tvöfaldast í verði á tiltölulega skömmum tíma, eða allt þar til á síðasta ári. Vegna þess hafa bílaframleiðendur og tæknifyrirtæki svifist einskis í baráttunni við að tryggja aðgengi að þessum mikilvæga málmi til náinnar framtíðar. Uppgröftur á kóbalti á sér líka mjög svartar hliðar og hafa t.d. birst skuggalegar fregnir af notkun á börnum við námuvinnslu í Kongó.







### *Kínverjar með 50% hlutdeild í námuvinnslu í Kongó*

Áherslan á málminn hefur varpað kastljósinu á námuvinnsluna, en kóbalt er að stærstum hluta grafið upp úr námum í Lýðveldinu Kongó. Þar eru 14 stærstu námufyrirtækin með um 50% framleiðslunnar og öll eru þau í eigu Kínverja. Stærst þeirra er Tenke Fungurume, sem er í eigu kínverska fyrirtækisins CMOC, og er með um 21% af heildarvinnslunni í landinu. Stærsta námufyrirtækið í Kongó er hins vegar Mutanda Minings, sem er með 29% af heildarvinnslunni, en það er í eigu Glencore í Sviss.

### *Kínverjar með 80% hlutdeild í úrvinnslu á kóbalti*

Við úrvinnslu á kóbalti og efnum sem innihalda kóbalt eru Kínverjar ráðandi á heimsvísu með um 80% hlutdeild samkvæmt gögnum Darton Commodities Ltd. Þá stjórna Kínverjar meira og minna allri vinnslu á kóbaltmálmi úr málmgrýti sem kemur frá Kongó og víðar fyrir utan það sem unnið er í einni málmvinnslu í Finnlandi, samkvæmt gögnum CRU Group í London.

### *68% af kóbalti heimsins kemur frá Kongó*

Á árinu 2017 komu meiri en tveir þriðju af öllu kóbalti í heiminum frá Kongó, eða 68%. Þá komu 5% frá Filippseyjum, 4% frá Kúbu, 4% frá Rússlandi, 3% frá Ástralíu, 3% frá Kanada, 3% frá Papúa Nýju Gíneu, 3% frá Madagaskar, 2% frá Nýju Kaledóníu, 1% frá Morokkó, 1% frá Suður-Afríku, 1% frá Zambíu og 1% frá Kína.

Á endanum fer megnið af hráefninu til kínverskra fyrirtækja sem eru ráðandi á heimsvísu í fullvinnslu á kóbalti sem síðan fer til rafhlöðuframleiðslu. Þá kemur síðan fjöldi fyrirtækja við sögu við að framleiða málmblöndur úr kóbalti, nikkel og mangani sem síðan eru nýttar í rafhlöðurnar. Rafhlöðurnar fara síðan að stórum hluta til fyrirtækja eins og Samsung Electronics Co. og Volkswagen AG.

Kóbaltmálmur og kóbaltduft er þó nýtt í margvíslega aðra framleiðslu en rafhlöður. Þar má t.d. nefna málmblöndur sem m.a. eru notaðar í þotuhreyfla.

## Er kóbaltbólan sprungin?

# Verð á kóbalti féll um 64% á tíu mánuðum

– er efasemdum um rafbílavæðinguna og ofurvæntingum markaðarins kennt um, samfara gullgrafaraæði í leit að nýjum námum

**Fjármálamarkaðurinn virðist ekki hafa mikla trú á rafbílavæðingunni sem rekin hefur verið áfram af mikilli pólitískri hörku á Vesturlöndum á liðnum misserum. Þannig snarféllu viðskipti á fyrri hluta þessa árs með kóbalt, sem er eitt af þrem lykilhráefnum í smíði Lithium-Ion rafhlaða fyrir bíla.**

Samkvæmt vefsíðu Marketplace var verð á kóbalti í febrúar síðastliðnum einungis um þriðjungur af því sem það hefur farið hæst, en það var í mars 2018. Er nú talað um þetta í heimi fjárfesta á hrávörumarkaði sem markaðsbólu.

Hið eftirsótta kóbaltgrýti. Mynd / Mijo-mining

### *Eru ofurvæntingar vegna rafbílavæðingar að leiða til hruns?*

Vegna rafbílavæðingar hafa fjölmörg bílafyrirtæki stefnt á framleiðslu rafbíla og búist er við að þau verði orðin 80 árið 2021. Reiknað var með að eftirspurnin eftir rafbílum og þar með eftirspurn eftir kóbalti færi stigvaxandi, en sá vöxtur hefur staðið á sér það sem af er ári. Í febrúar voru menn reyndar farnir að tala um hrun á kóbaltmarkaði.

Verðið steig ört frá 2016 fram í mars 2018, en síðan féll það um 64% á tíu mánaða tímabili, eða fram í febrúar 2019. Hélt verð á kóbalti síðan áfram að falla fyrstu fimm mánuði ársins 2019 samkvæmt fréttum Reuters. Er það skýrt á fjármálamarkaði með því að annaðhvort séu fjárfestar ekki nógu framsýnir eða að

almenningur hafi ekki lengur trú á rafbílabyltingunni.

Þá féll verð á nikkel líka í byrjun árs, en það er annað mikilvægt hráefni í bílarafhlöður. Hingað til hefur það verið kínverski markaðurinn sem hefur haldið uppi bæði framleiðslunni og rafbílasölunni í heiminum.

### *Gullgrafaræði*

Markaðsfyrirtækið Darton Comnmodities hefur sett fram þá kenningu að skýring á verðlækkun á kóbalti kunni líka að vera að sú að hálfgert gullgrafaraæði hafi runnið á menn. Vegna mikilla verðhækkana á liðnum árum í viðskiptum með kóbalt hafi mikil áhersla verið lögð í leit að kóbalti í Ástralíu, Kanada og víðar um heim af fyrirtækjum eins og Glencoere Plc og Eurasian Resources Group Sarl.

Annar angi af þessu er sögð sú viðleitni rafhlöðuframleiðenda að draga úr magni á kóbalti í rafhlöðunum vegna þess háa verðlags sem orðið var á þessum málmi. Hafa sérfræðingar sagst hafa efasemdir um slíkar tilraunir. Enn virðist samt ekkert í hendi varðandi tækni sem getur leyst Lithium-Ion rafhlöðurnar af hólmi.

**Uppgröftur á kóbalti sem notað er m.a. í rafhlöður fyrir snjallsímana okkar og rafbíla er ekki alltaf eintóm himnasæla.** Mynd / Amnesty

**Pólitísk stefna hefur verið mótuð víða um heim um rafbílavæðingu ökutækja. Enn sem komið er er ekkert annað en rafhlöður sem m.a. innihalda kóbalt sem hægt er að að nota til að hrinda þeim áformum í framkvæmd. Sömu sögu er að segja af farsímum og fartölvum.**

Algjör ringulreið hefur verið í viðskiptum með kóbalt á liðnum mánuðum og enginn virðist geta sagt um hvaða áhrif það hefur á framleiðslukeðju á Lithium-Ion rafhlöðum. Þar sem miklar væntingar hafa verið á þessum markaði og í ljósi þess að spákaupmenn eru oft fljótir að stökkva frá borði, þá kann það að hafa áhrif inn í framleiðslu á rafbílum. Þar er um gríðarlegar fjárfestingar að ræða sem gætu þá verið í hættu.


Gámurinn er þarfaþing

Til leigu eða sölu:
- Þurrgámar
- Hitastýrðir gámar
- Geymslugámar
- Einangraðir gámar
- Fleti og tankgámar
- Gámar með hliðaropnun
- Gámahús og salernishús
- Færanleg starfsmannaðstaða
- Bos gámar og skemmur

Hafðu samband 568 0100

www.stolpigamar.is
Stólpi Gámar
Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði

STRÚKTÚR
Hús - gluggar - hurðir og klæðningar

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is | Stangarhyl 7 | 110 Reykjavík | Sími: 588 6640 |

Hótelrúmföt og handklæði
fyrir ferðaþjónustuna

Allt lín fyrir:
Hótelið • Gistiheimilið • Bændagistinguna
Airbnb • Veitingasalinn • Heilsulindina
Þvottahúsið • Sérverslunina

Starfsmannafatnaður
fyrir hótel og veitingahús

Eigum allt fyrir:
- Þjóninn
- Kokkinn
- Gestamóttökuna
- Þernuna
- Vikapiltinn
- Hótelstjórnandann

86 ára

EDDA
HEILDVERSLUN

Höfðabakka 9, 110 Reykjavík | sími 561 9200 | eddaehf@eddaehf.is | www.eddaehf.is

KOLEFNISBINDING & LANDNÝTING

### Bætt landnýting í þágu loftslagsmála:

# Stórátak í kolefnisbindingu með bættri landnýtingu

**Vilmundur Hansen**
vilmundur@bondi.is

**Ríkisstjórn Íslands hefur lagt fram aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Markmið áætlunarinnar er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að aukinni kolefnisbindingu svo að Ísland geti staðið við Parísarsamkomulagið og markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi.**

Gert er ráð fyrir að 2,1 milljarði króna verði varið til verkefna sem tengjast verkefninu á árunum 2019 til 2022. Verkefnin eru á sviði beinna aðgerða, aukinna rannsókna, gagnaöflunar og grunnupplýsinga.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Landgræðslan og Skógræktin vinna sameiginlega að útfærslu á samstarfi ríkis og sauðfjárbænda um loftslagsvænni landbúnað og innan þeirrar útfærslu munu bændur geta unnið að samdrætti í losun frá búrekstri og aukið kolefnisbindingu.

Samkvæmt tillögum Landgræðslunnar og Skógræktarinnar eru fimm forgangsáherslur þegar kemur að kolefnisbindingu og bættri landnotkun í þágu loftslagsmála. Það eru aukin skógrækt og landgræðsla, takmarkanir við framræslu votlendis og átak í endurheimt votlendis og samstarf við sauðfjárbændur um kolefnisbindingu.

#### *Áherslur og markmið*

Aðgerðirnar eiga að hjálpa til svo að Ísland geti staðið við markmið Parísarsamningsins til 2030 og eru þær um leið lykilþáttur í að ná markmiði ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi árið 2040.

Í skýrslunni segir einnig að áherslurnar miði að loftslagsávinningi og einnig sé horft til annarra jákvæðra áhrifa aðgerða, svo sem hvað varðar vernd og endurheimt lífríkis og styrkingu byggða í landinu.

Markmið aðgerðanna eru að draga úr losun frá landi og auka kolefnisbindingu sem eru mikilvægur hluti af mótvægisaðgerðum Íslands gegn loftslagsógninni og þeirri hamfarahlýnun sem að óbreyttu mun eiga sér stað.

Samkvæmt tillögum Landgræðslunnar og Skógræktarinnar eru eftirfarandi aðgerðir vænlegastar til að ná markmiðum áætlunarinnar og eru tillögurnar forgangsáherslur umhverfis- og auðlindaráðherra.

#### *1. Stöðva losun frá landi*

Forgangsraða aðgerðum með það að markmiði að draga úr losun frá illa förnu landi með skógrækt, uppgræðslu, verndun og endurheimt skóga og votlendis og breyttri landnýtingu.

#### *2. Grunnástand og mat á árangri*

Tryggja að fullnægjandi grunnupplýsingar liggi fyrir til að unnt sé að leggja mat á stöðu og árangur aðgerða í þágu loftslagsmála. Uppfylla þarf kröfur Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og reglur Evrópusambandsins um mat á losun og bindingu vegna landnotkunar.

#### *3. Rannsóknir*

Í skýrslunni segir einnig að vinna að eflingu þekkingar og miðlunar til að auka skilning á eðli losunar og kostum bindingar

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, við kynningu á verkefninu í Elliðaárdal.

## Fimm meginaðgerðir til að auka kolefnisbindingu og bæta landnýtingu

**Fimm meginaðgerðir sem eiga að stuðla að aukinni kolefnisbindingu og bættri landnotkun í þágu loftslagsmála.**

- ***SKÓGRÆKT Efling nýskógræktar til kolefnisbindingar***
  Aðgerðin felur í sér eflingu skógræktar í því skyni að auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti auk annarra markmiða sem nást á sama tíma.

- ***LANDGRÆÐSLA Efling landgræðslu til kolefnisbindingar***
  Aðgerðin snýst um eflingu landgræðslu, þar sem áhersla er lögð á að stöðva landeyðingu og draga úr losun frá gróðri og jarðvegi.

- ***VOTLENDI Hertar takmarkanir á framræslu votlendis og bætt eftirlit***
  Aðgerðin snýst um að koma í veg fyrir framræslu votlendis, meðal annars með því að tryggja að lögum sé fylgt eftir og að eftirlit sé með kröfum sveitarfélaga um framkvæmdaleyfi.

- ***VOTLENDI Átak í endurheimt***
  Aðgerðin snýst um endurheimt votlendis, auk þess sem stutt verður við verkefni sem miða að kortlagningu votlendis og flokkun m.t.t. núverandi landnotkunar og losunar gróðurhúsalofttegunda.

- ***SAMSTARF VIÐ SAUÐFJÁRBÆNDUR UM KOLEFNISBINDINGU***
  Aðgerðin snýst um samstarfsverkefni með sauðfjárbændum um minni losun gróðurhúsalofttegunda og aukna bindingu kolefnis við búskap og landnotkun.

Þórunn Pétursdóttir, sviðsstjóri hjá Landgræðslunni:

## Moldin er lífæð okkar

**Þórunn Pétursdóttir, sviðsstjóri samskipta og áætlana hjá Landgræðslunni, segir að moldin sé ein dýrmætasta auðlind náttúrunnar.**

„Hún er lífæð okkar, sér okkur fyrir hreinu vatni og er næststærsta kolefnisforðabúr jarðar. Gróður og jarðvegseyðing hefur því miður leikið íslenska náttúru grátt og vistkerfi landsins hafa meðal annars tapað gríðarlegu magni koltvísýrings, sem áður var bundið í formi kolefnis í moldinni og gróðri, út í andrúmsloftið.

Það er því mjög ánægjulegt að annað af tveim áherslumálum ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum snúi að því að minnka losun frá landi og stórauka kolefnisbindingu í jarðvegi og gróðri með fjölbreyttum endurheimtaraðgerðum og landbúnaðarskógrækt. Landgræðslan er sérstaklega ánægð með áherslur áætlunarinnar á heildstæða nálgun um hvernig megi minnka losun frá landi og auka kolefnisbindingu útfrá forsendum náttúruverndar og endurheimt lífríkis, á aukið samstarf við landeigendur, sveitarfélög, fyrirtæki og félagasamtök og stóraukna útbreiðslu birkiskóga og víðikjarrs.

Verkefnið Loftslagsvænni landbúnaður sem ætlað er að hleypa af stokkunum árið 2020 er líka mjög áhugavert og spennandi að sjá hvernig það kemur til með að vaxa og dafna.“

Þórunn Pétursdóttir.

Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri BÍ.

## Landbúnaður er hluti af lausninni

**Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, segir að tillögurnar um hvernig eigi að draga úr losun kolefnis og auka bindingu þess sem komi fram í verkefninu Bætt landnýting í þágu loftslagsmála séu unnar af Landgræðslunni og Skógræktinni fyrir ráðuneytið en að þær hafi verið kynntar BÍ á lokastigi.**

„Efni tillagna varðar ekki eingöngu landbúnaðinn heldur landeigendur almennt, hvort sem þeir eru með einhverja starfsemi á jarðeignum sínum eða ekki.“

#### *Margvíslegir möguleikar fyrir bændur*

Við hjá Bændasamtökunum fögnum því að í tillögunum felast margvíslegir möguleikar fyrir bændur og við hvetjum þá til að kynna sér og nýta eftir því sem hentar á hverjum stað. Verkefnin eru fjölþætt og aðstæður ólíkar þannig að lausnirnar geta verið mismunandi.“

Sigurður segir að landbúnaðurinn sé hluti af lausninni í loftslagsmálum, afar þýðingarmikið sé að samstarf við bændur takist vel til að árangur náist. „Í mörgum tilvikum er samstarf forsenda þess að vel takist til.“

Sigurður Eyþórsson.

#### *Mikilvægt að efla rannsóknir*

„Ekki er síður mikilvægt að efla rannsóknir og bæta gögn varðandi losun. Eins og komið hefur fram í Bændablaðinu vantar þar ýmislegt upp á og um leið og við ráðumst í aðgerðir þarf samhliða að bæta þekkinguna.

Ávinningur í loftslagsmálum er gríðarlega mikilvægur fyrir samfélagið allt og það skiptir máli að allir leggi sitt af mörkum, bændur sem og allir aðrir sem búa og starfa í landinu okkar.“

Sigurður bendir á að fyrir skömmu hafi norska ríkisstjórnin gert sérstakan loftslagssamning við landbúnaðinn þar sem sett eru sameiginleg markmið um að draga úr losun frá greininni til 2030.

Þröstur Eysteinsson skógræktarstjóri:

# Skógræktarstjóri fagnar aukningu til málaflokksins

**Þröstur Eysteinsson skógræktarstjóri segist fagna aukningunni til málaflokksins.**

„Við í skógræktargeiranum höfum verið að undirbúa okkur undir aukin verkefni fram undan, meðal annars með aukningu á skógarplöntuframleiðslu og með gerð nýrra samninga um skógrækt á lögbýlum. Vinnan með Landgræðslunni um sameiginleg verkefni á borð við Hekluskóga og Þorláksskóga gengur líka vel.“

Þröstur Eysteinsson.

Hann segir að meðal þess sem gera þurfi samfara aukningunni sé að afla betri gagna um árangur mismunandi framkvæmda. Þannig að á komandi árum verði til betri þekkingarleg undirstaða til að móta áherslur enn frekar.

Aðgerðin snýst um samstarfsverkefni með sauðfjárbændum um minni losun gróðurhúsalofttegunda og aukna bindingu kolefnis við búskap og landnotkun.

Karvel L. Karvelsson, framkvæmdastjóri RML:

# Nauðsynlegt að auka þekkingu á íslenskum aðstæðum

**Karvel L. Karvelsson, framkvæmdastjóri Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, segir að RML hafi verið að sinna margs konar verkefnum tengdum umhverfis- og loftslagsmálum og fagni því áætlun um bætta nýtingu lands í þágu loftslagsmála.**

„Nauðsynlegt er að innan landbúnaðargeirans verði til aukin þekking á íslenskum aðstæðum og fleiri rannsóknir séu gerðar sem geti þá stutt við þær leiðbeiningar sem verið er að gefa.

Landeigendur og bændur munu leika lykilhlutverk í þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verið er að styrkja í sessi eldri verkefni eins og Landbótaverkefni og Bændur græða landið sem eru langtímaverkefni sem hafa gengið vel.

Karvel L. Karvelsson.

Mikil áhersla núna er einnig á endurheimt votlendis sem er langtíma verkefni þar sem vanda þarf til verka. Landbúnaðarlönd eru mörg háð framræslu þar sem ekki verður hægt að vinna að endurheimt votlendis án þess að skerða það land og því þarf skipulag og samvinnu á milli aðila auk þess að gengið sé frá þannig að ekki skapist hætta af hvorki fyrir skepnur né menn.

Innan RML höfum við lagt aukna áherslu á að koma að verkefnum tengdum loftslags- og umhverfismálum til þess að geta leiðbeint bændum og tengdum aðilum samkvæmt bestu fáanlegum upplýsingum sem til eru. Við höfum unnið með bændum og stjórnvöldum að þessum verkefnum og við sjáum ekki annað en að sú samvinna styrkist bara með þessari áætlun sem nú hefur verið kynnt.“

Guðfinna Harpa Árnadóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda:

# Bændaverkefni í skógrækt og landnýtingu fá öfluga innspýtingu

**Guðfinna Harpa Árnadóttir, bóndi og formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, sagði á Facebook sama dag og aðgerðaráætlunin var kynnt að hún fagni væntanlegum aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að auka kolefnisbindingu og efla lífríkið.**

„Forsætisráðherra og umhverfisráðherra kynntu í dag viðamiklar aðgerðir til að auka kolefnisbindingu hér á landi. Það er fagnaðarefni fyrir okkur bændur að sjá að sterk bændaverkefni eins og Bændur græða landið og Skógrækt á lögbýlum fá öfluga innspýtingu og þannig viðurkenningu á því góða starfi sem unnið hefur verið af bændum í verkefnunum. Sömuleiðis er ánægjuefni að sjá ný verkefni eins og Loftslagsvænni landbúnaður í samstarfi við okkur sauðfjárbændur sem hluta af þessari mikilvægu aðgerðaáætlun strax á næsta ári.“

Guðfinna Harpa Árnadóttir.

***Nauðsynlegt að styrkja fræðslu og rannsóknir***

„Styrking fræðslu og rannsókna á sviðinu er okkur öllum nauðsynleg til að tryggja að þær aðgerðir sem við göngum sameiginlega til séu skynsamar, hagkvæmar og skili þannig sem mestum ávinningi í kolefnisbókhaldinu og til landsins okkar.“

gróðurhúsalofttegunda í landi og vegna landnotkunar.

***4. Varanlegur viðbótarávinningur***

Tryggja að auknar fjárveitingar til aðgerða í þágu loftslagsmála skili viðbótar-ávinningi, umfram það sem þegar er verið að gera. Einnig þarf að tryggja að sá árangur sem næst sé varanlegur.

***5. Samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar***

Tryggja að við undirbúning og framkvæmd aðgerða sé tekið mið af lagalega bindandi alþjóðasamningum s.s. Samningi Sameinuðu þjóðanna um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, Bernarsamningnum, Ramsarsamningnum, auk leiðbeinandi samninga. Í því ljósi verða ekki notaðar ágengar framandi tegundir.

***6. Samræmi við stefnumörkun stjórnvalda***

Tryggja að aðgerðir sem miða að kolefnisbindingu og samdrætti í losun kolefnis frá landi samræmist og styðji við stefnumótun íslenskra stjórnvalda á öðrum sviðum m.a. varðandi vernd og endurheimt vistkerfa s.s. votlendis, víðikjarrs og birkiskóga, uppbyggingu og nýtingu skógarauðlindar, að skipulag taki mið af landslagsheildum og miði að betri nýtingu á lífrænum úrgangi og fosfór.

***7. Samstarf***

Auka samstarf við sveitarfélög, landeigendur, félagasamtök, einstaklinga og fyrirtæki um aðgerðir sem leiða til aukinnar kolefnisbindingar eða samdráttar í losun frá landi s.s. endurheimt votlendis, beitarstjórnun og landgræðslu eða skógrækt á landi sem er að losa kolefni.

***Rannsóknir og mat á árangri***

Í skýrslunni er gert ráð fyrir að árið 2020 verði komið á auknum stuðningi við grunnrannsóknir á eðli losunar og bindingar gróðurhúsalofttegunda í landi og vegna landnotkunar og sagt að unnið verði að útfærslu þess síðar á þessu ári.

Einnig segir að þróa þurfi og innleiða vottun sem stenst alþjóðlegar kröfur og tryggir að fjárfestingar sem skila eiga ávinningi til kolefnisjöfnunar með kolefnisbindingu eða samdrætti í losun skili sér að öllu leyti sem slík.

Hér má nálgast skýrsluna í heild https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f8c0433d-9cca-11e9-9443-005056bc4d74 /VH

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

Rafmagnstjakkur
1,5 tonn

Gafflar: 560x1150mm
Keyrslumótor: 0,65kW
Lyftumótor: 0,84kW
Kynningarverð kr.:
249.900 m/vsk
reddot design award winner

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VD HURÐIR
Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

KOLEFNISBINDING & LANDNÝTING

# Veruleg aukning í fjárframlögum til aðgerðaáætlunarinnar

**Björn Helgi Barkarson, sérfræðingur hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu segir að í Fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar 2019–2023 sé gert ráð fyrir verulegri aukningu í fjárframlögum ríkisins til að hrinda í framkvæmd aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.**

„Á árinu 2019 eru á fjárlögum 230 milljónir til verkefna á sviði kolefnisbindingar og stöðvunar losunar frá landi. Þeim er að mestu ráðstafað til aukningar í núverandi verkefnum Landgræðslunnar og Skógræktarinnar, Skógrækt á lögbýlum, Bændur græða landið, Landbótasjóð Landgræðslunnar og Endurheimt votlendis. Einnig er gert ráð fyrir aukningu til stórra samstarfsverkefna eins og Heklusskóga og Þorláksskóga og til stöðvunar jarðvegsrofs á landgræðslusvæðum og gróðursetningar í þjóðskógum.

Fram undan er að skipta fjármagni nákvæmlega niður á einstaka verkefni en ljóst að á árinu 2019 mun 170 milljónum verða varið til beinna aðgerða í skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis. Alls verður

Björn Helgi Barkarson, sérfræðingur hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

45 milljónum varið í að styrkja bókhald og öflun grunnupplýsinga. Á næsta ári er síðan gert ráð fyrir fé til grunnrannsókna á eðli losunar og bindingar, sem og landgreiðslum til bænda. Veruleg aukning verður þá einnig á fjármagni til beinna aðgerða. Aukningin verður síðan enn meiri árin 2021 og 2022.“







### *Þrjú stöðugildi*

Björn segir að búið sé að ráðstafa til Landgræðslunnar og Skógræktarinnar sem samsvarar alls þremur stöðugildum til að auka getu þeirra til að sinna öflun grunnupplýsinga og bókhaldi til Loftslagssamningsins og Evrópusambandsins.

Eins og fram kemur í skýrslunni Bætt landnýting í þágu loftslagsmála, sem kynnt var á blaðamannafundi forsætisráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra 2. júlí síðastliðinn, þá mun umfang verkefna aukast verulega á árabilinu 2019 til 2022 með auknum fjármunum til verkefnanna á þessu árabili.

### *Tækifæri fyrir bændur til að auka skógrækt*

Bændur hafa um langt skeið tekið þátt í verkefnum eins og Bændur græða landið og Skógrækt á lögbýlum og hafa þeir núna tækifæri til að auka umfang verkefna á sínu landi, að sögn Björns.

„Í byrjun næsta árs verður sett af stað samstarfsverkefni ríkisins við sauðfjárbændur um loftslagsvænni landbúnað. Þá fá bændur aðgengi að aukinni ráðgjöf og fræðslu um loftslagsmál og landnýtingu og geta unnið aðgerðaáætlun fyrir sína jörð og sitt bú. Gert er ráð fyrir að þátttakendur í verkefninu njóti aukins stuðnings, til dæmis í formi landgreiðslna.

Von okkar er að þar sjái bændur tækifæri í að draga úr losun frá búrekstrinum og frá landi auk aukinnar kolefnisbindingar enda má oft finna samlegð í slíkum verkefnum og bættum rekstri.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Landgræðslan og Skógræktin hafa unnið sameiginlega að þróun þessa verkefnis síðustu vikur og munu vinna að því áfram.“

### *Forgangsröðun fjármagns*

Eins og fram kemur í forgangsáherslum umhverfis- og auðlindaráðherra verður aðgerðum forgangsraðað með það að markmiði að draga úr losun frá illa förnu landi og frá votlendi.

„Vissulega þarf að auka þekkingu á eðli og breytileika í losun og bindingu en það þarf ekki að koma í veg fyrir að ráðist sé í aðgerðir sem fela í sér endurheimt vistkerfa sem er tvímælalaust verkefni sem skilar árangri til langrar framtíðar. Þar er gott samstarf bænda og ríkisins lykilatriði í því að ná árangri.“

### *Nýjar landsáætlanir*

„Við bindum vonir við að vinna við nýjar landsáætlanir í landgræðslu og skógrækt í samræmi við ný lög skili skarpari framtíðarsýn og markmiðum sem unnið verður að á næstu árum og áratugum. Sú vinna mun vafalítið hafa áhrif á þau verkefni og aðgerðir sem ráðist verður í á næstu árum. Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur nú skipað í verkefnisstjórnir sem vinna eiga að þessum áætlunum og eiga bændur fulltrúa í þeim báðum auk frjálsra félagasamtaka og háskóla,“ segir Björn Helgi Barkarson, sérfræðingur hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. */VH*

Bændablaðið
Kemur næst út
25. júlí
Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi
Smáauglýsingar 56-30-300

Eigum á lager MultiOne 6.3 SD liðléttinga

Um er að ræða frábærar **fjölnotavélar með 1200 kg lyftigetu** og möguleika á ýmsum aukahlutum.

**Á MultiOne 6.3 SD** situr stjórnandi í aftari hluta þessara lipru og sveigjanlegu véla.

Vélarnar afhendast með **skóflu, 184 kg aukaballest að aftan og taðgreip.**

Hafðu samband við **Ívar Atla** í síma **590 5116** eða sendu línu á **iab@klettur.is** og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR

**KLETTUR** / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10** / 104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

### Loftslagsbreytingar og hamfarahlýnun:

# Trjárækt áhrifaríkust í baráttunni

**Talið er að hægt sé að planta trjám á svæðum í heiminum sem eru samanlagt jafnstór og Bandaríki Norður-Ameríku og að ef slíkt yrði gert mundi það hafa afgerandi áhrif í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og hamfarahlýnun þeim samhliða.**

Rannsóknir sýna að hentug svæði til trjáræktar í heiminum eru mun fleiri og stærri en hingað til hefur verið talið og að ef þau væru nýtt mundi kolefnisbinding trjánna draga úr kolefni í andrúmsloftinu um að minnsta kosti 25%. Aðstandendur rannsóknanna segja að það að planta trjám sé langbesta og áhrifaríkasta leiðin til að draga úr loftslagsbreytingum og um leið sú fljótlegasta.



Útbreiðsla skóga í Rússlandi. Talið er að Rússar geti aukið skógrækt sína um 110 milljón hektara.

Samkvæmt því sem talsmenn eins af þeim fjölmörgu fjölþjóðlegu ráðum og nefndum sem fjalla um loftslagsmál segja er besta leiðin til að takmarka hlýnun andrúmsloftsins við 1,5° á Celsíus til ársins 2050 að gróðursetja tré á einn milljarð hektara lands til viðbótar því sem nú er.

***Gríðarleg binding með trjárækt***

Vísindamenn í Sviss hafa með hjálp loftmynda kortlagt stóran hluta skóga í heiminum og um leið áætla hvaða svæði eru hentug til skóga og trjáræktar í heiminum. Samkvæmt þeirra útreikningum er hægt að rækta skóg á um 0,9 milljarða hektara landbúnaðarlands og í borgum og samanlagt ættu þau tré að binda um 200 gígatonn af koltvísýringi á ári. Það magn er um 2/3 af því magni koltvísýrings sem losnað hefur út í andrúmsloftið frá upphafi iðnbyltingarinnar og um fjórðungur alls kolefnis í andrúmsloftinu í dag.

***Möguleg skógrækt eftir landsvæðum***

Mestir eru möguleikarnir á nýræktun skóga í Rússlandi, eða um 151 milljón hektarar, í Bandaríkjum Norður-Ameríku 103 milljón hektarar, 78 milljón í Kanada, 58 milljón í Ástralíu og 40 milljón hektara í Kína.

Í skýrslunni segir að á sama tíma og hugað sé að nýskógrækt sé ekki síður nauðsynlegt að vernda og hlúa að eldri skógum.

*/VH*

# Birkið er víða illa farið eftir birkikembu

**Birkitré eru víða mjög ljót eftir birkikembu, sem er skaðvaldur á trjánum, ekki síst þar sem hún hefur verið áður eins og á Suðurlandi, Vesturlandi og á stöku stað á Norðurlandi, t.d. er birkið illa farið á Akureyri.**

„Við höfum síðan frétt af því að hún sé komin í Barðastrandarsýslu, en þar höfum við ekki haft fregnir af henni áður. Á Austurlandi eru engin ummerki um birkikembu en hins vegar hafa aðrar fiðrildalirfur verið að leika birkið grátt þar," segir Edda Sigurdís Oddsdóttir, sviðsstjóri rannsóknasviðs hjá Skógræktinni á Mógilsá.

Á heimasíðu Skógræktarinnar kemur fram að birkikemba er fiðrildategund og er það lirfan sem veldur skaða. Kvenfiðrildin verpa

Birkitré eru víða mjög illa farin eftir birkikembu, hér er tré á Selfossi, sem lítur ekki vel út. Mynd / MHH

eggjunum undir yfirhúð laufblaða snemma sumars. Þar klekjast þau út í blaðholdinu og lirfurnar nærast á því. Fullvaxin lirfa púpar sig í jörðu og bíður næsta vors. */MHH*

Ólafur Ragnarsson hjá Húsheild og Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps, við undirritun samninga við uppbygginguna á Hólasandi.

# Húsheild byggir safntank á Hólasandi

**Skútustaðahreppur hefur samið við félagið Húsheild um byggingu safntanks fyrir „svartvatn" á Hólasandi. Húsheild átti lægsta tilboð í verkið, tæplega 110 milljónir króna.**

Framkvæmdir hefjast fljótlega og á þeim að ljúka í haust. Húsheild ehf. er mývetnskt verktakafyrirtæki sem Ólafur Ragnarsson rekur. Óhætt er að segja að Húsheild láti að sér kveða í Mývatnssveit þessi misserin. Húsheild ehf. átti einnig lægsta tilboð í stækkun leikskólans Yls og ganga þær framkvæmdir vel. Þá er Húsheild ehf. að reisa 8 íbúðir í tveimur raðhúsum í Klappahrauni á einstaklega hagkvæman máta. Þetta kemur fram á vefsíðu Skútustaðahrepps. */MÞÞ*

Lely Center Ísland
TINDAR OG HNÍFAR
GOTT ÚRVAL

**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

LÍF & STARF

# Verzlunarfjelag Árneshrepps opnar verslun í Norðurfirði

**Verslun í Norðurfirði í Árneshreppi hefur verið opnuð, formleg opnun hennar var með viðhöfn að viðstöddu fjölmenni, en samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra opnaði verslunina og afhjúpaði nýtt skilti með merki félagsins og gestum var boðið til kaffiveislu.**

Rekstri verslunar var hætt á seinni hluta síðasta árs og var því engin verslun í Árneshreppi síðastliðinn vetur. Heimamenn tóku sig til og stofnuðu nýtt félag, Verzlunarfjelag Árneshrepps, og fengu mjög jákvæð viðbrögð heimamanna og annarra velunnara Árneshrepps varðandi þátttöku í félaginu.

Skúli Gautason, verkefnisstjóri í verkefninu Áfram Árneshreppur, aðstoðaði stjórnina við stofnun félagsins og undirbúning að verslunarrekstri en formaður stjórnar er Arinbjörn Bernharðsson. Verkefnið

Sigurður Ingi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra opnaði verslunina og afhjúpaði nýtt skilti með merki félagsins.

Áfram Árneshreppur hefur stutt við verslunarrekstur í sveitarfélaginu og þá úthlutaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra styrk í desember 2018 til verslunarreksturs í Árneshreppi á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2018–2024. Árný Björk Björnsdóttir frá Melum í Trékyllisvík hefur verð fengin til að sjá um reksturinn í sumar. Það var vel við hæfi að ráðherra var einn af fyrstu viðskiptavinunum sem Árný Björk afgreiddi. */MÞÞ*

LÍF & STARF

Nýja fjósið er um 1.700 m2 að stærð og rúmar á milli 140 og 150 kýr. Mynd / Margrét Harpa

# Nýtt og glæsilegt fjós risið á Lambhaga á Rangárvöllum

– Um 400 manns skoðuðu nýja fjósið sem rúmar um 150 kýr og þar eru tveir nýir Fullwood Merlin-mjaltaþjónar

**Nýtt og glæsilegt fjós hefur verið tekið í notkun á bænum Lambhaga á Rangárvöllum. Á búinu er rekið blandað bú með áherslu á mjólkurframleiðslu og nautakjötsframleiðslu.**

Bústofn telur nú um 450 nautgripir, þar af 95 mjólkurkýr og 75 holdakýr, 100 ær, 25 hænur og nokkur hross, auk katta og hunda. Ábúendur eru Sjöfn Guðmundsdóttir, ásamt bræðrunum Ómari og Björgvini Reyni Helgasonum. Margrét Harpa Guðsteinsdóttir er eiginkona Ómars og eiga þau fjögur börn og Dóra Steinsdóttir er eiginkona Björgvins Reynis og eiga þau líka fjögur börn.

Nýja fjósið er stálgrindarhús frá Landstólpa, klætt með yleiningum. Það er um 1700 m2 og rúmar um 140–150 kýr, auk góðri aðstöðu fyrir kálfa. Fjósið er búið nýjustu tækni en í því eru tveir Fullwood Merlin mjaltaþjónar (róbótar) og anna þeir um 120 kúm í einu.

Svokallaður flórgoði (róbót) sér um að hreinsa flórinn. Einnig eru þrír kúaburstar til að auka vellíðan kúnna. Trioliet gjafakerfi sér svo um að blanda fóður, dælir í gjafavagn og gefur kúnum nokkrum sinnum á sólarhring og sópar að í leiðinni, þannig fá kýrnar alltaf ferskt og lystugt fóður.

Þá eru í fjósinu 5 eftirlitsmyndavélar frá Nova og er hægt að komast í þær og fylgjast með appi í símum ábúenda. Utan við fjósið er 12.000 lítra mjólkurtankur frá Fullwood. */MHH*

Ábúendurnir á Lambhaga, sem eru að rifna úr stolti, sem eðlilegt er, af nýja fjósinu og nýju aðstöðunni. Fullorðnir og börn, efri röð: Pétur Freyr, Björgvin Reynir, Dóra, Steinn Skúli, Margrét Harpa og Ómar. Neðri röð: Sjöfn, Ásberg Ævarr, Þorbjörg Helga, Hafdís Laufey, Hrafnkell Frosti, Helgi Tómas og Kolfinna Sjöfn. Mynd / einkasafn

Um 400 manns skoðuðu nýja fjósið á opnu húsi laugardaginn 6. júlí, enda var um tíma hálfgert umferðaröngþveiti í fjósinu. Mynd / Margrét Harpa

# Um 900 milljónir vantar til jöfnunar raforkuverðs á ári

**Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) hefur sent frá sér ályktun um jöfnun raforkuverðs milli þéttbýlis og dreifbýlis. Í ályktuninni beinir stjórnin því til ráðherra ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunar að raforkuverð í dreifbýli og þéttbýli verði jafnað. Í ályktuninni segir svo:**

Raflínur á Hellisheiði. Mynd / HKr.

„Frá því að skipulagsbreytingar voru gerðar á raforkukerfinu árið 2005 hafa fyrirtæki sem annast dreifingu á raforku í þéttbýli og dreifbýli haft tvær mismunandi gjaldskrár, aðra fyrir dreifingu raforku í þéttbýli og hina fyrir dreifingu raforku í dreifbýli. Þrátt fyrir niðurgreiðslu frá ríkinu, með svonefndu dreifbýlisframlagi, er raforkuverð í dreifbýli enn hærra en raforkuverð í þéttbýli. Frá árinu 2015 hefur dreifbýlisframlagið verið fjármagnað með svonefndu jöfnunargjaldi, sem er lagt á alla almenna raforkunotkun.“

***900 milljónir á ári***

Stjórn SASS segir að til að ná fullri jöfnun raforkuverðs fyrir alla landsmenn er áætlað að þurfi viðbótarframlag sem nemur um 900 m.kr. á ári. „Stjórn SASS telur að nýta megi hluta af arði af rekstri Landsvirkjunar sem framlag til niðurgreiðslu raforkuverðs. Bent er á að í gegnum tíðina hefur verið rætt um að þegar skuldir Landsvirkjunar hafi verið greiddar niður muni arður af henni nýtast í þágu landsmanna. Það liggur beinast við að sá arður verði nýttur á sviði raforkumála og beinlínis í þágu landsbyggðarinnar, þar sem allar virkjanir Landsvirkjunar standa. Tímabært er að íbúar hinna dreifðu byggða sitji við sama borð og íbúar í þéttbýli hvað varðar raforkuverð og í raun hálfhjákátlegt að þeir sem búa næst uppsprettu raforkunnar, nærri virkjununum eða undir raflínum sem flytja orkuna á suðvesturhornið, skuli greiða hærra verð fyrir orkuna en þeir sem fjær búa“, segir í ályktuninni. */MHH*

# Tíu börn greindust með sýkingu af völdum E. coli bakteríu

## – Níu af börnunum smituðust á ferðaþjónustubænum Efstadal 2 í Bláskógabyggð – mikilvægi hreinlætis í umgengni við dýr áréttað

**Í fréttatilkynningu frá Embætti landlæknis segir að nú virðist ljóst að níu af börnunum smituðust á ferðaþjónustubænum Efstadal 2 í Bláskógabyggð fyrir 10 dögum til þremur vikum síðan en eitt barn smitaðist að öllum líkindum af systkini sínu.**

Þann 4. júlí síðastliðinn var greint frá því að fjögur börn hafi greinst með alvarlega sýkingu af völdum E. coli bakteríu. Nú hafa sex börn á aldrinum 20 mánaða til 12 ára greinst til viðbótar og eru tilfellin því alls tíu. Þessi sex börn eru ekki alvarlega veik en verða undir eftirliti á Barnaspítala Hringsins næstu daga. Börnin sem greindust í síðustu viku eru á batavegi.

Rannsóknir hafa sýnt að E. coli bakterían sem sýkti börnin finnst einnig í hægðasýni frá kálfum á staðnum. Ekki er vitað með vissu hvernig smitið barst í börnin en frekari rannsóknir á hugsanlegum smitleiðum á staðnum standa enn yfir. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Matvælastofnun gripu til viðeigandi ráðstafana þann 4. júlí síðastliðinn í góðri samvinnu við staðarhaldara til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu bakteríunnar.

Rétt er að árétta að ekki er talið að smit hafi átt sér stað með vatni í Bláskógabyggð og ekkert bendir til að smitið eigi uppruna sinn annars staðar í sveitinni.

Einstaklingar sem heimsóttu ferðaþjónustuna á síðastliðnum tveimur vikum og fengu niðurgang innan 10 daga frá heimsókninni eru hvattir til að leita til síns læknis varðandi nánari greiningu. Einkennalausir einstaklingar sem heimsótt hafa Efstadal 2 þurfa ekki að leita læknis né heldur einstaklingar sem fengið hafa niðurgang sem nú er genginn yfir.

Allir aðilar sem að þessu máli hafa komið vilja ítreka að litið er á þessa sýkingahrinu af völdum E. coli mjög alvarlegum augum og hafa allir lagt sig fram um að upplýsa þetta mál og gripið til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir frekara smit. Þessi atburður gefur einnig tilefni til að árétta mikilvægi almenns hreinlætis og handþvottar við meðhöndlun matvæla og eftir umgengni við dýr, sérstaklega þegar börn eiga í hlut. */VH*

**Sveitarstjórnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar hafa samþykkt að kanna ávinning þess að sameina sveitarfélögin. Áformin voru kynnt á fundi í Ljósvetningabúð á dögunum.** Mynd / 641.is

### Stjórnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar:

# Kanna ávinning sameiningar

**Sveitarstjórnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar hafa samþykkt að kanna ávinning þess að sameina sveitarfélögin og hefur samstarfsnefnd verið skipuð í þeim tilgangi.**

Kynningarfundir vegna hugsanlegrar sameiningar hafa verið haldnir í báðum sveitarfélögum, annar vegar í Ljósvetningabúð í Þingeyjarsveit og hins vegar í Skjólbrekku i Skútustaðahreppi. Fundir voru vel sóttir en þar var ferill verkefnisins kynntur, Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson frá RR Ráðgjöf sáu um kynninguna.

Að mati sveitarstjórna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar er skynsamlegt að sveitarfélögin hefji formlegar sameiningarviðræður sem munu leiða til þess að tillaga um sameiningu verði lögð fyrir íbúa í atkvæðagreiðslu. Á þann hátt er valdið sett í hendur íbúanna. Tillagan verður unnin með virkri þátttöku íbúa m.a. á íbúafundum þar sem tekin verður umræða um tækifæri og áskoranir sem geta falist í sameiningu þessara tveggja sveitarfélaga.

Sameinað sveitarfélag Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar yrði mjög stórt, um 12 þúsund ferkílómetrar og stærsta sveitarfélag landsins.

Á fundunum var ferli verkefnisins kynnt og gafst íbúum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri strax í upphafi. Var það gert með snjallsímatækni á staðnum þannig að gestir fundanna og jafnframt þeir sem fylgdust með fundunum í beinni útsendingu á Facebook-síðu sveitarfélaganna, gátu verið virkir þátttakendur í umræðunni. Gafst þessi nýjung ákaflega vel.

Fram kom á fundinum að sameiningarnefndin muni starfa áfram og halda reglulega kynningarfundi fyrir íbúanna. Stefnt er að því að stöðugreining, vinna við framtíðarsýn og tillaga um hvernig sameining sveitarfélaganna fari fram liggi fyrir í árslok 2020. Stefnt er að því að atkvæðagreiðsla fari fram á tímabilinu nóvember 2020 til mars 2021. */MÞÞ*

VÍNGERÐ Í BASKALANDI

Útsýnið frá Elkano-vínekrunni í Getaria í Baskalandi á Norður-Spáni er ekki amalegt. Úti við strönd Cantabriahafsins má sjá litla fiskimannaþorpið Cristóbal. Á innfelldu myndunum er þjóðfáni Baska og skjaldarmerki, en í því má sjá að eikartré eru í miklum metum hjá Böskum.
Myndir / Hörður Kristjánsson

# Baskar framleiða hin sérstöku Txakoli-vín undir svæðisbundinni upprunaskilgreiningu

– Byggja á aldagamalli hefð og framleiða hvítvín úr harðgerum Hondarrabi Zuri-þrúgum sem taldar eru upprunnar í Baskalandi

**Hörður Kristjánsson**
hk@bondi.is

**Elkano-fjölskylduvínekran í Getaria, sem er í Baskalandi á Norður-Spáni, sérhæfir sig í framleiðslu á Txakoli vínum. Þessi vín hafa mikla sérstöðu meðal spænskra vína.**

Elkano vínekran var stofnuð af Joxepa Jostuna af Zimmermann Alkorta fjölskyldunni árið 1830. Bæjarnafnið er kennt við landkönnuðinn Elkano sem var frá þessu héraði og stýrði fyrsta leiðangrinum sem sigldi umhverfis jörðina. Nú ráða þar ríkjum feðgarnir Jose Luis og Ekatiz Zimmermann, en Ekatiz er af sjöttu kynslóð sömu fjölskyldu. Leggja þeir mikinn metnað í framleiðsluna ásamt öðrum fjölskyldumeðlimum og í að viðhalda gömlum hefðum.

Þrátt fyrir sitt þýska gyðinglega eftirnafn eru þeir stoltir af sínum baskneska uppruna og vínframleiðsluhefðum Baska. Saga Baska á norðanverðum Spáni er lengri en nokkur í raun veit. Uppruni Baska er heldur alls ekki á hreinu, en þeir tala tungumál sem er ekki skylt neinum öðrum tungumálum í þeirra nágrenni.

Ekatiz Zimmermann lýsir kostum hinnar harðgeru Hondarrabi Zuri-vínþrúgu sem fjölskyldan nýtir til framleiðslu á Txakoli (cha-ko-LEE) hvítvíni.

Höfuð Elkano-fjölsyldunnar, Jose Luis Zimmermann, skenkir Elkano Txakoli hvítvíni í glas.

### *Við strönd Cantabriahafs*

Elkano vínekran er nokkuð hátt í hlíðunum á milli strandbæjarins Zarauz og hafnarbæjarins Cristóbal. Svæðið liggur að Cantabriahafi, sem er syðsti hluti Biscayflóa sem Íslendingar kannast líklega frekar við.

Frá sveitabænum má sjá hafnarbæinn Cristóbal í fjarska. Þarna er mikil náttúrufegurð og landið vel gróið og skógi vaxið frá fjöruborði upp á fjallsbrúnir.

Tíðindamanni Bændablaðsins gafst tækifæri á að heimsækja þessa fjölskylduvínekru í lok apríl á þessu ári og fræðast um þeirra starfsemi.

### *Allt Txakoli hvítvín er framleitt úr Hondarrabi Zuri vínþrúgunni*

Vínþrúgan sem er grunnur hvítvínsframleiðslunnar í Baskalandi heitir Hondarrabi Zuri og er þeim eiginleikum gædd að hún er mjög harðger og þolir vel kaldan joð- og saltríkan rakann sem kemur frá sjónum. Er þessi ljósa vínþrúga uppistaðan í vínrækt bænda á svæðinu, eða um 95%. Um 5% af ræktuninni fer undir ræktun á hinni rauðu Hondarrabi Beltza vínþrúgu sem er þá nýtt til rauðvínsgerðar.

Uppruni Hondarrabi Zuri þrúgunnar mun ekki vera á hreinu en er oftast rakin til Baskalands. Ekki munu þó allir vera á eitt sáttir varðandi þá upprunagreiningu og vilja sumir meina að hún sé ættuð frá Suðvestur-Frakklandi. Flestir viðurkenna þó baskneska upprunann. Þessi þrúga er líka þekkt undir heitunum Ondarribi Zuri og Hondarribi Zuria.

Á þessu svæði er meðalhitinn um 13,5° Celsíus og sólskin í meðallagi. Helsta áhættan í vínræktinni er vegna haglélja sem dunið geta yfir, en þarna rignir umtalsvert, eða um 1.600 mm á ári. Er þetta votviðrasamasta vínræktarsvæðið á Spáni. Í Baskalandi verður hitinn aldrei eins þrúgandi og oft getur orðið á öðrum landsvæðum Spánar við Miðjarðarhafið. Hitinn fer sjaldnast mikið yfir 25 til 30 gráður þegar heitast er yfir sumarið.

Baskaland í norðurhluta Spánar.

### *Hræddir við skógarelda vegna einsleitni í trjárækt*

Þó oft geti verið rigning, þá eru íbúar í norðurhéruðunum orðnir talsvert smeykir við skógarelda. Ekki er það að ósekju og fengu íbúar í héraðinu Tarragona í Katalóníu á Spáni

að kenna á slíku í hitabylgju og þurrkum á því svæði fyrir skömmu.

Það eru þó ekki bara þurrkar sem menn óttast í þessu skógi vaxna héraði Baska, heldur ekki síður sú einsleitni sem rutt hefur sér til rúms í skógrækt á svæðinu á liðnum áratugum. Baskaland er þekkt fyrir sína eik, sem mikið var notuð í skipasmíði allt fram á fyrri hluta síðustu aldar. Eikin var einnig notuð til annarra smíða þar sem styrkleiki og ending skipti máli. Eik er hins vegar mjög seinvaxin og óþolinmóðir peningamenn sáu að græða mætti meira á skömmum tíma með ræktun á öðrum trjátegundum en eik. Fyrir valinu varð eucaliptustré sem ættuð eru frá Ástralíu og eru mjög olíurík. Réð gróðavonin ferðinni og eru eucaliptustré nú mjög útbreidd á svæðum sem áður voru þéttvaxin af eik. Þó eldingum slægi niður eftir þurrkatíð, stóðu eikartrén bærilega af sér skógarelda. Það gera eucaliptustrén hins vegar ekki og eru bókstaflega eins og olía á eld þegar kviknar í slíkum skógi.

Í Baskalandi er mikil gróðursæld og víða mikil náttúrufegurð eins og í kringum vínekrurnar í Gipuzkoa-héraði sem liggur að strönd Cantabriahafs.

### *Byggja á aldagamalli hefð og upprunayfirlýsingu Txakoli vínsins*

Vínheitið Txakoli er hrein baskneska og er borið fram „cha-ko-LEE“. Er víngerð Baska rakin allt aftur til daga rómverska stórveldisins, en Txakoli vínhefðin er talin eiga uppruna sinn á sextándu öld eftir Krist samkvæmt handritum sem fundist hafa í Hondarribia. Næstu 400 ár voru Txakoli vínin helst tengd stöðu bænda, fiskimanna og verkamanna í Baskalandi og þeirra vinsælasti drykkur.

Hafa vínbændur í Baskalandi lagt áherslu á að fá Txakoli vínin viðurkennd á alþjóðavísu sem staðbundið vínheiti líkt og Campangne vínin í Frakklandi. Eitthvað sem íslenskir bændur voru ekki nógu vakandi fyrir varðandi heitið á íslenska skyrinu. Kannski er þó ekki öll von úti ef Íslendingar fetuðu í fótspor Baska.

Jón Sigurður Eyjólfsson, fararstjóri og Bíldælingur, sem búsettur er á Spáni, ásamt Ekaitz og Jose Luis Zimmermann og baskneskri leiðsögukonu, með framleiðslu Elkano-bænda.

Feðgarnir Jose Luis og Ekatiz Zimmermann opnuðu glænýja víngerð á bænum árið 2012 og er þar allur búnaður samkvæmt nýjustu tækni og ströngustu kröfum. Hafa þeir síðan fengið verðlaun og viðurkenningar fyrir gæði sinnar framleiðslu.

### *Opnuðu nýja og fullkomna víngerð 2012*

Feðgarnir Jose Luis og Ekatiz Zimmermann opnuðu glænýja víngerð á bænum árið 2012 og er þar allur búnaður samkvæmt nýjustu tækni og ströngustu kröfum. Með nýjum tækjum hafa þeir möguleika á að ná meiri nákvæmni í framleiðslunni. Hafa þeir síðan fengið verðlaun og viðurkenningar fyrir gæði sinnar framleiðslu.

Það eru einkum tvær víngerðir sem fjölskyldan framleiðir, Elkano og Juan Sebastián. Síðan nýta þeir líka sína frábæru aðstöðu til að pressa ber í forvinnslu á vínum fyrir vínbændur í nágrenninu.

Það var nefnilega ekki fyrr en 1989 sem fyrsta upprunayfirlýsingin (denominación de origen skammstafað D.O.) var gefin út um Txakoli vínin. Úr varð skilgreiningin eða upprunavottunin D.O. Getariako Txakolina, eða Txakoli vínin frá Gipuzkoa héraði eins og það nefnist á basknesku, en það er við Cantabriahafið. Síðan eru tvær aðrar skilgreiningar á staðbundnum Txakoli vínum, eða D.O. Bizkaiko Txakolina, sem er frá Biscay-héraði og D.O. Arabako Txakolina sem er frá Álava-héraði sem er í fjalllendinu fjær ströndinni. Það inniheldur hraðvaxnasta afbrigðið af Hondarrabi Zuri vínþrúgunni sem er undirstaða Txakoli vínsins. Í þessu héraði er líka að finna annað þekkt vín sem nefnist Rioja Alavesa. Nú eru 17 vínekrur sem starfa undir þessum upprunavottunum.

Mikill metnaður og alúð er lögð í framleiðslu á Txakoli-vínunum Elkano og Juan Sebastián. Þá leggur Zimmermann -fjölskyldan mikið upp úr að kynna sína framleiðslu fyrir ferðamönnum sem leggja leið sína á slóðir Baska við norðurströnd Spánar.

### *Framleiða Elkano og Juan Sebastián*

Elkano er það sem kalla má hefðbundið Txakoli vín og örlítið freyðandi.

Juan Sebastián vínið er aftur á móti aðeins annar handleggur þó það sé líka undir D.O. Getariako Txakolina skilgreiningunni.

Eftir hefðbundna gerjun er Juan Sebastián vínið látið standa í nokkra mánuði í tönkum til að ná fram þroska. Er gruggið hrært upp í tönkunum einu sinni í hverri viku sem er tækni sem kölluð er á máli víngerðarmanna „bâtonnage“ upp á frönsku. Það þýðir einfaldlega að hræra upp gruggið sem sest á botninn. Við þetta fær vínið meiri fyllingu og annað bragð en Elkano Txakoli vínið. Tekur framleiðslan á Juan Sebastián vínunum um eitt ár frá því vínberin eru tínd og víngerðin hefst.

Vín sem framleidd eru úr Hondarrabi Zuri eru frekar súr að upplagi en þykja henta vel með margvíslegum mat. Ekki síst með hinum vinsælu pintxos smáréttum, sem eru eins konar tapas, sem finna má í úrvali á nær öllum vínveitingastöðum í Baskahéruðunum. Í borginni Bilbao þykir t.d. mjög við hæfi að rölta á kvöldin á milli veitingahúsa, fá sér einn eða tvo pintxos á hverjum stað og skola því niður með einum bjór eða Txakoli-glasi.

Jose Luis og Ekatiz Zimmermann eru duglegir að taka á móti gestum frá öllum heimshornum sem vilja forvitnast um víngerð Baska. Þangað er virkilega notalegt að koma.

UTAN ÚR HEIMI



Scott Reinhard, hönnuður frá Indiana í Bandaríkjunum, býr til nýstárleg landakort með því að bæta við þrívíddarlögum ofan á hefðbundna kortagerð.

# Öðruvísi sögur af heiminum

**Scott Reinhard, hönnuður sem býr og starfar í New York í Bandaríkjunum, byrjaði að búa til kort af Bandaríkjunum með þéttri áferð eftir að hafa séð kynningu á róttækri kortagerð í háskóla. Með því að tjá jarðfræðileg gögn í grafísku samhengi, fann hann út að hann gæti sagt öðruvísi ósýnilegar sögur um heiminn sem við lifum í.**

Miklagljúfur, eða „Grand Canyon“, í Bandaríkjunum.

„Ég er frá Indiana og hef unnið sem grafískur hönnuður í 15 ár. Í Indiana er landslagið frekar leiðigjarnt en þegar ég skoðaði gögn um hæð frá jörðu, var vel hægt að sjá umfang jökla og hvernig jöklarnir hopa. Það myndi maður aldrei vita með því eingöngu að keyra um úti á landsbyggðinni,“ segir Scott og bætir við:

„Fyrr á mínum ferli vann ég með söfn, bækur, sýningar og prentað ásamt stafrænu efni. Þegar ég stundaði nám í háskóla fékk ég áhuga á kortagerð. Frá þeim tíma hafa verk mín skipst frá að vera kortlagning og sýnileiki. Þetta leiddi mig nýlega að grafísku borði hjá New York Times þar sem ég starfa sjálfstætt sem ritstjóri grafíkur og starfa við alla sýnilega eða myndræna blaðamennsku.“

### *Hefur framleitt yfir 100 kort*

Samhliða störfum sínum rekur Scott fyrirtækið Scott Reinhard Maps. Síðastliðna sex mánuði hefur hann unnið að því að búa til kort í þrívídd. Þrátt fyrir að verk hans sýnist mjög flókin þá vinnur hann þau mjög skipulega og á sama hátt með því að taka skönnuð kort sem eru teiknuð mjög nákvæmt af Jarðfræðistofnun Bandaríkjanna í kringum 1800 og setur síðan þrívíddarlög ofan á þau.

„Síðastliðin ár hef ég kannað marga mismunandi þætti af sýnileika landsvæða, kóðun og umhverfi í þrívídd. Í þessum könnunum mínum fann ég út að með því að sameina söguleg kort með gögnum um samtíma hækkun á landslagi fæ ég ný form sem eru mjög heillandi,“ útskýrir Scott og segir jafnframt:

„Ég er ekki alveg viss hversu mörg kort ég hef gert en þau eru yfir 100 talsins. Mest af þeim eru frá Bandaríkjunum vegna þess að gögnin sem ég fæ eru af góðum gæðum og auðvelt að nálgast þau. En ég hef áætlanir um að fara meira út fyrir mitt heimaland með verkefnið. Viðbrögðin við kortunum hafa verið framar vonum og ég brosi að því, vegna þess að það sem ég byrjaði á að gera inni í svefnherbergi eftir vinnu hefur opnað mörg ný tækifæri fyrir mig og ég er bara rétt að byrja.“

*/ehg*

# Hrina gjaldþrota í Danmörku

**Aldrei áður hafa jafn mörg gjaldþrot verið skráð í Danmörku eins og á fyrri hluta þessa árs, eða rúmlega 4500 talsins, og tróna fyrirtæki í sjávarútvegi og landbúnaði á toppnum. Þetta er hátt í 1.200 fleiri en á sama tíma í fyrra og því aukningin rúm 35 prósent.**

Sú grein sem er efst á listanum er innan kennslu og menntunar þar sem skráð eru 71 prósent fleiri gjaldþrot síðastliðna 12 mánuði miðað við sama tímabil á undan, en skógrækt, landbúnaður og sjávarútvegur fylgja þar fast á eftir. Innan landbúnaðar og sjávarútvegs er aukning gjaldþrota hátt í 40 prósent. Dönsk yfirvöld útskýra að hrinan komi til vegna nýrra reglugerða þar sem nú er gerð krafa um að raunverulegir eigendur séu skráðir fyrir fyrirtækjunum.

Þessi aukning gjaldþrota gerist þrátt fyrir uppgang í dönsku efnahagslífi þar sem vinnumarkaðurinn gengur vel með minna atvinnuleysi og launahækkunum. Á sama tíma eru fá gjaldþrot í norskum landbúnaði og sjávarútvegi, en árið 2018 voru eingöngu 16 gjaldþrot innan landbúnaðar, skógræktar og sjávarútvegs þar í landi.

*/ehg - Bondebladet*

Innan landbúnaðar og sjávarútvegs í Danmörku hefur gjaldþrotum fjölgað hátt í 40 prósent. Dönsk yfirvöld segja að gjaldþrotahrinan komi til vegna nýrra reglugerða þar sem gerð er krafa um að raunverulegir eigendur séu skráðir fyrir fyrirtækjunum í landinu. Mynd / HKr.

Þetta skip sigldi á árum áður um Urima vatn í Íran þar sem fina mátti fjölsóttar baðstrendur sem drógu að ferðamenn. Nú er vatnið að stórum hluta uppþornað.

# Íranir í slæmri stöðu vegna vatnsskorts í kjölfar ofnýtingar á grunnvatni

**Í nýlegri greiningu Geopolitical Futures er fjallað um vatnskreppu í Íran, sem bætist við pólitískan vanda vegna viðskiptabanns og mögulegra hernaðarátaka við Bandaríkin og samstarfsríki þess í Mið-Austurlöndum.**

Vatnsvandinn í Íran í dag er einkum talinn stafa af langvarandi þurrkum í áratugi samfara stjórnlausri ofnýtingu og uppdælingu á grunnvatni í kjölfar byltingarinnar í landinu 1979.

Í Íran búa um 81 milljón manna. Auðveldasta leiðin til að afla neysluvatns fyrir íbúana sem ekki búa í fjalllendi var að dæla grunnvatni upp úr sprungum í jarðlögunum. Um 55% af öllu vatni sem Íranir nota er einmitt fenginn með uppdælingu á grunnvatni. Þá er um 92% af öllu vatni sem notað er í Íran nýtt til landbúnaðar sem er afar hátt hlutfall. Víða í öðrum löndum með svipaðar aðstæður er þetta hlutfall um 70%.

Það bætti ekki úr skák að á árunum 2000 til 2009 tvöfaldaðist ásóknin í grunnvatn frá því sem verið hafði á árunum 1960 til 2000. Ástæðan er sú pólitíska stefna sem tekin var í kjölfar byltingarinnar 1979 um að Íranir yrðu sjálfum sér nægir um framleiðslu á korni og öðrum matvælum, án þess að hugsa dæmið til enda. Það kallaði á gríðarlega uppdælingu á vatni til að viðhalda vexti á korninu í þurrkum. Fljótlega fór að sjá á stöðuvötnum sem sum hver hafa nær algerlega horfið með þeim afleiðingum að bændur hafa flosnað upp og lagt á flótta í leit að vatni og betra lífsviðurværi.

Undir þessa miklu brú rann eitt sinn hið vatnsmikla Karoon-fljót.

### *Nýtt flóttamannavandamál gæti verið í uppsiglingu*

Það sem gerist þegar um of er gengið á grunnvatn í jarðlögunum er að jarðlögin leggjast saman og missa þann eiginleika að geyma vatn. Þegar svo loksins rignir þá er engin önnur leið fyrir rigningarvatnið en að renna á yfirborðinu með tilheyrandi flóðum sem kostað hafa fjölda mannslífa og mikið eignatjón. Slík staða kom einmitt upp í rigningartíð fyrr á þessu ári. Þá fórust um 100 manns og flóðin ollu tjóni sem metið er á 10 milljarða dollara.

Haft hefur verið eftir Isa Kalantari, yfirmanni umhverfismála í Íran, að þegar kemur fram undir árið 2050 muni um 70% Írana neyðast til að yfirgefa heimkynni sín vegna vatnsskorts.

### *Enginn góður kostur í stöðunni*

Nokkrir möguleikar hafa verið nefndir sem lausn á vanda Írana. Í fyrsta lagi að leggja af þá stefnu að Íranir verði sjálfum sér nægir um öll matvæli. Í stað þess flytji þeir inn matvæli líkt og Sádi-Arabar gerðu í skiptum fyrir olíu. Þetta er þó ekki einfalt vegna viðskiptabanns sem sett var af Vesturlöndum og samstarfslöndum þeirra á kaup á olíu frá Íran vegna deilna um kjarnorkuáætlun stjórnvalda í Íran.

Annar kostur hefur verið nefndur sem er að auka vatnshreinsun og vinnslu á drykkjarvatni úr saltvatni sem þegar er gert í einhverjum mæli. Þetta myndi þó ekki duga fyrir landbúnaðinn.

Þriðji kosturinn er að fara í stórvinnslu á neysluvatni með eimingu á sjó úr Kaspíahafi og byggingu á risavöxnu vatnsveitukerfi. Það er mjög orkufrekt dæmi, en til þess gætu Íranir nýtt hluta af sínu jarðgasi. Slíkt myndi samt þýða að yfirborð Kaspíahafs gæti lækkað og það myndi án efa vekja harðvítugar deilur við nágrannaþjóðir. Þar að auki yrði slík framkvæmd gríðarlega kostnaðarsöm.

Allir kostir í stöðunni virðast slæmir og vandséð hvernig Íranir muni geta leyst úr sínum vatnsmálum. Þá lagar það ekki stöðuna að við landamærin bíða áfjáðir herforingjar eftir að Bandaríkin gefi grænt ljós á að hefja hernaðaraðgerðir gegn landinu vegna meintra brota á samkomulagi um kjarnorkumál og auðgun úrans.

*/HKr.*

Nýja vélin frá Hyundai verður fyrst boðin til sölu í Hyundai Sonata turbo.

# Hyundai með nýja CVVD tækni í vélahönnun

## – eykur nýtni um 5% og minnkar útblástur um 12%

**Þrátt fyrir aukinn áhuga á bílum sem ganga fyrir raforku, eða vetni sem breytt er í raforku með efnarafal, eru bílaframleiðendur stöðugt að glíma við að bæta eldsneytisnýtingu hefðbundinna bíla sem ganga fyrir jarðefna-eldsneyti. Nýjasta dæmið er CVVD vélin frá Hyundai.**

Þetta er tækni sem kölluð er Continuously Variable Valve Duration, eða CVVD, sem sögð er auka afl vélar um 4% og orkunýtni um 5%. Það sem meira er, útblásturinn frá bílnum á að minnka um 12%.

Þetta er fengið með síbreytilegum opnunartíma ventla og verður fyrst sett í Smartstream G1.6 T-GDi inline-four vélina sem á að skila 180 hestöflum. Verður hún sett í Sonata Turbo á heimamarkaði í Kóreu síðar á þessu ári.

Þetta mun vera í fyrsta sinn sem slíkri tækni er beitt í heiminum og þykir betri lausn en að vera með breytilegan kveikitíma. Þá er þessi lausn sögð ná betri nýtingu og ráða betur við mismunandi snúningshraða vélar.

Reiknað er með að þessi nýja CVVD tækni verði notuð í vélar ýmissa bifreiða bæði frá Hyundai og Kia sem eru í eigu sömu samsteypu.

### *Eyðsla á nýjum bílum hefur minnkað stórkostlega*

Þróun í eldsneytisnýtingu bílvéla hefur verið ör á undanförnum árum. Nú þykir ekki sérlega merkilegt að venjulegur 1.000–15300 kg fólksbíll og jafnvel þyngri kemst af með 5 til 7 lítra af bensíni eða dísilolíu á hundrað kílómetra. Ekki eru þó ýkja mörg ár síðan þumalputtareglan var sú að gott var talið að fyrir hver 1.000 kg í þunga bíls væri hann að eyða 10 lítrum á hundraðið.

Í dag eru dæmi um t.d. 2,2 tonna dísilbíla sem eru að eyða á langkeyrslu tæpum 7 lítrum á hundraðið. Eldsneytiseyðslan á sambærilegum bílum hefur því farið úr 22 lítrum á hundraðið og kannski vel það, niður í 7 lítra, eða um 32% af því sem áður var. Þannig hefur eldsneytiseyðslan í mörgum tilfellum minnkað um 68% af því sem hún var oft og tíðum fyrir 20 til 25 árum með tilheyrandi minni losun á gróðurhúsalofttegundum. Fátt bendir til annars en að bílar sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti munu verða í notkun næstu áratugi, þrátt fyrir margumrædd orkuskipti. Því hlýtur öll viðleitni til að draga úr eyðslu eins og Hyundai er að gera að vera af hinu góða. */HKr.*

## Ástralía – heimur á helvegi:

# Sýklalyfjaónæmar bakteríur í mávum

**Rannsóknir á mávum í Ástralíu sýna að meira en 20% silfurmáva í álfunni er sýktur með sýklalyfjaónæmum E. coli bakteríum. Hætta er talin á að sýkingin geti borist úr fuglunum í menn, búfé og gæludýr.**

Smithætta er talin vera mikil þar sem mávar eru í ætisleit. Skítur úr þeim getur lent nánast hvar sem er.

Hlutfall silfurmáva, Larus novaehollandiae, sem reyndust vera sýktir með sýklalyfjaónæmum E. coli bakteríum sem eru hættulegar mönnum reyndist vera það sama alls staðar í Ástralíu. Í einum fugli fundust bakteríur sem eru ónæmar fyrir sýklalyfinu colistin sem einungis er notað þegar engin önnur sýklalyf duga. Talið er að fuglarnir hafi sýkst við fæðuleit á ruslahaugum eða við útrennsli skólplagna.

Smithætta vegna fuglanna er talin vera mikil þar sem mávar eru mikið á ferðinni í ætisleit og getur skítur úr þeim lent nánast hvar sem er. Ungbörn eru sögð vera í talsverðri hættu á sýkingu vegna þess að þau eru forvitin og gjörn á að stinga fingrunum upp í sig.

Rétt er að halda því til haga að fuglar með sýklalyfjaónæmar bakteríur í görnunum hafa áður fundist í Portúgal, Frakklandi, Rússlandi, Grikklandi, Síberíu og Alaska svo dæmi séu nefnd. */VH*

# Ísland og EFSA í samstarf um rannsóknir á sýklalyfjaónæmi

**Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) og íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að hefja samstarf í baráttunni gegn sýklalyfjaónæmi. Verkefnið felur í sér rannsóknir á sýklalyfjaónæmi í E. coli-bakteríum á Íslandi með heilraðgreiningu á erfðaefni þeirra.**

Í tilkynningu frá Matvælastofnun kemur fram að vonast sé til að niðurstöðurnar varpi ljósi á uppruna baktería með getu til að mynda sýklalyfjaónæmi (ESBL/AmpC myndandi E. coli) og þættir matvæla, dýra, manna og umhverfis greindir í útbreiðslu sýklalyfjaónæmis.

**Jón Gíslason, forstjóri Matvælastofnunar, og Bernhard Url, forstjóri EFSA, við undirritun samningsins.** Mynd / Matvælastofnun

### *Sýklalyf í matvælum helsta áhyggjuefnið*

„Nýleg viðhorfskönnun EFSA sýnir að helstu áhyggjur evrópskra neytenda eru sýklalyf í matvælum. Það gleður mig að EFSA og Matvælastofnun hafi ákveðið að sameina krafta sína í baráttunni gegn sýklalyfjaónæmi, sem er ein helsta ógn sem við stöndum frammi fyrir í dag. Styrkur EFSA, sem nemur 8,5 milljónum króna, mun styðja við vísindarannsóknir og vera hlekkur í sameiginlegu átaki gegn sýklalyfjaónæmi á heimsvísu," er haft eftir Bernhard Url, forstjóri EFSA, í tilefni undirritunar samningsins um samvinnuna.

### *Niðurstöður nýtast til að útbúa viðbragðsáætlanir*

Undirritun samnings vegna verkefnisins fór fram í hátíðarsal Háskóla Íslands á fimmtudaginn í tengslum við komu forstjóra EFSA, Bernhard Url, til fundar ráðgjafahóps EFSA á Íslandi (Advisory Forum). „Matvælastofnun, í samvinnu við Keldur, Matís og sýklafræðideild Landspítalans, hefur unnið að undirbúningi að samstarfsverkefninu með EFSA og DTU Fødevareinstituttet í Danmörku. Verkefnið er unnið undir formerkjum „One Health", sem er alþjóðleg stefna ætluð auknu þverfaglegu samstarfi og samskiptum á öllum sviðum heilbrigðisþjónustu fyrir menn, dýr og fyrir umhverfið.

Verkefnið er partur af röð samstarfsverkefna EFSA á sviði matvælaöryggis og er meginmarkmið þeirra að auka þekkingu í hverju landi ásamt því að auka samvinnu milli landa innan Evrópu. Verkefnið er einnig liður í áætlun stjórnvalda til að auka fjármagn til rannsókna og sóknar gegn sýklalyfjaónæmi og verður styrkt að hluta af EFSA.

Sýklalyfjaónæmi er ein stærsta ógn við lýðheilsu í heiminum í dag og hafa alþjóðastofnanir hvatt aðildarþjóðir sínar til að efla rannsóknir til að stemma stigu við þessari ógn. Niðurstöðurnar munu nýtast til að útbúa viðbragðsáætlanir til að viðhalda lágu hlutfalli sýklalyfjaónæmis eða að hægja á þróun/aukningu ónæmis eins og hægt er," segir í tilkynningu Matvælastofnunar. */smh*

# Skipað í áhættumatsnefnd vegna matvæla, fóðurs, áburðar og sáðvöru

**Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur skipað áhættumatsnefnd vegna matvæla, fóðurs, áburðar og sáðvöru samkvæmt ákvæðum í matvælalögum og lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.**

Hlutverk nefndarinnar er að hafa umsjón með framkvæmd vísindalegs áhættumats á sviði matvæla, fóðurs, áburðar og sáðvöru; greiningu á áhættuþáttum á þessum sviðum.

**Íslenskar búvörur.** Mynd / Odd Stefán

### *Efla matvælaöryggi og bæta samkeppnisstöðu íslenskra búvara*

Í tilkynningu úr atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu kemur fram að skipan nefndarinnar sé hluti af aðgerðaáætlun stjórnvalda sem miðar að því að efla matvælaöryggi, tryggja vernd búfjárstofna og bæta samkeppnisstöðu innlendrar matvælaframleiðslu.

**Áhættumatsnefndina skipa:**

- **Hrönn Ólína Jörundsdóttir** formaður, tilnefnd af Matís
- **Jóhannes Sveinbjörnsson**, tilnefndur af Landbúnaðarháskóla Íslands
- **Charlotta Oddsdóttir**, tilnefnd af Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum
- **Þórhallur Ingi Halldórsson**, tilnefndur af Háskóla Íslands, næringarfræðideild
- **Kamilla S. Jósefsdóttir**, tilnefnd af landlæknisembættinu, sóttvarnalækni
- **Rafn Benediktsson**, tilnefndur af Háskóla Íslands, heilbrigðisvísindasviði.

*/smh*

**Paula Lehtomäki, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar, Sigurður Ingi Jóhannsson, Anders Ygeman, Monica Mæland, Linnéa Johansson, Halla Nolsøe Poulsen og Torsten A. Andersen.** Mynd / Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

## Norræna ráðherranefndin:
# Samþykkir nýja vestnorræna byggðaþróunarstefnu

**Norræna ráðherranefndin í byggðaþróun (MR-R) samþykkti á fundi sínum fyrir skömmu nýja byggðaþróunarstefnu fyrir vestnorræna svæðið, Ísland, Grænland, Færeyjar og norður- og vesturhluta Noregs, og gengur stefnan undir nafninu NAUST.**

Stefnumörkuninni er ætlað að bregðast við áskorunum sem snúa að byggðaþróun. Í stefnumörkuninni er lögð áhersla á að styrkja tengsl lykilaðila á svæðinu, efla sjálfbæra þróun byggðarlaga og styrkja og þróa grunnatvinnuvegi.

Forgangsröðun verkefna mun byggja á velferðar- og jafnréttismálum, málefnum hafsins og bláa hagkerfisins, orkumálum, samgöngum, björgun á sjó, sjálfbærni í ferðaþjónustu og menningarmál, samkvæmt því sem segir í tilkynningu frá samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytinu.

### *Byggir á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna*

NAUST byggðaþróunarstefnan byggir á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna ásamt því að tengja við aðrar stefnur Norrænu ráðherranefndarinnar eins og Dagskrá 2030 og aðrar stefnur um sjálfbæra þróun, börn og ungmenni og jafnrétti kynjanna.

Norræna samstarfið miðar að því að Norðurlöndin standi sterkari saman á alþjóðavettvangi og að þau gegni mikilvægu hlutverki í alþjóðlegu samstarfi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda sem eitt þeirra svæða heims þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna Atlantssamstarfið (NORA) mun hafa yfirumsjón með framkvæmd og eftirfylgni stefnunnar og mun innleiða markmið og forgangsatriði hennar inn í sína stefnumörkun. Framkvæmd og eftirfylgni með stefnunni mun verða á ábyrgð skrifstofu NORA í Færeyjum.

### *Íslenskt frumkvæðið*

Ísland lagði til á formennskuári sínu í Norrænu ráðherranefndinni árið 2014 að hefja vinnu við að móta stefnu fyrir vestnorræna svæðið. Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og formaður Norrænu ráðherranefndarinnar í byggðaþróun segist fagna því að norrænu byggðamálaráðherrarnir hafi samþykkt stefnuna. „Hún beinir aukinni athygli að svæði sem verður sífellt áhugaverðara í alþjóðasamstarfi. Á Norður-Atlantshafssvæðinu eru einstök sóknarfæri en jafnframt sameiginlegar áskoranir. Það er mikilvægt að við eflum samstarf okkar á þessu svæði." */VH*

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 25. júlí

UTAN ÚR HEIMI

Einungis 12% þeirra stórfyrirtækja sem mest losa af kolefni út í andrúmsloftið hafa gert áætlanir eða sýna raunverulegan vilja til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Stórfyrirtæki og Parísarsamkomulagið:

# Gera ekki ráð fyrir að draga úr losun

**Úttekt á losun kolefnis hjá þeim stórfyrirtækjum sem losa mest sýnir að fjórðungur þeirra standast ekki kröfur um losun eða að draga úr henni. Enn fremur sýnir úttektin að innan við helmingur fyrirtækjanna tekur tillit til losunar gróðurhúsalofttegunda við áætlana- og ákvörðunartöku.**

Samkvæmt úttekt Grantham rannsóknarstofnunarinnar í loftslagsmálum, sem starfrækt er við London School of Economics, eiga mörg stórfyrirtæki sem losa mikið af kolefnum úr í andrúmsloftið langt í land með að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins og að draga úr losun. Hjá um fjórðungi fyrirtækjanna er losunin langt yfir viðmiðunarmörkum, mörg fyrirtæki neita að gefa upplýsingar um magn losunarefna og ríflega helmingur þeirra virðist ekki hafa í hyggju að draga úr losuninni þar sem ekki er tekið tillit til hennar í áætlanagerð þeirra.

Úttekt Grantham-rannsóknastofnunarinnar náði til 274 þeirra stórfyrirtækja í heiminum sem eru opinberlega skráð og losa mest af kolefni út í andrúmsloftið. Af 160 fyrirtækjunum sem losa mest höfðu einungis 20, eða eitt af hverjum átta á heimsvísu, dregið úr losun í því magni að það standist kröfur Parísasamkomulagsins. Úttektin sýndi einnig að einungis 12% fyrirtækjanna hafi gert áætlanir eða sýni raunverulegan vilja til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Fyrirtækin sem um ræðir starfa á sviði olíu- og gasframleiðslu, ál-, orku- og bifreiðaframleiðslu auk flugsamgangna. Losun fyrirtækjanna er samtals talin nema meira en 40% af allri losun einkafyrirtækja í heiminum. */VH*

# Slökunartónlist fyrir plöntur

**Árið 1976 sendi tónlistarmaðurinn Mort Garson frá sér verk sem kallast Mother Earth's Plantasia. Garson sem er látinn var og er enn lítt þekktur raftónlistarmaður og tónlistin á Mother Earth's Plantasia var að hans sögn samin fyrir plöntur.**

Platan seldist illa fyrst eftir að hún kom út og til að losna við hana var gripið til þess ráðs af gefa hana þegar fólk keypti rúmdýnur í húsgagnaverslun sem félagi Garson rak. Auk þess sem með plötunni fylgdi pési með leiðbeiningum um meðferð pottaplantna.

Áhugi á tónlistinni hefur verið að aukast talsvert undanfarin misseri og er nú fáanleg á YouTube, https://www.youtube.com/watch?v=9TDlBCrK56E, og vel þess virði að spila hana fyrir pottaplönturnar til að auka lífsgæði þeirra. */VH*

FURÐUVÉLAR & FARARTÆKI

Spænska Nextrencher-vélin getur nagað sig í gegnum nánast hvað sem er með sínum eitilhöðru carbide-tönnum.

# Nextrencher skurðnagari

**Við gröft á skurðum hafa menn beitt ýmsum aðferðum í gegnum tíðina, allt frá notkun á einföldum handskóflum og haka upp í risavaxnar vélar sem naga sig í gegnum svörðinn. Ein slík vél heitir Nextrencher og lætur fátt stoppa sig.**

Nextrencher er hönnuð af fyrirtæki í Barcelona á Spáni. Þetta er gríðarlega afkastamikið verkfæri og nagar sig bókstaflega í gegnum jarðveginn með carbide-gaddabelti. Það virkar ekki ólíkt borkrónu á stórum jarðgangaborvélum líkt og notaðar voru við að grafa aðveitugöng frá Kárahnjúkum að Fljótsdalsvirkjun.

Nextrencher-vélin er með allt að 860 hestafla mótor og er á beltum. Getur hún grafið skurð sem er allt að 5,5 metra djúpur og 1,5 metrar á breidd. Jarðvegurinn sem upp kemur ýrist til hliðar við skurðinn líkt og korn frá þreskivél. Einnig er hægt að láta vélina moka jarðveginum beint upp á vörubíla.

Carbide-tennta stálbeltið á Nextrencher er ekkert lamb að leika sér við.

Stundum þarf líka að gera við brotnar tennur.

Hentugt tæki til að grafa skurði fyrir vatnsveiturör.

Hér er ein útgáfan af Nextrencher fest á gálga hjólagröfu að naga sig í gegnum malbikaðan veg.

### *Líka á hjólum*

Þótt vélin sé jafnan höfð á beltum hefur líka verið boðið upp á svipaðar vélar sem hengdar eru framan á eins konar hjólaskóflur og þykja henta betur ef grafa þarf skurði í gegnum malbikaðar götur í þéttbýli. Fyrir þess háttar aðstæður var hannaður nettari búnaður sem getur grafið 30 sentímetra breiðan skurð niður á 1,2 metra dýpi.

Dæmi um slíka vél er Nextrencher RP-385/510 sem getur grafið skurði frá 30 upp í 51 sentímetra breidd og allt að 180 sentímetra dýpt. Vélin er fjórhjóladrifin og með 385 hestafla Cummins mótor.

### *Í mörgum gerðum*

Nextrencher fyrirtækið framleiðir annars sambærilega „skurðnagara“ í ýmsum stærðum. Einnig framleiðir það vélar til að brjóta upp jarðveg í yfirborðsnámum, en þær byggja á sömu tækni og skurðnagararnir. */HKr.*

LÍF & STARF

Gísli Páll Pálsson, nýr forstjóri Grundarheimilanna, ásamt móður sinni, Guðrúnu, og Júlíusi, fósturföður sínum. Mynd / Kjartan Örn Júlíusson

## Grundarheimilin í Reykjavík og Hveragerði:

# Gísli Páll Pálsson tekur við af móður sinni sem forstjóri

**Gísli Páll Pálsson hefur nú tekið við störfum forstjóra Grundar af móður sinni, Guðrúnu B. Gísladóttur, sem lét af störfum 1. júlí. Undir hans verksvið heyra sex heimili Grundar.**

Guðrún B. Gísladóttir lét af starfi sem forstjóri Grundar mánudaginn 1. júlí en þá fagnaði hún 75 ára afmæli sínu en hún hafði þá starfað sem forstjóri í 25 ár. Sama dag, 1. júlí, lét Júlíus Rafnsson einnig af störfum sem framkvæmdastjóri Grundar en því starfi hefur hann gegnt frá árinu 1988.

### *Fyrsti forstjóri hjúkrunarheimila á Íslandi*

Guðrún var fyrsta konan til að gegna starfi forstjóra á hjúkrunarheimili hér á landi og það sem er einstakt er að hún er líka fædd og uppalin á Grund. Guðrún er dóttir Gísla Sigurbjörnssonar og Helgu Björnsdóttur en hann var forstjóri heimilisins í sextíu ár.

„Þetta hafa verið afar viðburðarík ár síðan ég tók við sem forstjóri. Það hefur verið byggt við Grund nokkrum sinnum og síðasta viðbyggingin var þegar Grundirnar voru tengdar saman með tengigangi. Hjúkrunarheimilið í Ási í Hveragerði var vígt árið 1998 og eitt fullkomnasta þvottahús landsins var byggt og tekið í notkun í Hveragerði 2007. Grund tók að sér rekstur Markar hjúkrunarheimilis fyrir ríkið í ágúst árið 2010 og festi kaup á 78 íbúðum fyrir 60 ára og eldri við Suðurlandsbraut 58–62 í ársbyrjun 2010. Það reyndist heimilinu gæfuspor því mikil eftirspurn hefur verið eftir íbúðunum. Brugðist var við henni með byggingu 74 íbúða austan megin við hjúkrunarheimilið. Þær voru allar teknar í notkun á síðasta ári og á fjórða hundrað manns eru enn á biðlista,“ segir Guðrún.

### *Gísli Páll tekur við öllu*

Gísli Páll Pálsson, sonur Guðrúnar, sem hefur unnið hjá Grundarheimilunum í að verða 30 ár, hefur unnið við hlið móður sinnar og þau stutt hvort annað, ásamt Júlíusi, fósturföður sínum.

„Ég er afar þakklátur þeim fyrir mjög gott samstarf í þau tæpu 30 ár sem við höfum starfað saman. Við höfum ekki alltaf verið sammála, það hefur stundum hvesst á milli okkar, aðallega milli mín og mömmu, en við höfum alltaf getað leyst þann ágreining okkar í milli. Við mamma erum sennilega bæði nokkuð stjórnsöm og líklega hefur Júlli í nokkrum tilvikum lent á milli okkar mömmu og settlað málin,“ segir Gísli Páll og brosir.

Við þessi tímamót tekur hann við starfi forstjóra allra sex fyrirtækjanna sem heyra undir Grundarheimilin.

„Ég mun svo sannarlega ekki vinna alla þá vinnu sem þau inntu af hendi. Og þar sem þessi ákvörðun hefur legið fyrir í nokkurn tíma ákvað stjórn Grundar að fara í stefnumótunarvinnu seinni hluta síðasta árs. Niðurstöður þeirrar vinnu voru á þann veg að einum manni er gert kleift að stýra fyrirtækjunum sex með góðri aðstoð sviðsstjóra, framkvæmdastjóra hjúkrunar auk nokkurra annarra einstaklinga, sem skipa framkvæmdastjórn Grundarheimilanna.

Ég lít björtum augum á rekstur heimilanna með þessu fyrirkomulagi og öllu því frábæra starfsfólki sem Grundarheimilin hafa á að skipa og hlakka til framtíðarinnar með ykkur öllum mér við hlið,“ segir Gísli Páll. */MHH*

# Arkarinn Eva gengur hringinn á 50 dögum

**„Það hefur gengið mjög vel, ég hef alls staðar fengið frábærar viðtökur og oft einhverjir sem ganga með mér nokkra kílómetra. Ég stefni á að klára hringinn á 50 dögum,“ segir Arkarinn Eva eins og hún kallar sig en hún heitir fullu nafni Eva Bryndís Ágústsdóttir, er 16 ára og býr í Hafnarfirði.**

Tilgangur hringferðarinnar er að safna peningum fyrir Barnaspítala Hringsins en bróðir Evu, sem er langveikur með hjartagalla hefur dvalið þar lengi og fengið frábæra þjónustu.

„Með göngunni er ég að þakka spítalanum fyrir þjónustuna við bróður minni, það er ekki flóknara,“ bætir Eva við. Þeir sem vilja styrkja barnaspítalann geta lagt inn á reikning númer 0545-14-001153 og kennitalan er 290802-2290. Eva birtir reglulega á Facbook-síðunni sinni hvað hefur safnast mikið en síðan heitir „ArkarinnEva“. */MHH*

Arkarinn Eva ásamt móður sinni, Berglindi.

Heiðursborgarinn Bjarni Har, kaupmaður með meiru, sem verður 90 ára í mars 2020.
Mynd / Aldís Hafsteinsdóttir

Skagafjörður:

# Bjarni Haraldsson er fyrsti heiðursborgari sameinaðs sveitarfélags

**Laugardaginn 29. júní var kaupmaðurinn á Sauðárkróki, Bjarni Haraldsson, gerður að heiðursborgara Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir hans framlag til verslunar- og þjónustureksturs til íbúa sveitarfélagsins og gesta í um 70 ár og fyrir að gera skagfirskt samfélag enn betra.**

Viðurkenningin fór fram í veislu sem blásið var til í tilefni af 100 ára afmæli verslunar Haraldar Júlíussonar. Bjarni Har, eins og hann er alltaf kallaður, hefur staðið vaktina við búðarborðið í 60 ár og gerir enn, 89 ára. Bjarni tók við rekstri verslunarinnar af föður sínum, Haraldi Júlíussyni, árið 1973. Verslun Haralds Júlíssonar, sem í daglegu tali er kölluð verslun Bjarna Har, er fyrir löngu orðin mikilvægur þáttur í menningarlífi Sauðárkróks og í ímynd allra Skagfirðinga sem dregur ferðamenn að enda fáar ef nokkrar búðir sem hans eftir á Íslandi. Húmor Bjarna og tilsvör hans eru orðin landsþekkt, en Bjarni er með ríka þjónustulund og hefur gaman af því að spjalla við fólk og greiða götur þess. */MHH*

**Stafholtsveggir 2 og Brautarholt**

Um er að ræða vel staðsettar tvær samliggjandi jarðir í Borgarbyggð. Stafholtsveggir 2 og Brautarholt. Stafholtsveggir 2 eru með vandaðan 1.674,4 m2 húsakost með fjölmarga nýtingarmöguleika auk 10 hektara lands. Brautarholt er 147,4 hektara land tilvalið undir sumarhús, einbýli eða aðra nýtingarmöguleika. Skipti á íbúðarhúsnæði í Reykjavík og nágrenni koma til greina.

Áhugasamir geta nálgast frekari upplýsingar á www.fasteignamidstodin.is eða svinvirkar@gmail.com

**TRYGGÐU ÞÉR EINTAK FYRIR ÞJÓÐHÁTÍÐ!**

Ný bók þar sem saga þjóðhátíðarlaga Vestmannaeyja 1933-2019 er rakin. Ljóð og textar, gítarhljómar og minningar úr Herjólfsdal ásamt fjölda fallegra ljósmynda sameinast í undurfögru ævintýri.

Forsala fer fram í gegnum netfangið pontun@sogurutgafa.is og í síma 891-8309.

Verð kr. 6.900 með sendingarkostnaði.
Sent heim fyrir verslunarmannahelgi.

sögur ÚTGÁFA

SPECTRA PRECISION LASER
SÍÐUMÚLA 28 / 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5100 / ISMAR.IS
ÍSMAR

**Óskað er eftir tilboðum í leigu á ríkisjörð á Fljótsdalshéraði**

**Ríkiseignir auglýsa eftir tilboðum í leigu á ríkisjörðinni Unaós-Heyskálar, á Fljótsdalshéraði, landnúmer 157222, ásamt öllum hlunnindum og gæðum.**

Jörðin er staðsett neðst á Fljótsdalshéraði, við Héraðssanda, Selfljót og Ósa, við mörk að Borgarfjarðarhreppi. Aðkoma að jörðinni er um Borgarfjarðarveg (94), en jörðin er í um 50 km fjarlægð frá Egilsstöðum og í um 20 km fjarlægð frá Bakkagerði á Borgarfirði eystri.

Land jarðarinnar er talið vera um 2.911 ha og þar af ræktað 25–30 ha. Jörðin er að mestu fjalllendi og hlíðar en flatlendi og ræktunarmöguleikar eru helst á austari hluta jarðarinnar í landi Heyskála. Jörðin er talin henta vel til fjárbúskapar og ferðaþjónustu. Jörðinni fylgja 212,4 ærgildi og veiðiréttur í Selfljóti.

Nokkur húsakostur er á jörðinni, s.s. stórt steinsteypt íbúðarhús og úthús til fjárbúskapar ásamt vélageymslu. Jörðin og húsakostur er almennt talinn vera í sæmilegu eða slöku ástandi og þarfnast viðhalds og endurbóta.

Til að stuðla að búsetu og nýtingu bújarða er jörðin boðin til leigu, til reynslu í 5 ár með því skilyrði að landið sé nýtt til landbúnaðar, ferðaþjónustu eða í aðra starfsemi til hagsbóta fyrir viðkomandi svæði.

Sýning jarðarinnar fer fram kl. 13–17, helgina 20.–21. júlí og helgina 10.–11. ágúst. **Tilboðsfrestur er til 23. ágúst 2019.**

Nálgast má frekari upplýsingar og gögn á heimasíðu Ríkiseigna.

Ríkiseignir
byggingar, land og auðlindir

**Ríkiseignir | Borgartúni 5a | Sími 520 5600 | Netfang rikiseignir@rikiseignir.is | www.rikiseignir.is**

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS

Í dag eru chia-fræ algeng íblöndunarefni í smúthídrykki, morgunkorn, orkustangir og tortillur.

# Chia-plantan sem grafin var úr gleymsku

**Vilmundur Hansen**
vilmundur@bondi.is

**Chia var ein af megin nytjaplöntum Azteka í Mið-Ameríku fyrir komu Evrópumanna. Spánverjar bönnuðu ræktun plöntunnar af trúarlegum ástæðum en fækkun innfæddra vegna sjúkdóma varð til þess að plantan hvarf nánast úr ræktun. Núna, fimm hundruð árum seinna, eru vinsældir chia-fræja slík að framleiðsla þeirra annar vart eftirspurn.**

Áætluð heimsframleiðsla á chia-fræjum er á bilinu 15 til 20 þúsund tonn en talið er að það magn verði komið í 50 þúsund tonn árið 2030. Um 80% heimsframleiðslunnar í dag kemur frá latnesku Ameríku, Paragvæ, Bólivíu, Perú, Argentínu og Mexíkó. Auk þess sem framleiðsla á þeim hefur farið vaxandi í Ástralíu og löndum í austanverðri Asíu.

Bandaríki Norður-Ameríku og lönd Evrópusambandsins sem heild eru stærstu innflytjendur chia-fræja og annarra chia-afurða í heiminum. Af þjóðunum í Evrópu flytja Þjóðverjar inn mest af chia en næst á eftir þeim koma Holland og Spánn.

Ekki fundust tölur um innflutning á chia-fræjum né öðrum chia-afurðum til Íslands á vef Hagstofu Íslands.

Salvia hispanica sem gefur af sér chia-fræ er einær, með trefjarót og getur náð rúmlega metra að hæð.



Ein fyrstu kynni Vesturlandabúa af chia voru í gegnum ræktun þess sem grashausa eða sem grasgæludýr sem voru vinsæl á áttunda áratug síðustu aldar.

Heitið chia kemur úr nahuatl, sem er fornt tungumál Azteka og þýðir olía eða fita.

### *Ættkvíslin salvia og tegundin hispanica*

Salvia er stærsta ættkvíslin innan ættar varablóma og telur hátt í eitt þúsund tegundir, runna, fjöl- og einæringa, sem finnast villtar í Mið- og Suður-Afríku, löndum við Miðjarðarhafið auk Mið- og Austur-Asíu. Dæmi um vel þekktar tegundir innan ættkvíslarinnar eru kryddjurtin Salvia officinalis og Salvia divinorum sem þekkt er fyrir að valda sterkum hughrifum og verið kölluð munnvatn Guðs.

Tegundin Salvia hispanica sem gefur af sér chia-fræ er einær, með trefjarót og getur náð rúmlega metra að hæð. Blöðin gagnstæð og á stuttum stilk, ljósgræn, egglaga og breiðust við stilkinn en mjókka í framendann, hrukkótt, 4 til 8 sentímetrar að lengd og 3 til 5 að breidd. Blómin sjálffrjóvgandi, ljósfjólublá eða hvít og sitja mörg saman á enda blómstöngulsins. Fræin sem eru með þunna gljáandi skel, eru í laginu eins og lítil egg, einn til tveir millimetrar að þvermáli og mjög olíurík. Brún, grá, hvít eða svört og stundum marglit.

### *Uppruni og saga*

Salvia hispanica er upprunnin í mið- og suðurhluta Mexíkó og í Gvatemala og breiddist út þaðan. Í suðvesturríkjum Bandaríkja Norður-Ameríku og Mið- og Suður-Ameríku hafa fræ plöntunnar verið þurrkuð og mulin og notuð eins og korn. Fræin voru hluti af daglegri fæðu fólks þar í margar aldir fyrir komu Evrópumanna til nýja heimsins.

Fornleifarannsóknir sýna að chia-fræ voru nýtt af Aztekum til matar að minnsta kosti 3.500 árum fyrir Krists burð.

Chia-fræ voru þekkt sem orkugjafi meðal Azteka, Mæja og Tarahumara Indíána, sem bjuggu í norðvesturhluta Mexíkó, og sagt að þau gæfu fólki aukinn styrk og

þol, ekki síst ef það hljóp langar vegalengdir. Talið er að stríðsmenn Azteka hafi jafnvel eingöngu neytt chia-fræja fyrir orrustur.

Tarahumara Indíánar blönduðu chia-mjöli saman við drykk sem kallaðist iskiate og var gerður úr korni og vatni. Chia-mjölið var ásamt limesafa og sykurreyr notað til að bragðbæta drykkinn. Í dag kallast drykkurinn Agua fresca de limon con chia.

Að sögn Jesúíta-trúboða sem flykktust til Nýja heimsins, til að bjarga sálum villimannanna, í Suður-Ameríku eftir landafundina, var chia mikilvægasta nytjaplanta álfunnar ásamt maís og baunum.

Chia-plöntu er lýst í tveimur ritum frá 1540 og 1585, Mendoza Cordex og Floritine Cortex. Hið fyrra segir sögu Azteka, hernaðarsigrum og daglegu lífi. Seinna ritið fjallar um trúarlíf og helgisiði Azteka og sagt vera besta sextándu aldar heimild um líf fólks fjarri Evrópu sem til er. Í ritinu er einnig að finna upplýsingar um lækningaplöntur Azteka og þar á meðal chia og sagt að ófrískar konur drekki vökva með chia-fræjum til að létta þeim fæðinguna.

Í Floritinehandritinu frá 1585 segir að ófrískar konur drekki vökva með chia-fræjum til að létta þeim fæðinguna.

Samkvæmt því sem segir í Codex Mendoza greiddu nágranar borgarinnar Tenoktílan rúm 3,6 tonn af maís, 4,4 tonn af baunum, 4,1 tonn af chia og 3,7 tonn af Inkakorni í skatt á þeim tíma sem ritið varð til. Auk þess sem íbúar borgarinnar ræktuðu rúm 3,3 tonn af sömu plöntu á fjölda hektara af fljótandi eyjum á stöðuvatni skammt frá borginni.

Landbúnaður Azteka var mjög þróaður og ræktuðu þeir nytjajurtir á litlum manngerðum eyjum sem eins og flutu á vötnum og lygnum ám. Eyjarnar kölluðust Chiampas og voru þannig gerðar að milli staura sem reknir voru í botninn voru lagðar og ofnar saman greinar. Á greinarnar var síðan settur jarðvegur og náttáburður sem nytjaplöntur og ekki síst chia voru ræktaðar í. Smám saman safnaðist framburður við undirstöðurnar og undir greinarnar með þeim afleiðingum að til urðu manngerðar ræktunareyjar.

Aztekar notuðu chia-olíu sem bindiefni í liti fyrir myndlist og á nytjahluti. Liturinn var einnig notaður sem líkamsmálning á hátíðum og við trúarathafnir.

Spánverjar litu plöntuna hornauga þar sem fræ hennar voru notuð við fórnarathafnir Azteka og bönnuðu ræktun hennar af trúarlegum ástæðum þegar þeir komust til valda. Í staðinn fyrir chia kröfðust Spánverjarnir að Aztekar ræktuðu korn og bygg.

Þegar á leið léttu Spánverjar ræktunarbanninu af þeim hópum sem þeir töldu taka vel undir kristniboð sitt og notuðu ræktunarheimildina sem beitu á að láta skírast til kristinnar trúar.

Neysla á chia í Mið-Ameríku dróst þó aðallega saman eftir komu Evrópumanna vegna mikilla sjúkdómadauða heimamanna en innfæddum í Mexíkó fækkaði úr 22 milljónum árið 1520 í tæplega milljón árið 1620. Ræktarlönd plöntunnar voru einnig nýtt til beitar fyrir nytjadýr Evrópumanna, nautgripi, sauðfé og hross. Rannsóknir sýna að árið 1550 var chia ræktað á um 30 þúsund hekturum í Mexíkó en árið 1810 var plantan einungis ræktuð á fáeinum hekturum í landinu.

Samkvæmt skýrslum landbúnaðarráðuneytis Mexíkó var chia ræktað á 38 hekturum árið 1932 en sú ræktun var komin í 500 hektara árið 1994. Í dag er chia ræktað í að minnsta kosti 400 hundruð þúsund hekturum lands í 29 löndum og talið að sú ræktun eigi eftir að margfaldast á næstu árum.

Í skýrslu ráðgjafarnefndar Evrópusambandsins um ný matvæli á markaði frá 1997 segir að chia hafi litla sem enga sögu sem matvæli í Evrópu. Tveimur árum seinna var veitt leyfi til að nota lítils háttar af chia-fræjum í deig til brauðbaksturs og ráðlagður dagskammtur af fræjunum sagður vera 15 grömm.

Uppskera á chia-fræjum er víða unnin með handafli.

Siglt milli ræktunareyja í Suður-Ameríku. Myndin er frá 1912.

### *Nafnaspeki*

Latneska ættkvíslarheitið Salvia er upprunnið í latínu salvere og þýðir vellíðan og hreysti og tengist trú á lækningamætti plantna innan ættkvíslarinnar. Tegundarheitið hispanica tengir tegundina við Spán og því að það voru Spánverjar sem fyrstir Evrópumanna kynntust henni en það var Svíinn Carl von Linne sem gaf henni latínuheiti sitt.

Rómverjinn Pliny eldri var fyrstur manna til að lýsa salvíu og skrá heitið salvia og mun þar hafa verið um að ræða Salvia officinalis, sem við þekkjum sem lyfjasalvíu eða salvíukrydd.

Heitið chia kemur úr nahuatl sem er fornt tungumál Azteka og þýðir olía eða fita.

Tegundin Salvia columbariae er einnig kölluð chia eða gullið chia og fræ hennar seld sem slík.

### *Ræktun*

Vegna aukinna vinsælda hafa stóru líftæknifyrirtækin í heiminum sýnt plöntunni talsverðan áhuga og nú þegar eru á markaði erfðabreytt chia-fræ sem eru þolin fyrir illgresiseitrinu glyfosat.

Markaður fyrir óerfðabreytt chia-fræ er stór og reglur Evrópusambandsins um erfðabreytt matvæli gera það að verkum að erfðabreytt chia-fræ eru ekki á markaði í Evrópu enn sem komið er.

Til er fjöldi ólíkra yrkja, afbrigða og landsorta af chia sem þróast hafa í gegnum aldirnar og aðlagast ólíkum umhverfisaðstæðum. Vaxtartími ólíkra afbrigða hefur aðlagast hverjum vaxtarstað fyrir sig og er frá 100 til 150 daga til að ná fullum fræþroska. Í löndum í kringum miðbaug vaxa plönturnar best í 800 til 2200 metra hæð.

Þar sem S. hispanica blómstra við stutta daglengd, 12 til 13 klukkustundir, hefur reynst erfitt að rækta plöntuna til frænytja nema við svæði sem hafa svipaða daglengd og á upprunasvæði hennar. Með erfðabreytingum tekist að fá yrki plöntunnar til að blómstra við lengri daglengd en henni er náttúrulegt. Plantan þolir ekki frost á vaxtartíma sínum.

Uppskera á hektara er ólík eftir afbrigðum og ræktunarstað og getur verið frá 450 til 2.300 kíló. Auk þess sem innihald fræja af olíu og öðrum efnum er breytilegt eftir umhverfisaðstæðum og minnkar olíuinnihaldið eftir því sem hiti fer upp eða niður fyrir kjörhita hvers afbrigðis sem getur verið á bilinu 16 til 26° á Celsíus.

Plantan kýs vel framræstan, þokkalega nærefnaríkan og eilítið súran leir- eða sandríkan jarðveg og þolir ágætlega að þorna á milli. Hæfilegt fræmagn er um sex kíló á hektara.

Fáir sjúkdómar og sníkjudýr herja á chia í ræktun. Lauf plöntunnar eru olíurík og fælir það skordýr frá henni. Vöxtur samkeppnisgróðurs getur verið vandamál fyrir ungar plöntur en minnkar þegar plönturnar stækka. Salvia hispanica er viðkvæm fyrir illgresiseitri og því mælt með að nota gömlu aðferðina og reyta og skafa það burt.

Áætluð heimsframleiðsla á chia-fræjum er á bilinu 15 til 20 þúsund tonn en talið er að sú tala verði komin í 50 þúsund tonn árið 2030.

Vegna aukinna vinsælda hafa stóru líftæknifyrirtækin í heiminum sýnt plöntunni talsverðan áhuga og nú þegar eru á markaði erfðabreytt chia-fræ sem eru þolin fyrir illgresiseitrinu glyfosat.

### *Nytjar*

Ein fyrstu kynni Vesturlandabúa af chia voru í gegnum ræktun þess sem grashausa eða sem grasgæludýr sem voru vinsæl á áttunda áratug síðustu aldar. Ræktunin fór þannig fram að líkan af höfði eða fígúra af gæludýri úr brenndum leir voru vökvuð og upp af fræjum sem komið hafði verið fyrir í líkaninu spruttu chia-plöntur.

Eins og oft vill verða með nýjungar á markaði þegar vel tekst til með markaðssetningu þeirra urðu chia-fræ gríðarlega vinsæl sem eins konar ofurfæða og ómissandi í bústið á Vesturlöndum.

Vinsældir chia-fræja og annarra chia-afurða hafa einnig aukist samhliða aukinni neyslu á plöntuafurðum og auknum fjölda veganista. Chia-afurðir eru mikið notaðar í snyrtivörur, heilsu- og í lyfjaiðnaði.

Chia-fræ eru sögð innihalda mikið af Omega 3 og Omega 6 fitusýrum, trefjum og próteini. Fræin hafa þann eiginleika að innbyrða tólf sinnum þyngd sína af vökva og gefa um leið frá sér hvítt og eilítið seigt og slímkennt efni. Fræin eru rík af kalsíum, járni og magnesíum en kaloríusnauð.

Í dag eru chia-fræ algeng íblöndunarefni í smúthídrykki, morgunkorn, orkustangir og tortillur. Árið 2009 hækkuðu þar til gerð yfirvöld hjá Evrópusambandinu magn af chia-fræjum í brauði í 5%.

Slím- eða kvoðukennt efni sem fæst með því að leggja mulin chia-fræ í bleyti má nota í bakstur að hluta til í staðinn fyrir egg.

Þrátt fyrir hástemmdar yfirlýsingar um heilsufarslega kosti og yfirburði chia-afurða eru fáar rannsóknir sem styðja slíkar yfirlýsingar og ekkert sem bendir til að neysla fræjanna dragi úr líkum á kransæðastíflu og hjartasjúkdómum.

### *Chia á Íslandi*

Það er ekki fyrr en á allra síðustu árum sem farið er að minnast á chia-fræ í íslenskum fjölmiðlum. Í grein í Morgunblaðinu frá í janúar 2008 segir Sólveig Eiríksdóttir, sem lengi var þekkt sem Solla í Grænum kosti, í viðtali, sem ber fyrirsögnina Ofurfæða er hvorki dularfull ná skrýtin, að fáir þekki „ofurfæðutegundir eins og durianávöxtinn, hampolíu, gojiber, kakónibs, maca, mesqui-duft, lucumaduft,camu camu, chia-fræ og fjólublátt maísduft. Solla segir að þeir sem þetta þekki séu flestir einhvers konar heilsunördar.“ Enn fremur segir hún að þetta hráefni hafi allt verið vel þekkt í sínum heimalöndum og stóran hluta af þessum fæðutegundum noti innfæddir daglega í sínu mataræði.

Fljótlega eftir þetta er farið að auglýsa chia-drykki og chia-fræ til sölu í heilsuvöru- og matvöruverslunum. Chia-fræ ásamt Aloe vera-safa fara einnig að njóta mikilla vinsælda og þykja jafnvel ómisandi í matargerð og sem millimál hins síupptekna Íslendings sem vill ná árangri í starfi án þess að líta út fyrir að vera of þreyttur í ræktinni.

LÍF & STARF

# Æ fleiri gestir sækja húsdýragarðinn Daladýrð í Fnjóskadal heim

**Margrét Þóra Þórsdóttir**
mth@bondi.is

**„Við vonumst eftir því að fá 15 þúsund gesti í sumar," segja þau Birna Kristín Friðriksdóttir og Guðbergur Egill Eyjólfsson í Brúnagerði í Fnjóskadal, skammt innan við Vaglaskóg. Þar reka þau húsdýragarðinn Daladýrð og er þetta þriðja sumarið í þeim rekstri.**

Fyrsta sumarið sóttu um 5000 gestir húsdýragarðinn heim og þeir voru 10 þúsund talsins í fyrra. Daladýrð er í rúmlega fimmtán mínútna akstursfjarlægð frá Akureyri eftir að Vaðlaheiðargöng voru tekin í notkun.

Þau Birna og Guðbergur segja að hugmynd um að stofna húsdýragarð hafi kviknað snemma eftir að þau fluttu í Brúnagerði árið 2015. Eftir nokkrar vangaveltur ákváðu þau að láta slag standa og opnuðu garðinn sumarið 2017. Þriðja sumarið er nú runnið upp og æ fleiri leggja leið sína í húsdýragarðinn, sem nú er að

Birna Kristín Friðriksdóttir og Guðbergur Egill Eyjólfsson reka húsdýragarðinn Daladýrð í Brúnagerði í Fnjóskadal, skammt innan við Vaglaskóg. Myndir / MÞÞ

Garðurinn er byggður þannig upp að fólk upplifi sig á sveitabæ, hólfin sem dýrin eru í eru stór og reynt að hafa þau alltaf á sem ferskustu grasi. Kindur og geitur eru með sitt svæði, en nýlega var reist klifurgrind fyrir geiturnar sem þær kunna vel að meta. Þær klifra gjarnan upp á efsta pall og njóta útsýnis yfir Fnjóskadalinn.



Kisu fannst greinilega frekar fúlt að fá ekki að fara inn í hænsnabúsið til að skemmta sér.

flatarmáli sá stærsti sinnar tegundar hér á landi.

### *Fræðslusýning um íslensku sauðkindina*

Á jörðinni var fyrir 1.200 fermetra minkahús sem tekið hefur verið undir starfsemi húsdýragarðsins. Þar er svæði fyrir börn að stökkva í hey og einnig 300 fermetra veitingasalur þannig að gestir geta sest niður með kaffibolla. Búið er að setja upp nýja fræðslusýningu um íslensku sauðkindina sem Guðbergur útbjó í vetur sem leið. Hann er með BA-próf í samfélags- og hagþróunarfræði og hefur einnig stundað nám í heimskautarétti en flestar hans ritgerðir hafa snúið að landbúnaðarmálum með einhverjum hætti. Um er að ræða myndasýningu með texta þar sem fjallað er um hinar ýmsu hliðar íslensku sauðkindarinnar.

Sýningin er hönnuð þannig að börn og fullorðnir geti farið saman

Þar er svæði fyrir börn að stökkva í hey og einnig 300 fermetra veitingasalur þannig að gestir geta sest niður með kaffibolla.

Það getur verið snúið að ná sér í tuggu þegar fjögur myndarleg horn eru alltaf að þvælast fyrir.

Í Daladýrð kennir ýmissa grasa sem tengjast lífinu í sveitinni.

Hryssa með folald sitt.

munum auka og þróa á komandi árum," segir Guðbergur.

### *Alls kyns hugmyndir*

Inni í húsinu sunnanverðu eru dýr af ýmsu tagi, dúfur, hanar, tveir refir og fjöldi katta svo eitthvað sér nefnt og hver og ein tegund í sínu búri. Börnin staldra gjarnan lengi við og klappa kettlingum sem líkast til teljast vinsælustu dýrin á bænum.

Guðbergur segir að heildarramminn að húsdýragarðinum sé kominn, en alltaf sé verk að vinna og nú standi til að bæta úr innviðum, gera betri búr og bæta við úti- og innileiksvæði.

„Við höfum alls kyns hugmyndir um það sem hægt er að gera hér til að dvöl fólks verði sem ánægjulegust og það hafi ástæðu til að staldra lengi við og njóta," segir hann og bætir við að hægt sé að kynna sér lífið og starfsemina í Daladýrð á samfélagsmiðlum.

Í gömlu fjárhúsi þar sem gylturnar Hlussa og Rauðka eiga sér bústað og taka á móti gestum sem kemur alltaf á óvart hvað þær eru ofboðslega stórar.

Til sölu: Smáhýsi

Tilbúin til afhendingar og flutnings

Stærð: 22.5fm & 30fm.

Fullfrágengin að utan.

Tilbúin undir tréverk með loftklæðningu.

Staðsetning Landeyjar.

Pípulagning tilbúin og raflagnir til ídráttar.

Sólpallur fylgir hverju húsi.

sími; 894 3000 gudmundur@torf.is

í gegnum sýninguna og höfðað er til þeirra sem ekki eru kunnugir fjárbúskap og sveitalífi.

### *Geiturnar hrifnar af klifurgrindinni*

Utandyra er leiksvæði fyrir börn og hægt er að ganga í góðan hring út frá minkahúsinu og koma við hjá húsdýrunum í leiðinni.

Garðurinn er byggður þannig upp að fólk upplifi sig á sveitabæ, hólfin sem dýrin eru í eru stór og reynt að hafa þau alltaf á sem ferskustu grasi. Kindur og geitur eru með sitt svæði, en nýlega var reist klifurgrind fyrir geiturnar sem þær kunna vel að meta. Þær klifra gjarnan upp á efsta pall og njóta útsýnis yfir Fnjóskadalinn. Þá eru hestar á beit í haga sem og kýr, en leiðin liggur einnig upp að gömlu fjárhúsi þar sem gylturnar Hlussa og Rauðka eiga sér bústað og taka á móti gestum sem kemur alltaf á óvart hvað þær eru ofboðslega stórar.

Hænur spóka sig um svæðið, hamingjusamar í sinni lausagöngu og kálfar eru hafðir í hólfi umhverfis þær, kálfarnir eru færðir til á fimm daga fresti á ferskt gras og hænur settar á það svæði sem þeir voru á í því skyni að þær éti lirfur í skítnum eftir kálfana og dreifi úr honum í leiðinni.

„Við erum að reyna að líkja eftir náttúrulegu ferli og notum engan tilbúinn áburð heldur reynum að láta dýrin sjá um þessa náttúrulegu hringrás. Þetta er eitthvað sem við

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM

Ný kynslóð plöntuáhugafólks er að enduruppgötva fegurð hortensíunnar – plöntu sem sumum þykir vera svolítið gamaldags. Myndir / James McDaniel

# Hortensía – gamaldags en sívinsæl glæsiplanta

**Hortensía (Hydrangea macrophylla) hefur verið notuð hér á landi sem stofublóm í rúmlega hundrað ár. Hortensían virðist fara í gegnum tímabil mismikilla vinsælda, stundum mikið notuð og stundum ekki en á þó ávallt tryggan aðdáendahóp. Hortensía hefur komist aftur í tísku undanfarin ár.**

Ný kynslóð plöntuáhugafólks er að enduruppgötva fegurð hortensíunnar – plöntu sem sumum þykir vera svolítið gamaldags, eins og litlar blúndur heima hjá ömmu, en eins og vínylplötur snúast hlutirnir aftur í tísku. Í dag er þessi sumarplanta jafnvel notuð sem afskorin blóm í blómabúðum hér og erlendis – og gefur það hlýjar tilfinningar um fortíðarþrá í þá blómvendi sem hún er notuð.

Hér eru nokkur helstu grundvallaratriði sem mætti hafa í huga við umhirðu þessarar hortensíu. Eins og gamalt íslenskt nafn hennar bendir til er „vatnsrunni“ (Hydrangea) frekar þorstlát og ætti aldrei að láta ræturnar þorna alveg. Því gæti verið freistandi að setja hortensíu í pott án afrennslis, en munið að rótin þarf súrefni, þannig að loftrými í jarðveginum og öruggt frárennsli er mikilvægt til að koma í veg fyrir að ræturnar rotni.

Litir hortensíunnar breytast eftir sýrustigi jarðvegsins sem hún vex í. Jarðvegur sem er hlutlaus til basískur mun framleiða allt frá fjólubláum til rauðra blóma. Lengra suður í Atlantshafinu á Azoreyjum, vex hortensían villt og sýnir bláan blóma í þeim eldfjallajarðvegi sem þar er. Ef nota á áburð í vökvaformi er mælt með því að vökva með áburðarlausn að lágmarki einu sinni í mánuði á meðan plantan er í blóma.

Fyrir blönduð blómaker getur hortensía verið sjónrænn miðpunktur. Þegar kemur að vindi og ljósi, mundu bara: skjól og sól. Þær ætti ekki að setja út á sumrin fyrr en vissa er um að ekki verði lengur næturfrost. Án góðs skjóls mun kalt kvöld fljótlega gefa blómunum brúnleitar kalskemmdir. Hitastig á milli 15–21°C er tilvalið fyrir vöxt og blómgun, en plöntur sem þegar hafa blómstrað geta lifað af sumar úti hér á landi. Hins vegar, ef hitastigið fer undir 7°C í 6 vikur fer plantan í dvala, sem er gott viðmið um hvenær skal taka hana inn í vetrargeymslu.



Yfir veturinn er hægt að halda hortensíu í pottum innandyra.

Í lok sumars getur líka verið skemmtilegt föndur að þurrka blómin og nota þau sem skraut. Leyfðu blóminu að þorna á plöntunni eins mikið og mögulegt er og fjarlægðu síðan stilkinn og blómið frá plöntunni, klippið laufin af og setjið í tóman vatnslausan vasa til að hún þorni fullkomlega. Athugaðu að það er ekki nauðsynlegt að hengja þær á hvolf til að þurrka blómin. Yfir veturinn er hægt að halda hortensíu í pottum innandyra eða í skúr með nokkuð stöðugu lágu hitastigi, vertu bara viss um að láta jarðveginn ekki þorna meðan á vetrardvala hennar stendur. Nú er hægt að fá fallegar íslenskar hortensíur hjá flestum garðplöntusölum.

*James McDaniel,*
*nemi í garðyrkjuframleiðslu við garðyrkjuskóla LBHÍ, Reykjum.*

Litir hortensíunnar breytast eftir sýrustigi jarðvegsins sem hún vex í.

MENNING & LISTIR

Edinborgarhúsið á Ísafirði. Þar stendur nú yfir sýning í Bryggjusal á prenti Tryggva Ólafssonar og er sýningin opin til 28. júlí. Mynd / HKr.

## Ísafjörður:

# Sýning á prenti Tryggva Ólafssonar í Bryggjusal Edinborgarhússins

**Opnuð var sýning á prenti Tryggva Ólafssonar í Bryggjusal Edinborgarhússins 6. júlí síðastliðinn. Tómas R. Einarsson og Villi Valli heiðruðu minningu Tryggva með völdum lögum við opnunina.**

Tryggvi Ólafsson lést fyrr á þessu ári 78 ára að aldri eftir erfið veikindi. Hann sýndi list sína víða um heim og naut hylli hér á landi og erlendis. Tryggvi hlaut ýmsar viðurkenningar um ævina fyrir list sína og menningarsamskipti Íslands og Danmerkur en þar bjó hann ásamt fjölskyldu sinni í rúm 40 ár.

Tryggvi Ólafsson myndlistarmaður fæddist í Neskaupsstað 1. júní 1940, en hann lést fyrr á þessu ári.

### *Fæddist í Neskaupstað 1. júní 1940*

Tryggvi fæddist í Neskaupstað 1. júní 1940. Eftir stúdentspróf við MR 1960 nam hann í eitt ár við Myndlistar- og handíðaskólann en fór í kjölfarið til Kaupmannahafnar og lærði við Konunglega listaháskólann þar í borg og vann í þeirri borg að list sinni.

Tryggvi var í hópi þekktustu og virtustu myndlistarmanna þjóðarinnar og voru verk hans í eigu fjölmargra listasafna á Íslandi og erlendis. Tryggvi var Ísfirðingum ekki ókunnur og sýndi þrisvar sinnum í Slunkaríki og einu sinni hjá Listasafni Ísafjarðar árið 2010. Í sýningarskrá sem kom út af því tilefni segir Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur m.a.:

### *Undir merkjum nýbylgjunnar á sjötta og sjöunda áratugnum*

„Í myndlist sinni er Tryggvi Ólafsson maður tvennra tíma. Listrænar rætur hans liggja í hlutlægri málaralistinni sem stunduð var á Íslandi frá stríðslokum og fram á sjöunda áratuginn á síðustu öld, að viðbættri gjörvallri listasögunni frá Piero della Francesca til Matisse. Hins vegar verða myndir hans mestmegnis til undir merkjum nýbylgjunnar á sjötta og sjöunda áratugnum, sem jafnframt er þroskaskeið hans sjálfs: evrópskrar og ameríkskrar popplistar og franskra og ítalskra kvikmynda. Í þessa deiglu bætast síðan djúpstæður áhugi á jazztónlist, bókmenntum af ýmsu tagi og róttækar skoðanir á þjóðfélagsmálum.

Hér er komin uppskriftin að myndlist Tryggva, sem er að stofni samsafn aðfanga úr heimi nútíma fjölmiðlunar, auglýsinga, myndskeiða úr kvikmyndum og sjónvarpi, ljósmynda, teiknimynda og aðskiljanlegs myndefnis sem listamaðurinn hefur tínt upp af götu sinni. En öfugt við þorra Popplistamanna, sem ýmist eru ópersónulegir eða kaldhæðnir í afstöðu sinni til myndefnisins, er Tryggvi tilfinningalega eða hugmyndalega tengdur því efni sem hann er með undir höndum, auk þess sem myndbygging hans og litróf bera meiri keim af fagurfræði módernismans en kaldhamraðri popplist.“

### *Þörfin fyrir fegurð*

„Ein af þörfum mannsins er þörfin fyrir fegurð, hún er bara misjafnlega sterk hjá fólki. Ég held að fegurðarskynið komi bara frá því að barnið er á brjósti hjá móðurinni. Ég hef haft þessa myndaþörf, það eru alveg hreinar línur með það, hún fer aldrei. Þegar ég er á ferðalögum og geri ekki neitt – og líður ágætlega við að sjá myndir, verk eftir aðra menn – þá fer mig að lengja eftir því að gera eitthvað sjálfur.“ Segir Tryggvi á einum stað.

Eftir alvarlegt slys árið 2007 gat Tryggvi ekki málað lengur og flutti aftur til Íslands með eftirlifandi eiginkonu sinni, Gerði Sigurðardóttur. Þó Tryggvi hafi ekki getað málað eftir slysið hélt hann áfram að vinna að list sinni og vann grafík fram á síðasta dag. Hann hélt meðal annars tvær einkasýningar á grafík á síðasta ári.

„Hvað myndirnar mínar duga lengi eftir að ég er allur, það veit ég ekki. Þær verða bara að standa fyrir sínu. Tíminn er harður dómari og hann á að vera það.“

Sýningin er sölusýning og er opin til 28. júlí á opnunartíma Edinborgarhússins

# Bændablaðið er mest lesna blaðið á landsbyggðinni

## Lestur prentmiðla á landsbyggðinni




**Heimild:** Prentmiðlakönnun Gallup. Könnunartími okt.-des. 2018.

## Lestur Bændablaðsins:

**BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI**

**45,6%**
á landsbyggðinni

**20,4%**
á höfuðborgarsvæðinu

**29,5%**
landsmanna lesa Bændablaðið

# Bændablaðið

# Hvar auglýsir þú?

**BÆNDAHÖLLIN VIÐ HAGATORG**

**Sími 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is**

UTAN ÚR HEIMI




Alifuglakjöt – 29,2% framleiðsluaukning á áratug:

# Bandaríkjamenn á toppnum en Kínverjar á hraðleið fram úr

**Samkvæmt gögnum Efnahagssamvinnustofnunarinnar, OECD, og Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO, þá hefur orðið umtalsverð aukning í framleiðslu á alifuglakjöti á heimsvísu á síðustu tíu til tólf árum, eða um 29,2%.**

Á árunum 2007 til 2009 var heimsframleiðslan á alifuglakjöti um 91,22 milljónir tonna á ári. Hún mun samkvæmt áætluðum tölum fyrir yfirstandandi ár vaxa í 117,85 milljónir tonna, eða um 29,2%. Mest er framleitt af kjúklingakjöti í Bandaríkjunum. Þar var framleiðslan 18,9 milljónir tonna á árunum 2007 til 2009, en nú er áætlað að hún verði á þessu ári 21,28 milljónir tonna. Það er 12,6% aukning á þessum tíu til tólf árum.

### *Kínverjar að ná Bandaríkjunum í framleiðslu alifugla*

Kínverjar, sem eru í öðru sæti, hafa verið að auka sína framleiðslu á alifuglakjöti mjög ört. Þannig var framleiðsla þeirra 14,95 milljónir tonna á árunum 2007 til 2009. Hún er nú samkvæmt áætluðum tölum komin í 20,61 milljón tonna, sem er aukning um 37,8%. Að öllu óbreyttu munu Kínverjar skáka Bandaríkjamönnum í framleiðslu alifugla á næstu tveim árum eða svo.

### *Brasilíumenn upp um eitt sæti*

Í þriðja sæti á heimsvísu er Brasilía, sem framleiddi 11,48 milljónir tonna á árunum 2007 til 2009 og var þá í fjórða sæti. Þar er nú áætlað að framleidd verði 16,71 milljón tonna af alifuglakjöti á þessu ári. Það er aukning upp á 45,5%.

### *ESB tapar þriðja sætinu*

Athygli vekur að nokkur stöðnun hefur verið í 27 löndum Evrópusambandsins í alifuglaframleiðslunni í rúman áratug. Voru ESB löndin 27 í þriðja sæti á heimsvísu á árunum 2007 til 2009 með 11,53 milljónir tonna. Í ár er áætlað að niðurstaðan verði 11,84 milljónir tonna sem er langminnsti vöxturinn meðal sjö helstu framleiðslusvæðanna, eða 2,7%. Þar með dettur ESB niður fyrir Brasilíu og hafnar í fjórða sæti.

### *Hlutfallslega mestur vöxtur á Indlandi*

Mesti hlutfallslegi vöxturinn á þessu tímabili hefur verið á Indlandi. Þar voru framleiddar 2,5 milljónir tonna af alifuglakjöti á árunum 2007 til 2009, en áætlun fyrir þetta ár gerir ráð fyrir 3,91 milljón tonna. Það er 56,4% aukning sem skilar Indlandi upp fyrir Mexíkó í fimmta sæti.

Mexíkó var í sjötta sæti með 2,58 milljónir tonna 2007 til 2009. Þar er nú get ráð fyrir 2,95 milljóna tonna framleiðslu á þessu ári sem er aukning upp á 14,3%.

### *Rússar með mikla aukningu*

Í sjöunda sæti er Rússland. Þar voru framleidd 1,97 milljónir tonna á árunum 2007 til 2009. Nú er áætlað að framleiðslan fari í 2,92 milljónir tonna á þessu ári. Það er 48,2% aukning. Miðað við hraðan vöxt og yfirlýst markmið yfirvalda í Rússlandi, má gera ráð fyrir að Rússland fari fljótt upp fyrir Mexíkó í framleiðslu á alifuglakjöti. */HKr.*

Kínverjar hafa aukið framleiðslu á alifuglakjöti mjög ört en hlutfallslega mesta framleiðsluaukningin er á Indlandi.

Lely Center Ísland

STARTARAR í flestar gerðir dráttarvéla

**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Á FAGLEGUM NÓTUM

Það skiptir miklu máli hvernig kálfum vegnar í upphafi síns æviskeiðs. Fyrstu átta vikurnar í ævi kvígunnar hafa mikil áhrif á það hvort hún verði afburða kýr, meðalgóð kýr eða léleg kýr. Hér er kýrin Vala frá Hóli í Svarfaðardal með einn nýfæddan kálf. Mynd / HKr.

# Fyrstu 8 vikurnar ráða miklu um örlög kýrinnar

**Snorri Sigurðsson**
snsig@arlafoods.com

Það kann að hljóma hálf ótrúlega á marga lesendur Bændablaðsins, en tilfellið er að fyrstu átta vikurnar í ævi kvígunnar hafa mikil áhrif á það hvort hún verði afburða kýr, meðalgóð kýr eða léleg kýr!

Þetta sýna ótal erlendar rannsóknir sem hafa fyrst og fremst snúist um það að skoða samhengið á milli fyrstu viknanna í lífi kvíganna og frjósemi og afurðasemi þeirra síðar meir á ævinni.

### *Beint samhengi á milli burðaraldurs og hagkvæmni*

Í hérlendri rannsókn, sem gerð var árið 2017, á gögnum úr skýrsluhaldinu kom fram að hagkvæmasti burðaraldur á kvígum hér á landi eru 23 mánuðir og hefur þá verið tekið tillit til uppeldiskostnaðar og æviafurða. Uppeldiskostnaður á kvígum einn og sér er gríðarlega hár og oft er hlutfall hans um fjórðungur af kostnaði á kúabúum þegar hefur verið tekið tillit til allra þátta en mikill dulinn kostnaður felst í uppeldi á kvígum. Vegna þessa mikla kostnaðar við að búa til eina kú hafa vinsældir kyngreinds sæðis vaxið gríðarlega undanfarin ár erlendis.

Nú orðið nýta flestir kúabændur erlendis sér slíkt sæði og þurfa ekki lengur að setja á allar kvígur heldur einungis velja sérstaklega að fá kvígur úr þeim kúm sem þarf til viðhalds stofnsins og sæða þá aðrar kýr með holdanautasæði. Í rannsókninni kom einnig fram beint neikvætt samhengi á milli vaxandi aldurs á kvígum við burð og æviafurða, þ.e. því eldri sem kvígurnar eru þegar þær bera því minni verður heildarframleiðsla þeirra á mjólk alla ævina.

### *Samhljómur við erlendar rannsóknir*

Þessi íslenska rannsókn staðfestir því vel ótal erlendar rannsóknir á erlendum kúakynjum þar sem nákvæmlega sama samhengi hefur komið fram. Um þetta samhengi hefur verið vitað lengi en þrátt fyrir augljósa kosti þess að láta kvígurnar bera ungar þá bera þær að jafnaði miklu eldri en 23ja mánaða gamlar. Í framangreindri rannsókn kom í ljós að einungis 4% af kvígunum bera 23ja mánaða gamlar og flestar eða 13% þegar þær eru orðnar 25 mánaða. Meðaltalið í rannsókninni, sem náði til gagna um rúmlega 11 þúsund íslenskar kýr, var þó rúmlega 28 mánuðir! Þá kom skýrt fram í rannsókninni að því eldri sem kvígurnar eru þegar þær bera í fyrsta skipti, því meiri eru afurðir þeirra á fyrsta mjaltaskeiðinu. Vandamálið er hinsvegar að æviafurðirnar verða minni, þ.e. þessar gömlu kvígur endast alltof illa og þar skáka kvígurnar sem bera ungar hinum eldri í heildarhagkvæmni.

Þó svo að erfitt sé að fullyrða um ástæður þessa má leiða að því líkum að ein af líklegum skýringum felist einfaldlega í því að kvígurnar séu látnar vaxa of hægt.

### *Kvígan þarf að vaxa hratt í upphafi*

Til þess að kvígan geti borið 22-24 mánaða gömul þarf hún að festa fang snemma og fyrir liggur að eigi kvíga að ná kynþroskaaldri snemma þarf hún að hafa mikinn vaxtarhraða þar sem kynþroskinn stjórnast mikið til af þroska en minna af raunverulegum aldri.

Hérlendis er miðað við að kvígurnar hafi náð um 55% af þyngd fullorðinna kúa þegar þær eru sæddar. Ef miðað er við að fullorðnar kýr hér á landi séu um 470 kíló ætti kvígan því að vera um 260 kíló á fæti þegar hún er sædd. En til þess að ná þessari þyngd nógu snemma á æviskeiðinu þarf að hlúa vel að kvígunni og sér í lagi fyrstu vikur ævinnar.

### *Kynþroskaskeið*

Flestir bændur hafa heyrt um hið krítíska tímabil í lífi kvígunnar en það er tímabilið þegar líkami kvígunnar gengur í gegnum kynþroskaskeiðið. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að ef kvígurnar vaxa of hratt á þessu skeiði, sem oftast er talið vera þegar þær eru 3-12 mánaða gamlar, þá geti það komið niður á mjólkurframleiðslu þeirra síðar meir. Skýringin felst í því að hraður vöxtur getur aukið myndun bandvefs, á kostnað kirtilvefs, í júgrinu. Þessi vitneskja hefur því beint athygli bænda að tímabilinu fram að þriggja mánaða aldri og svo aftur eftir 12 mánaða aldur. Þó svo að um krítiskt tímabil sé að ræða, þ.e. frá 3ja til 12 mánaða aldurs, þarf kvígan að vaxa jafnt og þétt og má ekki lenda í neinum vaxtaráföllum.

### *Vaxtarhraðinn*

Í raun getur hver og einn kúabóndi reiknað út fyrir sig hver vaxtarhraðinn þurfi að vera á sínu búi. Fyrst þarf að ákveða hvað kvígurnar eiga að vera þungar þegar þær eru sæddar fyrsta sinni og hve gamlar þær eiga að vera að jafnaði þegar þær bera. Ef við gefum okkur að meðalaldur séu 23 mánuðir og að burðaraldurinn dreifi sér á 22-24 mánuði þá þarf að sæða fyrstu sæðingu þegar kvígurnar eru tæplega 13 mánaða gamlar. Hluti þeirra heldur eðlilega ekki við fyrstu sæðingu og því má reikna með að þær dreifi sér á þessa tilteknu burðarmánuði. Sé miðað við að fullorðnar kýr séu um 470 kíló að jafnaði þá þarf kvígan að vera 260 kíló þegar hún er 13 mánaða gömul. Fæðingarþungi er oft þetta 30-35 kíló og kvígan þarf því að þyngjast um u.þ.b. 230 kíló á þessum 13 mánuðum eða um 590 grömm á dag að jafnaði.

### *Tvöfalda fæðingarþungann*

Erlendis er miðað við að kvígur skuli tvöfalda fæðingarþunga sinn fyrstu 56 daga ævinnar, þ.e. fyrstu átta vikurnar. Þess vegna er alltaf mælt með því að hver kvíga sé vigtuð við fæðingu og svo aftur þegar hún er vanin af mjólk eftir 7-8 vikur. Eigi íslensk kvíga að ná þessu þarf hún að

**Erlendar niðurstöður sýna að ef kvígan hefur ekki náð að tvöfalda fæðingarþunga sinn fyrstu 56 daga ævinnar, þá er harla ólíkegt að hún nái nokkurn tímann að verða afburða kýr. Sé miðað við hve mikið samhengi er á milli erlendra og hérlendra rannsókna á áhrifum aldurs við fyrsta burð á heildarhagkvæmni kúa, þá er líklegt að nota megi einnig þessar erlendu ráðleggingar um vöxt fyrstu 8 vikurnar. Þessi mynd er tekin á Bürger-Grebe fjölskyldubúinu í Norður-Hesse í Þýskalandi.** Mynd / HKr.

þyngjast um 530-630 grömm á dag þessa 56 daga. Erlendar niðurstöður sýna að ef kvígan hefur ekki náð að tvöfalda fæðingarþunga sinn á þessum stutta tíma, þá er harla ólíkegt að hún nái nokkurntímann að verða afburða kýr. Sé miðað við hve mikið samhengi er á milli erlendra og hérlendra rannsókna að áhrifum aldurs við fyrsta burð á heildarhagkvæmni kúa, þá er líklegt að nota megi einnig þessar erlendu ráðleggingar um vöxt fyrstu 8 vikurnar.

### *Bregðast hratt við hægum vexti*

Ef það dregur úr vexti kvígunnar á þessum fyrstu vikum ævinnar, t.d. vegna þess að hún fær skitu, þá hafa ótal erlendar rannsóknir sýnt fram á það að veikindi á kvígum á fyrstu 56 dögum ævinnar hefur marktæk neikvæð áhrif á framleiðslu þeirra þegar þær ná því að verða kýr. Það er því óhemju mikilvægt að bregðast hratt við og meðhöndla kvíguna svo sem minnst áhrif verði af mögulegum veikindum hennar. Þó svo að skita sér oftast einstaklingsbundin vegna magakveisu sem ekki er smitandi þá þarf hér augljóslega einnig að hugsa vel um smitgát, svo líkurnar á því að fleiri veikist séu litlar sem engar.

### *Næstu mánuðir skipta einnig máli*

Þó svo að hér hafi fyrr verið talað um hið krítíska tímabil þá þarf kvígan að halda áfram að vaxa jafnt og þétt. Beinagrindin vex og þroskast mikið fyrsta árið hjá kvígunni og því þarf þrátt fyrir allt að tryggja að kvígan vaxi vel og að ekki komi kengur í uppeldið. Erlendis er oftast lögð mest áhersla á þá fjóra mánuði sem taka við eftir að kvígan hættir að fá mjólk við átta vikna aldur. Allt of algengt er að það dragi úr vexti þegar kvígurnar hætta að fá mjólk en gríðarlega mikilvægt er að passa sérstaklega upp á þetta viðkvæma tímabil. Kvígurnar eiga að fá kjarnfóður strax frá fyrstu dögum ævinnar og læra að éta það samhliða mjólkurdrykkjunni. Þegar mjólkin er svo tröppuð niður ættu kvígurnar að bæta sér upp orkuskortinn með því að auka átið á kjarnfóðrinu. Með því helst vöxturinn uppi og áfram jafn næstu mánuðina.

### *Vigtin segir mikið*

Það er gríðarlega mikilvægt að hafa góða vitneskju um þungann á kvígunum eigi að ná hámarks árangri. Öllum kúabændum er því ráðlagt í dag að vigta hverja einustu kvígu við fæðingu og aftur þegar hún hefur náð 56 daga aldri.

Ennfremur að nýta stórgripavigt til að fylgjast með eðilegum vexti og þroska á kvígunum allt fram að fyrsta burði. Þessi meðhöndlun hefur einnig reynst ágæt leið til að fortemja kvígurnar. Í raun skiptir þó mestu máli fyrir kúabóndann að þekkja fjórar þungatölur fyrir hverja kvígu:

- Fæðingarþunga
- 56 daga þunga
- Þunga við fyrstu sæðingu
- Þunga við fyrsta burð

Með þessar upplýsingar í gagnagrunni búsins, samtengdar við aðrar skýrsluhaldsupplýsingar, er hægt að stýra fóðrun og öðru sem snýr að uppeldinu á kvígunum svo hægt sé að ná hámarks árangri.

***Ítarefni:***

*Þórdís Þórarinsdóttir, 2017. Burðaraldur íslenskra kvígna og áhrif hans á afurðir, end-ingu og uppeldiskostnað. BS-verkefni frá LBHÍ*




LESENDABÁS

# Matvælaframleiðsla og innflutningur

**Undanfarin misseri hafa hagsmunaaðilar gengið hart fram í umræðunni um ágæti þess að flytja inn fersk matvæli frá Evrópuríkjum með EES-samninginn á lofti. Félag atvinnurekenda (FA) hefur verið þar fremst í flokki.**

**Sigmar Vilhjálmsson.**

Hagsmunir FA virðast fjárhagslegs eðlis, enda sjá sumir aðilar félagsins hag sinn í því að flytja inn ódýrari kjötvörur (líklega í lægri gæðaflokki) og auka framlegð í endursölu til neytenda.

Það eru því peningar sem ráða för í málflutningi FA og möguleiki valdra aðila félagsins á því að skila betri afkomu.

Málstaður FA er auðveldur til vinsælda meðal almennings. „Lægra verð til neytenda og aukið úrval í verslunum“ er eitt af slagorðum þeirra. Það er erfitt fyrir neytendur að finnast þetta ekki frábær tilhugsun. En sé málið hugsað til enda, þá eru nokkrar hliðar á því sem verða ekki svo spennandi.

### *Fjölónæmi og sýklalyf – er það hræðsluáróður?*

Það er unnið með sýklalyf í matvælaframleiðslu í heiminum. Það er ekki hræðsluáróður, það er staðreynd. Staða þeirra mála er sérlega góð hér á landi og má einna helst rekja til þess að nánast öll sýklalyfjameðhöndlun íslensks búfénaðar er einstaklings-meðhöndlun. Þetta er lykilatriði ásamt sameiginlegum skilningi dýralækna og bænda á mikilvægi réttrar notkunar á sýklalyfjum, smitvörnum og góðri sjúkdómastöðu. Í öðrum löndum eru sýklalyf oft notuð í fóðri og í þeim tilfellum eru öll ræktuð dýr að innbyrða sýklalyf í einhverju magni. Það mun með tímanum þýða að dýrin verða sýklaónæm og ný sýklalyf þurfa að taka við. Ísland er ennþá með minnstu notkun í heiminum sem er einstök og frábær staða sem við deilum með Norðmönnum. Sem dæmi þá nota Þjóðverjar 30-40 sinnum meira af sýklalyfjum en Ísland, en við flytjum einna mest inn af kjötvöru frá Þýskalandi.

Eins og fram kom í skýrslu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um Matvælastofnun árið 2016-2017, þá er um 60% af öllum smitsjúkdómum manna upprunnin í dýraríkinu og um 75% af öllum nýjum sjúkdómum er upprunnin frá dýraríkinu. Þetta skiptir því verulega miklu máli í þessari umræðu. Þetta er ekki hræðsluáróður, þetta eru niðurstöður rannsókna.

### *Læknafélagið vill stíga varlega til jarðar*

Þann 22. maí 2019 kom fram eftirfarandi áhyggjuefni í umsögn Læknafélagsins við frumvarp Kristjáns Þórs Júlíussonar landbúnaðarráðherra þar sem lagt er til að heimilt verði að flytja inn ófryst kjöt til landsins: „Læknafélagið dregur enga dul á áhyggjur sínar af fyrirhuguðum innflutningi og biður stjórnvöld að stíga varlega til jarðar. Hætt sé við og næsta víst að afnám frystiskyldu auki líkurnar á því að fjölónæmar og nær alónæmar bakteríur berist hingað til lands með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir lýðheilsu, menn og bústofna.“

Læknafélagið bendir á að hlutfall þessara baktería hér á landi sé með því lægsta sem þekkist og útbreiðsla þeirra víðast hvar í heiminum áhyggjuefni.

Rök Félags atvinnurekenda, eins og þau birtast fyrir því að við ættum ekki að hafa áhyggjur af auknum innflutningi á ófrosnu kjöti, eru að hingað berist sjúkdómar með ferðamönnum, Íslendingum sem ferðast erlendis og vegna bágs ástands í frárennslismálum. Vandinn sé því víða. (Ólafur Stephensen í viðtali á Hringbraut þann 16. maí 2019).

Má því skilja á Félagi atvinnurekenda að þar sem hættuna er að finna annars staðar, þá sé allt í lagi að bera hana hingað með innflutningi. Er það ábyrg afstaða Félags atvinnurekenda að líta svo á að í ljósi þess að þessi ógn sé að koma frá fleiri stöðum, þá eigum við ekki að taka ábyrga afstöðu í innflutningi á kjötvörum?! Hér finnst mér Félag atvinnurekenda minna mjög á efasemdarmenn um hnattræna hlýnun.

Það er alveg ljóst og allir eru sammála um að hættan sem fylgir fjölónæmum og alónæmum bakteríum er fyrir hendi. Þessi hætta er viðurkennd á heimsvísu. Vissulega er engin í bráðri lífshættu hér á landi, ekki frekar en vegna hnattrænnar hlýnunar, en þetta er samt sem áður viðurkennd ógn sem þarf að girða fyrir strax. Þar er innflutningur matvæla stórt atriði. Því þarf að reyna að takmarka þessa hættu eins og kostur er. Þörfin til að flytja inn valdar matvörur er fyrir hendi og í því ljósi ættum við að einbeita okkur að þeim vörum sem við, sem þjóð, eigum ekki kost á að framleiða sjálf. Um leið að standa vörð um kolefnisspor matvæla okkar. Samhliða því er eðlilegt og mikilvægt að það séu sömu kröfur gerðar til innfluttra matvæla og þeirra sem framleiddar eru hér á landi. Því ættum við að gera minni kröfur til matvæla sem fluttar eru inn frá Evrópu en til okkar eigin framleiðslu hér á landi?

Það er von FESK að hægt sé að ræða þessi mál með málefnalegum hætti og að aðilar sem að málinu koma horfi til mikilvægari og lengri tíma hagsmuna en á fjórðungsuppgjör valdra félagsmanna FA. Slík nálgun er viðskiptavinum, landsmönnum og þjóðinni til heilla.

***Sigmar Vilhjálmsson***
*Talsmaður FESK,*
*Félags eggja-, svína- og kjúklingabænda á Íslandi*

UTAN ÚR HEIMI

# Úkraínumenn taldir hafa skákað Rússum í maísútflutningi á nýliðnu markaðsári

## – Fluttu út 49,7 milljónir tonna af korni, en eru samt langt á eftir Bandaríkjamönnum sem flytja út árlega um 73 til 75 milljónir tonna

**Rússland virðist hafa misst þriggja ára samfellda forystu í útflutningi á maískorni. Í lok uppgjörstíma á kornmarkaði 30. júní sl. virðist Úkraína hafa náð forystusætinu af Rússlandi samkvæmt frétt The Moscow Times.**

Úkraínskum bændum tókst að ná inn 70 milljóna tonna uppskeru og af því voru flutt út til annarra landa 49,7 milljónir tonna. Það er mjög nærri þeim markmiðum sem stefnt var að en yfirvöld landbúnaðarmála í Úkraínu höfðu spáð 50 milljóna tonna útflutningi. Kornútflutningur frá Úkraínu jókst um 26% á milli ára. Þannig jókst útflutningur á maís um 62% eða sem nam 29,8 milljónum tonna. Hveitiútflutningur dróst hins vegar saman um 9% og endaði í 15,6 milljónum tonna. Þá féll útflutningur einnig á byggi um 18,6% og var 3,6 milljónir tonna samkvæmt opinberum gögnum.

Ekki hefur endanlega verið gefið út hvað útflutningur Rússa á korni var mikill á nýliðnu markaðsári, en talið að það hafi verið á milli 46 til 48 milljónir tonna sem er heldur minna en árið á undan.

Kornskurður (maís) í Úkraínu gekk vel í fyrra og á liðnu hausti, en útflutningur á því skiptir miklu máli fyrir gjaldeyrisöflun í landinu. Mynd / UGA

### *Komast ekki í hælfar bandarískra bænda*

Þótt þessar þjóðir séu öflugar í maísframleiðslu þá komast þær ekki með tærnar þar sem bandarískir bændur hafa hælana í þeirri grein þótt þar horfi fram á mikinn samdrátt vegna rigninga í ár. Bandaríkjamenn framleiddu rúmlega 371 milljón tonna af maískorni 2016 til 2017 og rúmlega 366 milljónir tonna 2018 til 2019. Þá hafa þeir flutt út um 20% af því eða um 73 til 75 milljónir tonna.

### *Mikilvægt fyrir gjaldeyrisöflun ríkjanna*

Kornútflutningur Rússa og Úkraínumanna skiptir miklu máli varðandi gjaldeyristekjur og hafa numið um 20 milljörðum dollara hjá hvoru ríki um sig á ári. Þá ýttu rússnesk yfirvöld líka undir aukinn útflutning með afnámi útflutningstolla fyrir þrem árum. Átti það fyrst að gilda til 1. júlí 2018, en var framlengt til 1. júlí 2019. Í lok júní tilkynntu rússnesk yfirvöld svo að núlltollar á útflutning á hveiti munu gilda áfram til 1. júlí 2021.

Rússneskir bændur hafa gert sér vonir um mikla uppskeru á þessu ári og spáð er að hún muni ná í heild 118 milljónum tonna. Þurrkar á Volgusvæðinu eru þó taldir geta dregið úr þeirri uppskeru.

Þó talið sé að Úkraínumenn hafi skákað Rússum í útflutningi á maís á nýliðnu markaðsári, þá eru Rússar mun öflugri í ræktun á hveiti og leiðandi í hveitiútflutningi á heimsvísu. Mynd / Russia Beyond

### *Rússar með háleit markmið um aukinn útflutning*

Vladimir Pútín Rússlandsforseti hefur gefið það út að vonast sé til að útflutningur á landbúnaðarafurðum tvöfaldist í verðmætum á næstu fimm árum. Hann verði þá að verðmæti 45 milljörðum dollara. Þá gaf forsetinn einnig skipun um að Rússar þróuðu framleiðslu á „grænu“ óerfðabreyttu korni fyrir heimsmarkaðinn. Hefur það fallið vel í kramið hjá hópum fólks víða um heim sem andsnúið er erfðabreyttum matvælum eða GMO.

### *Mikill vöxtur*

Rússar urðu leiðandi í hveitiútflutningi á heimsvísu árið 2016. Þá hafði hlutdeild þeirra á hveitimarkaði heimsins fjórfaldast frá árinu 2000. Þá hefur framleiðsla landbúnaðarins í Rússlandi aukist um 20% á síðustu fimm árum.

Rússar hafa stefnt markvisst að það að verða sjálfum sér nægir um framleiðslu í öllum greinum landbúnaðar. Voru þau markmið sett í kjölfar viðskiptabanns ESB og Bandaríkjanna vegna deilna um Krímskagann. Virðist Rússum hafa tekist vel upp við að uppfylla þessi markmið sín og fátt ætti að geta komið í veg fyrir að háleit markmið um útflutning nái líka fram að ganga. Það væri þá helst óviðráðanlegar breytingar á veðurfari sem gætu sett þar strik í reikninginn. */HKr.*

FERÐAÞJÓNUSTA

# Nýtt og glæsilegt 60 herbergja hótel í Heysholti í Landsveit

**Landhótel er nafn á nýju og glæsilegu hóteli í Landsveit í landi Heysholts sem var nýlega opnað. Af því tilefni var íbúum í Rangárþingi ytra boðið í opið hús 30. júní til að kynna sér starfsemina og þiggja veitingar.**

Fólk var yfir sig hrifið af hótelinu enda eitt það flottasta sem sést hefur hér á landi. Hótelið er um 4.500 fermetrar að stærð á þremur hæðum, auk kjallara. Á hótelinu eru 60 standard herbergi sem eru 23 fm og 9 superior herbergi sem eru frá 27-30 fm. Þar er veitingasalur, sem tekur 120 manns í sæti, fundarherbergi fyrir 14 manns og í haust verður tekinn í notkun 55 manna funda og viðburðasalur. Hjá hótelinu starfa 27 manns. „Viðbrögð gesta hafa verið mjög góð og er hótelið kærkomin viðbót fjögurra stjörnu hótela á Suðurlandi. Bókanir eru góðar í sumar og veturinn lítur vel út og það er orðið talsvert bókað næsta sumar,“ segir Óli Guðmundsson, hótelstjóri. Nánari upplýsingar má finna á www.landhotel.is sem er heimasíða hótelsins. */MHH*

Landhótel er fjögurra stjörnu hótel byggt úr límtré. Það er í landi Heysholts í Rangárþingi ytra. Hótelið er í eigu sex einstaklinga. Mjög góð fundaraðstaða er í hótelinu fyrir smærri og stærri fundi.

LESENDABÁS

# Dýralæknaþjónusta í dreifðum byggðum

**Nú er svo komið að dýralæknalaust er í fimm sveitarfélögum á Vestfjörðum. Í Súðavík, Ísafjarðarbæ, Bolungarvík, Tálknafjarðarhreppi og Vesturbyggð. Þessi svæði eru á þjónustusvæði 3, sem er skilgreining skv. reglugerð 846/2011 og snýr að dýralæknaþjónustu í dreifðum byggðum.**

Ofangreind reglugerð er ætlað að tryggja dýraeigendum nauðsynlega almenna dýralæknaþjónustu og bráðaþjónustu við dýr í dreifðum byggðum og byggir á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Halla Signý Kristjánsdóttir.

### *Dýravernd*

Ef að bændur og dýraeigendur eigi að halda dýravernd verða þeir að hafa aðgang að dýralækni. Frá árinu 2011 var eftirliti með dýravelferð og dýralækningum skipt upp. Dýralækningar í dreifðum byggðum hefur verð sinnt með verktakasamningum og landinu verið skipt upp í tíu svæði. Dýravelferð og eftirlit er á hendi héraðsdýralæknis. Landinu er skipt upp í 6 umdæmi þar sem héraðsdýralæknir situr í hverju fyrir sig og hefur umsjón með sínu svæði. Svæðin eru umfangsmikil t.a.m. situr héraðsdýralæknir fyrir vesturumdæmi í Borgarnesi og sinnir svæðinu frá Hvalfjarðarbotni að Hrútafirði að meðtöldum Vestfjörðum,

Það er ljóst að þjónustusamningar við dýralækna gerir vinnuumhverfi þeirra erfitt. Þeir starfa einir á stóru svæði án afleysinga allt árið um kring og gefur það augaleið að álagið er mikið. MAST hefur á liðnum vikum tvívegis auglýst eftir dýralækni til að taka við þjónustusamningi á svæði 3 en engin viðbrögð hafa verið. Segir það kannski mikið um hvernig þessir samningar eru byggðir upp. Viðlíka dæmi hefur komið upp annars staðar á landinu.

### *Endurskoða þarf kerfið*

Í þriðju grein reglugerðarinnar um dýralækningar í dreifðum byggðum segir að MAST sé heimilt að semja við dýralækna á öðrum svæðum um að sinna bráðaþjónustu á tilteknu þjónustusvæði sem ekki hefur tekist að tryggja almenna dýralæknaþjónustu. Þegar þetta var skrifað hefur það ekki verið gert og geta því dýraeigendur á svæði 3 ekki leitað til dýralæknis ef sjúkdóma eða slys ber að höndum. Þetta eru ekki ásættanlegar aðstæður enda er hér verið að brjóta lög um dýravelferð.

Héraðsdýralæknar sinna dýraeftirliti og velferð, þeim er óheimilt að sinna dýralækningum. Við erum fámenn þjóð í stóru landi, það er óþarfi að haga sér líkt og milljónaþjóð í jafn einföldu máli. Það er tímabært að skoða þessi mál heildstætt og um allt land. Dýralækningar og eftirlit með dýravelferð á að vera hægt að vinna saman, skapa þannig eftirsótt störf og ákjósanleg starfsskilyrði fyrir dýralækna að sækja í. Vinna þarf að lausn í þessum málum og tryggja þannig dýravelferð um allt land.

***Halla Signý Kristjánsdóttir***
*7. þingmaður NV- kjördæmis*

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Lely Center Ísland

KÚPLINGAR í flestar gerðir dráttarvéla
**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Úrval rakstravéla og sláttuvéla frá SaMASZ

Samasz diskasláttuvélar KDT260
Vinnslubreidd: 2,6 metrar **Kr. 975.000.- án vsk**
Samasz diskasláttuvélar KDT300
Vinnslubreidd: 3 metrar **Kr. 990.000.- án vsk**
Samasz diskasláttuvélar KDT340
Vinnslubreidd: 3,4 metrar **Kr. 1.090.000.- án vsk**

Samasz rakstravélar
UNO470
Vinnslubreidd: 4,7 metrar dragtengd
**1.190.000.- án vsk**

Samasz framsláttuvél
KDF340 Vinnslubreidd: 3,4 metrar
**Kr. 1.582.000.- án vsk**
KDF341S með knosara
Vinnslubreidd: 3,4 metrar
**Kr. 1.990.000.- án vsk**

Samasz rakstravél Z-780
Vinnslubreidd: 7,8 metrar **Kr. 2.390.000.- án vsk**
Samasz rakstravél Z2-840
Vinnslubreidd: 8,4 metrar **Kr. 2.790.000.- án vsk**

Samasz diskasláttuvél XT390
Vinnslubreidd: 3,9 metrar
**Kr. 1.880.000.- án vsk**

Samasz tromlusláttuvélar
Vinnslubreidd: 1,65 metrar
**Kr. 369.000.- án vsk**
Vinnslubreidd: 1,65 metrar
m/glussatjakk **Kr. 395.000.- án vsk**
Vinnslubreidd: 1,85 metrar
m/glussatjakk **Kr. 490.000.- án vsk**

Samasz diskasláttuvél KT341
Vinnslubreidd: 3,4 metrar
Miðjuhangandi **Kr. 1.570.000.- án vsk**
KT301S Vinnslubreidd 3,0 metrar,
með knosara **Kr. 1.780.000.- án vsk**

Búvís
Sími 465 1332
www.buvis.is

**Heimsmet í slætti**
SaMASZ **sló 96,2 hektara á 8 tímum**

VÉLABÁSINN

# Benz Vito 119, fjórhjóladrifinn og með 190 hestafla vél

Benz Vito 119 4X4. Myndir / HLJ

**Hjörtur L. Jónsson**
liklegur@internet.is

**Aðalvinna mín felst í að keyra lítinn sendibíl sem er orðinn frekar þreyttur og þarfnast endurnýjunar. Til að bera saman núverandi vinnubíl og nýjan sambærilegan bíl hef ég verið í hjáverkum og frítímum að skoða ýmsa sambærilega bíla.**

Hjá stórum fyrirtækjum eru þeir sem vinna á bílum sjaldnast spurðir um hvernig bíll skal keyptur. Úrvalið er mikið af smærri sendibílum, en fyrir skemmstu prófaði ég bíl frá Benz sem skorar ansi hátt í flokki smærri sendibíla.

### *Ótvíræður kostur að líða vel í vinnunni*

Benz Vito 119 KA-E 4Matic er fjórhjóladrifinn, með sjö þrepa sjálfskiptingu og 190 hestafla eyðslulitla dísilvél. Að keyra bílinn er hreinn unaður. Sem dæmi þá prófa ég sjaldnast bíla meira en rúma 100-150 km, en þessi bíll var svo skemmtilegur að ég endaði í nálægt 250 km.

Ég hef vandamál sem er að hægra hné mitt er byrjað að gefa sig og því skiptir miklu máli fyrir mig að sæti sé gott og að í bíl sé hraðastillir fyrir lengri ferðir. Í þessum bíl er ökumannssætið sérstaklega gott, hægt að stilla það á marga vegu og fyrir bakið er stuðningspúði sem hægt er að hækka og lækka helsti kostur sætisins. Ég fann mikinn mun á þessu sæti og í núverandi vinnubíl sem er orðinn óttalegur „ruggustóll“ og kvelur hægra hnéð óbærilega í lengri ökuferðum.

### *Kraftmiklar vélar eyða oft mun minna eldsneyti en þær smærri*

Í auglýsingabæklingum er almennt gefin upp meðaleyðsla á bílum og ef vélarnar eru litlar getur reynst erfitt að nálgast uppgefna eyðslu. Hins vegar ef vélar eru kraftmiklar þá reynist oftast auðveldara að nálgast uppgefna eyðslu því billinn er einfaldlega ekki að erfiða vegna hleðslu eða aksturslags. Í Benz Vito er alltaf nægur kraftur. Það er því svolítið öfugmælakennt að fjórhjóladrifinn bíll sé að eyða nærri helmingi minna eldsneyti en bíll sem er bara með drif á einum öxli. Alla vega sýndi aksturstölvan að eftir tæplega 250 km akstur var ég að eyða 7,2 lítrum á hundraðið. Á vinnubílnum er ég oftast yfir 10 lítrum á hundraðið.

### *Aðgengi að rafmagni gott*

Í vinnubílnum þarf ég oft að komast í rafgeyminn til að tengja ýmis aukatæki sem notuð eru og jafnvel að gefa start, því finnst mér það ekki spennandi að þurfa að rífa hálfan bílinn í sundur til þess eins að gefa start. Í Benz Vito er rafgeymirinn undir farþegasætinu og nokkuð auðvelt að komast að honum þar, einnig er aðgengi að rafgeyminum úr vinnurýminu, með því að losa eina plötu þá er maður kominn með aðgengi beint að rafmagni.

### *Prufuaksturinn við ýmsar aðstæður*

Næstum alla bíla sem ég prófa hávaðamæli ég í akstrinum, en að bera saman sendibíl og hefðbundna fólksbíla er óréttlátt þar sem að flestir vinnubílar koma á burðardekkjum sem eru almennt harðari. Þau gefa meira veghljóð, því mældist þessi bíll frekar í hærri kantinum með hávaða á 90 km hraða á bilinu 70,8 til 74,4 db. Á malarvegum heyrist lítið malarvegahljóð miðað við marga bíla, en fjórhjóladrifið heldur bílnum mun stöðugri í akstri á lausum malarvegum. Hins vegar var spólvörnin að koma fulloft inn hjá mér sökum þess hvað malarvegurinn var þurr, laus og billinn á móti kraftmikill. Á malbiki leið billinn áfram og ágætt að keyra hann þrátt fyrir hörð burðardekkin sem undir bílnum voru.

Ökumannssætin í atvinnubílum frá Benz eru alltaf að verða betri og betri.

Veghljóð í hörðum burðardekkjunum var í hærri kantinum.

Gott aðgengi er í farangursrýminu og 10 krókar til að festa hluti í gólfinu.

Til að vera löglegur í umferðinni er best að hafa þennann takka alltaf svona stilltan, helst líma hann fastan svona.

Gott aðgengi er í rafgeyminn undir farþegasætinu.

### *Hægt að fá Benz Vito í ótal útgáfum með eða án aukabúnaðar*

Ekki er óalgengt að sjá stóra 8 manna leigubíla af gerðinni Benz Vito, svo er hægt að minnka farangursrýmið og setja sæti fyrir þrjá fyrir aftan ökumann á kostnað farangursrýmisins. Einnig er hægt að fá Vito án fjórhjóladrifs. Allt eftir þörfum hvers og eins, afgreiðslufrestur á sérpöntun er ekki langur í atvinnubíladeild Öskju.

Baksýnisspeglarnir mættu vera stærri.

| Helstu mál og upplýsingar | |
|---|---|
| Lengd | 5.370mm |
| Hæð | 1.910 mm |
| Breidd | 1.928 mm |

Grunnverð á Vito fer algjörlega eftir útbúnaði, billinn sem var prófaður var óskabíll fyrir mínar þarfir fyrir utan að hann hefði mátt vera með aðeins betri baksýnisspegla, en í honum var bakkmyndavél sem á að vega upp á móti litlum speglum.

Verðið á þessum prófaða bíl er 8.667.600 kr. með VSK (6.990.000 án VSK). Í honum er fullbúið varadekk, blindhornsvari, og að öllu leyti draumavinnubíll fyrir þá vinnu sem ég vinn. Nú er bara að fara að gráta í yfirmanninum um að svona bíll verði næsti bíll sem keyptur verði fyrir Vegaaðstoð N1.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

# Umferðin og hætturnar sem henni fylgja

**Hjörtur L. Jónsson**
liklegur@internet.is

**Nú er sá tími sem oft er nefndur „háannatími í ferðamennsku“, umferðin að ná mestum þunga ársins á þjóðvegum landsins. Allar tegundir bíla með allar hugsanlegar tegundir aftaní-vagna í eftirdragi um land allt. Meira að segja hefur sést til dráttarvélar á erlendu númeri með „svefnaðstöðu í eftirdragi“.**

Miðað við slæmt ástand vega um allt land og mikla umferð hafa banaslysin í umferðinni í ár verið fá, en samt of mörg. Fyrir nokkrum árum heyrði ég viðtal við mann sem var að tjá sig um umferðarslys og sagði þá að þetta væri betra en áður því banaslysin væru færri. Það á náttúrlega aldrei að sætta sig við að slys séu fá, það er ásættanlegt að slys séu engin og að ekkert banaslys verði í umferðinni á heilu ári.

### *Allir verða að hjálpast að í að gera umferðina öruggari*

Til að ná 0 markmiði í slysum á ári þurfa allir að hjálpast að. Fyrst þurfa menn að huga að sjálfum sér og skoða sjálfan sig í þeirri hugsun.

Hvað get ég gert til að auka öryggi mitt og annarra? Það er almennt ótal margt sem maður getur gert, en fyrst og fremst þarf maður að fara að hugsa um sjálfan sig, bæta hugsun og hegðun. Fyrir sjálfan mig þá hefur mér reynst erfitt að halda mig á löglegum hraða, en það jákvæða er að ég er hægt, ofurhægt, að skána (ekki komin nein hraðasekt það sem af er ári).

Farsíminn reynist alltof mörgum erfiður, sennilega eru mun fleiri slys orsök símans en skrár ná yfir, en lítið tæki í eyrað (handfrjáls búnaður) kostar innan við helming sektarinnar við að tala í símann óhandfrjálst. Það var frekar neyðarleg myndbandsbirtingin hjá einu traktorsumboðinu sem setti á veraldarvefinn myndband af nýjum traktor aka í burtu af planinu hjá þeim fyrir skemmstu með ökumanninn talandi í símann allan tímann, spurning hvort þeir ættu ekki að láta handfrjálsan búnað fylgja með næstu nýrri vél svo þetta komi ekki fyrir aftur.

Svona dekk er oft nefnt tímasprengja, enginn veit hvenær þetta brestur og þá er eins gott að vera ekki nálægt.

Vel unnið verk og viðhald, þessi heimasmíðaði vagn er til fyrirmyndar í alla staði.

### *Aftanívagnar og önnur viðhengi*

Nú er sá tími að margir eru að keyra fé á fjall og sleppa á meðan aðrir eru að keyra heim heyfeng sinn og rúllur á öllum tegundum af vögnum. Oft þarf að keyra með þessa vagna og kerrur í almennri umferð og oftar en ekki eru það dráttarvélar sem eru að draga vagnana.

Það er frekar aulalegt að vera með ljóslausan vagn á þjóðvegi í umferðinni eins miskunnarlausri og hún er í dag. Sjálfur hef ég komið að slysi þar sem dráttarvél sem var að beygja heim að bæ og gaf ekki stefnumerki vegna þess að engin ljós voru á vagninum í þann mund er flutningabíll ætlaði að taka fram úr vagni og vél. Tjónið var mikið, dráttarvélin og vagninn á hliðinni, og þó að flutningabíllinn hafi staðið á hjólunum var hann mikið skemmdur, allt út af því að ekki voru ljós og stefnuljós á vagninum.

### *Ljós, bremsubúnaður og hjólbarðar vagna of oft ekki í lagi*

Oft sjást heimasmíðaðir fjár- og rúlluvagnar sem smíðaðir eru úr gamalli vörubílagrind. Of oft eru bremsur, dekk og ljós á þessum vögnum í ólagi og eiga hvergi að sjást í svoleiðis ástandi á vegum úti. Gömul fúin vörubíladekk sem oft eru undir vögnum eru það sem hjólbarðaviðgerðarmenn kalla „tímasprengjur“. Mikið trosnuð dekk og með sprungum í gúmmíi á hliðum, geta sprungið með gífurlegum krafti og eru þá stórhættuleg öllum, bæði dýrum og mönnum, í allt að 10 metra fjarlægð. Krafturinn í loftþrýstingnum er svo mikill að dekkjatægjurnar geta skotist tugi metra þegar dekk springur. Gamall bremsubúnaður í gömlum vörubílagrindum vill oft ryðga fastur og því er nauðsynlegt að fara vel yfir bremsubúnað þegar á að nota svona vagna. Gott að prófa að nauðhemla með vagninn tóman á malarplani til að sjá bremsuvirknina. Ljós og endurskin verða að vera í lagi gagnvart öðrum í umferðinni.

### *Reglur um vagna og kerrur ekki öllum ljós*

Um tjaldvagna, hjólhýsi og annað á hjólum sem hengt er aftan í ökutæki gilda reglur sem ekki eru öllum ljósar og margir hafa ekki hugmynd um.

Aldrei má draga þyngri kerru á 50 mm kúlu en 3.500 kg samanlagðan þunga kerru og farms. Ef kerra er þyngri en 750 kg verður að vera bremsubúnaður á kerrunni. Allir vagnar og kerrur sem eru með númeraplötu má draga á 80 km hraða. Hins vegar má aldrei draga hraðar en á 60 km hraða kerrur og vagna sem ekki eru með númeraplötu (óskráðir vagnar og kerrur). Sem dæmi virðast fæstir rútubílstjórar á smárútum vita að þeir mega ekki fara yfir 60 kílómetra á klukkustund með óskráðar kerrur sem oft eru notaðar undir farangur farþeganna. Oft má sjá smárútur með svona farangurskerrur á allt að 100 km hraða á þjóðvegum landsins. Dæmi er t.d. um rútu sem mæld var á 99 km hraða með óskráða kerru aftan í bílnum, eða 39 km yfir hámarkshraða. Ökumaður rútu sem staðinn er að slíku þarf að borga 20% ofan á venjulega sekt fyrir slíkt athæfi.




# KROSSGÁTA Bændablaðsins

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 110 | SKÓLA-MEISTARI | FRÍ | HANGSA | SAMTÖK | | MJÖG | SARG | DUNDA | YFIRRÁÐ | GLÓÐA |
| SÓL-HRINGUR | | | | | | | | | | |
| FUGL | | | | | UPPHEFÐ / KVEÐJA | | | | | |
| KJAFI | | | | HAND-LAGINN / FRODA | | | | | | |
| ILLFÆR | | | | | | | FUM / SKRÁNING | | | |
| | | ÞARMAR | TVEIR EINS | HÆRRA / ÞANGAÐ TIL | | | | KRINGUM | LOKKA | | | |
| GEIGUR | | | | | | LEYFI | FLÓN / RYSKINGAR | | | | KULNA | FISKA | TVEIR EINS |
| SAGA | | | | | FYRSTUR / BRJÁL | | | | | ÍLÁT / ÁTT | | | |
| GJALD-MIÐILL | | | FERÐ / BAUKA | | | | | | SÆTI / FRÁ-DRÁTTUR | | | | |
| SÁR | | | | FESTING / VESKI | | | | JAPLA / MATAR-ÍLÁT | | | | | ANGAR |
| | | UTANHÚSS / LABB | | | | MÁNUÐUR | | | | ÓNEFNDUR / Á FÆTI | | LÚKA | |
| SÝNI | | | | | | HÓFDÝR / LYKT | | | | | EINKAR / MJAKA | | |
| DJÖFSI | | | | | | | GUSTA / TVÍHLJÓÐI | | | | | HLJÓM / RÁS | |
| ÚTUNGUN | | | | | ÓBUNDINN | | | | | BÆLA NIÐUR | | | |
| SRÍÐNI | | | VESÆLL | | | | | | PÁPI | | | | |

HÖFUNDUR BRAGI HALLDÓRSSON • WWW.KROSSGATUR.GATUR.NET

## Lausn á krossgátu í síðasta blaði

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 109 | SKEINA | DANS | SNÚA HEYI | SPRIKL | NYTSEMI | | HALLANDI | MÁLMUR | ÓSLÉTTUR | SÖNGLA |
| FÓTA-BÚNAÐUR | S | T | R | I | G | A | S | K | Ó | R |
| SÖGULJÓÐ | K | V | I | Ð | A | RÚM / HANGA | K | O | J | A |
| BEIN | R | I | F | GÓNA / ALDIN | G | L | Á | P | A | U |
| ANDLIT / SÆLA | Á | S | J | Ó | N | A | KRAFTUR / ÓRÓLEG | A | F | L |
| | ↓ | HÓFDÝR | AFSPURN / LISTA-MAÐUR | U | M | T | A | L | OFRA / TVEIR EINS | F | Ó | R | N | A |
| HARMA | S | A | K | N | A | SKAR | ÁHRIFA-VALD / FÍFLAST | Í | T | A | K | RAKI | NÖLDRA | SRÍÐNI |
| SÓT | Ö | S | K | U | FJÓTUR / MATJURT | H | A | F | T | HLEYPA / ÞÖGN | Y | S | T | A |
| ÓNEFNDUR | N | N | KROPPA / SETTU | N | A | R | T | A | GÁTA / ÍHUGA | Þ | R | A | U | T |
| SKARÐ | G | I | L | EYÐA / NARSL | S | Ó | A | URMULL / BIRGJA | M | E | R | G | Đ | TÍTLA |
| | S | TRÉ / GLOPPU | Ö | S | P | VAN-ÞÖKNUN | S | V | E | I | HOLA / TÚN | G | A | T |
| FARNAST | V | E | G | N | A | AÐ / EFNI | T | I | L | Í RÖÐ | H | I | ÞRÁ | I |
| RÝRNA | E | Y | Đ | A | S | T | BÁS / Í RÖÐ | S | T | Í | A | HRÖP / SVELL | Ó | P |
| INNYFLI | I | Đ | U | R | NABBI | A | R | T | A | FANGI | G | Í | S | L |
| Í RÖÐ | T | U | FRJÁLSA | L | A | U | S | A | VEIÐA | F | I | S | K | A |

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

Bændablaðið
kemur næst út 25. júlí
Smáauglýsingar 56-30-300

## LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

**Sara María og Gestur Már tóku við búi af foreldrum Söru, Valgerði og Ásgeiri, síðastliðinn vetur.**

**Býli:** Hóll.

**Staðsett í sveit:** Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði.

**Ábúendur:** Sara María Ásgeirsdóttir og Gestur Már Þorsteinsson.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Valgarður Ásgeir, sonur okkar. Hundurinn Kubbur og kettirnir Snúður, Grettir og Lína.

**Stærð jarðar?** Um 400 ha.

**Gerð bús?** Sauðfjárbú og nokkur hross.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** 225 ær á vetrarfóðrun.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Á veturna er fyrsta og síðasta verk dagsins að gefa ánum. Þess á milli sinnir maður tilfallandi verkefnum.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Skemmtilegast er í sauðburði, í heyskap og í fjárragi á haustin og leiðinlegast að moka skít.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Áframhaldandi sauðfjárbúskapur með smá fjölgun, nokkur hross í ræktun og kjötframleiðslu.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Mikilvægt að hafa öflug félagsmál í kringum stéttina til að efla samheldni og samstöðu.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Vel, neytandinn verður ánægðari þegar rekjanleikinn verður meiri.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Halda vörunum hreinum og í góðum gæðum til að skapa eftirspurn og passa svo að selja aldrei of mikið út.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Mjólk, ostur, smjör og kók.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Grillað lamb og folald.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Ekkert sérstakt sem stendur upp úr eftir stutta búskaparsögu en fyrsta árið okkar í búskap verður eflaust eftirminnilegt allt í heild.

## MATARKRÓKURINN

# Nýting sumaruppskerunnar

**Bjarni Gunnar Kristinsson**
Matreiðslumeistari

**Nú er runninn upp uppskerutími á ýmsu útiræktuðu grænmeti og því um að gera að nýta ferska uppskeruna og geyma það sem ekki er hægt að borða ferskt. Talsvert berst líka í verslanir á þessum tíma frá grænmetisbændum og því tilvalið að safna uppskriftum með íslensku grænmeti, berjum og kartöflunum, svo eitthvað sé nefnt.**

Uppskeran er bundin við skamman tíma ársins en hægt er að frysta flest umfram það sem ekki nýtist ferskt og gera úr því til að mynda mauk og súpur. Þetta er topphráefni sem gott er að eiga aðgengilegt í frystinum.

### Ofnbakað blómkál

- 1 blómkálshaus skorinn í minni knippi
- 20 ml hvítvínsedik
- rifinn parmesanostur
- 10 g salt
- 50 g sykur
- 100 g smjör
- 2 l vatn
- 100 g kjúklingabaunahveiti (grammhveiti)

Sjóðið rólega blómkálið í vatni, ediki, salti og sykri í 10 mín.

Setið blómkálið í ofnskúffu með smjöri og stráið parmesanosti yfir.

Bakið í 10–15 mínútur við 200 gráður á smjörpapppír.

Það er líka hægt að velta blómkálinu upp úr kjúklingbaunahveiti hrærðu í smá vatni og gera þannig hjúp fyrir það.

Berið fram með sýrðum rjóma til að dýfa í.

### Brokkolímús og kínóafræ

- 100 g brokkolí eða annað grænmeti
- 200 ml mjólk
- 50 ml rjómi
- salt og pipar
- 100 g (soðið kínóa) eftir leiðbeiningum á pakka

Skerið grænmetið í bita og sjóðið þar til það er orðið vel meyrt (takið frá hluta fyrir skraut). Setjið grænmeti, mjólk og rjóma í matvinnsluvél eða notið töfrasprota og maukið vel. Kryddið til með salti og pipar eftir smekk.

Það má nota vatn í staðinn fyrir mjólk og ef það er ekki til rjómi getum við notað ögn af smjöri. Það má nota annað grænmeti eins og steinseljurót eða rófur.

Svo er gott að framreiða með soðnu kínóafræi og grilluðu brokkólí sem salat eða sem grænmetisréttur.

### Gúrkusalat

- 1 agúrka (skræld)
- 1 laukur
- 1 dós sýrður rjómi
- safi úr einni sítrónu

Skerið agúrkuna í teninga, finsaxið laukinn og hrærið öllum hráefnunum saman í skál.

Gott er að setja ferskt dill eða kryddjurtir saman við og er fullkomið með nýjum kartöflum, smjöri og kjötbollum.

### Heimalagaðar lúxus kjötbollur

- 800 g gott nautahakk
- 2 hvítlauksrif
- 1 paprika
- 200 ml rjómi
- vatn
- olía
- kraftur
- salt og pipar

Saxið papriku og hvítlauksrif og blandið vel saman við hakkið. Mótið bollur úr hakkinu og kryddið með salti og pipar. Brúnið bollurnar báðum megin á pönnu, setjið hálfan bolla af vatni út á pönnuna og látið suðuna koma upp. Setjið kjötkraft út í soðið og látið sjóða í 10 mínútur eða þar til vatnið er að mestu gufað upp. Bætið rjóma út á pönnuna og sjóðið þar til sósan hefur þykknað aðeins. Berið fram með kartöflum og salati.

### Bóndadóttir með berjablœju

- 200 g rúgbrauð
- 60 g súkkulaði
- 250 ml rjómi
- 60 g berjasulta (eða eplamauk eins og var gert upprunalega) og ber til skrauts
- 75 g sykur
- 75 g smjör

